



# **MS ritgerð** **Mannauðsstjórnun**

## **Lítið þokast enn í samkomulagsátt – beðið eftir ríkisstjórninni**

Þróun samráðs við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði

Edda Björk Arnardóttir

Leiðbeinandi: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

Viðskiptafræðideild



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Febrúar 2014

**Lítið þokast enn í samkomulagsátt –  
beðið eftir ríkisstjórninni**

*Þróun samráðs við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði*

Edda Björk Arnardóttir

Lokaverkefni til MS-gráðu í viðskiptafræði

Leiðbeinandi: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2014

Lítið þokast enn í samkomulagsátt – beðið eftir ríkisstjórninni  
*Þróun samráðs við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði*

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MS prófs við  
Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

© 2014 Edda Björk Arnardóttir  
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent  
Reykjavík, 2014

## Formáli

Ritgerðin er 30 eininga (ECTS) lokaverkefni í meistaranámi í mannauðsstjórnun við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Leiðbeinanda mínum, Gylfa Dalmann Aðalsteinssyni dósent, færi ég mínar bestu þakkir fyrir leiðsögn, hvatningu og stuðning við verkefnið allt.

Margir eiga þakkir skildar fyrir stuðning og hvatningu. Þar vil ég sérstaklega þakka eiginmanni mínum, Guðmundi Jóhanni Olgeirssyni, fyrir alla hans þolinmæði og stuðning og fyrir það að gera mér kleift að helga mig alfarið verkefninu. Föður mínum, Erni Bjarnasyni, þakka ég yfirlestur, hvatningu og ómetanlegan stuðning. Fjölskyldu og vinum sem veittu mér margvíslega aðstoð færi ég mínar bestu þakkir.

Reykjavík 6. janúar 2014

Edda Björk Arnardóttir

## Útdráttur

Viðfangsefni ritgerðar þessarar er að fjalla um aðkomu ríkisstjórna að gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði á árunum 1964 - 2013. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða hver þróun samráðs við kjarasamningagerðina á almennum vinnumarkaði hefur verið á þessu 50 ára tímabili. Til þess að leita svara við rannsóknarspurningunni voru skoðaðar þær yfirlýsingar sem ríkisstjórnir hafa lagt fram í því augnamiði að greiða fyrir kjarasamningagerðinni.

Rannsóknarspurningin sem leitað er svara við er eftirfarandi: *Hver hefur þróun samráðs við kjarasamningagerð á almennum vinnumarkaði verið tímabilið 1964 - 2013?*

Í rannsókninni voru greindar yfirlýsingar ríkisstjórna við gerð kjarasamninga og endurskoðun þeirra. Rannsóknin nær einungis til yfirlýsinga sem lagðar hafa verið fram við kjarasamningagerð á almennum vinnumarkaði. Yfirlýsingarnar var hægt að nálgast í skýrslum Verslunarmannafélags Reykjavíkur (VR) og í skýrslum forseta Alþýðusambands Íslands (ASÍ) fyrir rannsóknartímabilið.

Við rannsóknina var notuð greining fyrirliggjandi gagna (e. *content analysis*) sem voru skriflegar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar fengnar úr skýrslum VR og ASÍ.

Niðurstöður benda til að skipta megi rannsóknartímabilinu í þrennt. Á árunum 1964 - 1976 verður samráð til og aðilar eru að stíga sín fyrstu skref. Áherslan er á fáa en mikilvæga málaflokka sem skipta heildina miklu máli en þar má sem dæmi nefna húsnæðismálin. Á árunum 1977 - 1996 festir samráðið sig í sessi og á þessum árum er lagður grunnur að þjóðarsátt. Tímabilið einkennist meðal annars af því að ítrekað er gripið inn í kjarasamningagerðina en gildistími samninga lengist einnig á þessum árum. Á árunum 1997 - 2013 er komin á hefð á samráðið, gildistími kjarasamninga lengist auk þess sem yfirlýsingarnar verða almennt umfangsmeiri og ýtarlegri.

Titill ritgerðarinnar er fenginn úr frétt sem birtist í vikuritinu Frjálsri þjóð 3. júní 1965 þar sem fjallað var um stöðuna í samningamálunum. Fyrirsögnin er lýsandi fyrir það viðhorf og væntingar sem gerðar eru til ríkisstjórna um að þær liði fyrir kjarasamningagerðinni með yfirlýsingum sínum.

## Abstract

The purpose of this thesis is to discuss the participation of governments in negotiations between the associations of unions and employer associations in the generic labour market 1964 - 2013. The aim was to analyse the development of trilateral negotiations of collective wage agreements during these 50 years. To seek answers to the thesis question declarations from the governments have put forward to the purpose of facilitating the agreements.

The thesis question is as follows: What has been the development of the tripartite cooperation between the authorities and the social partners 1964 - 2013?

In the research the declarations of governments in conjunction with collective wage agreements and their revisions were analysed using content analysis. The research only includes declarations pertaining to collective wage agreements in the generic labour market. The declarations were in reports from VR (the commercial and office workers' union) and reports from the president of ASÍ (confederation of trade unions in Iceland in the private sector and part of the public sector) for the research period.

Conclusions indicate that the research period can be divided in three distinct periods. 1964 - 1976 sees first trilateral negotiations of collective wage agreements and parties take the first steps. Emphasis is on few but important subjects that are of importance to the vast majority e.g. housing issues. The tripartite cooperation becomes established 1977 - 1996 and during this period the concept of the social contract is coined. The period is characterized by frequent government interventions to the collective wage agreements but the contract periods become longer. Trilateral negotiations of collective wage agreements become established 1997 - 2013, contract periods become longer and declarations grow in scope and depth.

The title of this paper *Slowly moving towards an agreement – waiting for the government* is from a front page article in the weekly *Frjáls þjóð* on June 3, 1965. The heading is descriptive for the attitude and expectations towards the governments that they facilitate the negotiations with their declarations.

## Efnisyfirlit

<b>Töfluskra</b> .....	<b>9</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>10</b>
<b>2 Fræðileg umfjöllun – Samskipti á vinnumarkaði</b> .....	<b>11</b>
2.1 Íslenskur vinnumarkaður .....	11
2.1.1 Íslensk verkalýðshreyfing .....	11
2.1.2 Stéttarfélög og hlutverk .....	12
2.1.3 Heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins - almennur vinnumarkaður .....	13
2.1.4 Vinnulöggjöfin .....	14
2.1.5 Kjarasamningar .....	15
2.1.5.1 Efni kjarasamninga .....	16
2.1.5.2 Mismunandi gerðir kjarasamninga .....	17
2.1.6 Verklag við kjarasamningagerð í þríhliða samstarfi .....	17
2.1.7 Norræna samningslíkanið .....	18
2.2 Vinnumarkaðsfræði .....	20
2.2.1 Þrjár nálganir vinnumarkaðsfræðanna .....	22
2.2.2 Samráðskerfi .....	22
2.2.3 Hlutverk stjórnvalda .....	25
2.2.4 Stéttarfélög .....	27
2.2.5 Samningaviðræður aðila vinnumarkaðarins .....	28
2.2.6 Miðstýrð og valddreifð kjarasamningagerð .....	29
<b>3 Íslenskar rannsóknir</b> .....	<b>31</b>
<b>4 Aðferðafræði</b> .....	<b>33</b>
4.1 Rannsóknaraðferð .....	33
4.2 Framkvæmd rannsóknarinnar .....	34
4.3 Rannsakandinn .....	34
4.4 Takmarkanir á rannsókninni .....	34
4.5 Vandamál við greiningu .....	34
<b>5 Greining yfirlýsinga ríkisstjórna tímabilið 1964 - 2013</b> .....	<b>35</b>
5.1 Tímabilið 1964 - 1976 – Samráð verður til .....	36
5.1.1 Efnisflokkar yfirlýsinga 1964 - 1976 .....	38
5.1.2 Atvinnumál .....	38
5.1.3 Skattamál .....	38
5.1.4 Lífeyrismál .....	38

5.1.5	Verðlags- og efnahagsmál .....	39
5.1.6	Húsnæðismál .....	39
5.1.7	Almannatryggingar .....	40
5.1.8	Annað .....	40
5.2	Tímabilið 1977-1996 – Samráð festir sig í sessi .....	40
5.2.1	Efnisflokkar yfirlýsinga 1977 - 1996 .....	44
5.2.2	Atvinnumál .....	44
5.2.3	Skattamál.....	46
5.2.4	Lífeyrismál .....	48
5.2.5	Verðlags- og efnahagsmál .....	49
5.2.6	Húsnæðismál .....	51
5.2.7	Menntamál .....	52
5.2.8	Almannatryggingar .....	52
5.2.9	Annað .....	53
5.3	Tímabilið 1997 - 2013 – Hefð komin á samráð .....	55
5.3.1	Efnisflokkar yfirlýsinga 1997 - 2013 .....	57
5.3.2	Atvinnumál .....	58
5.3.3	Skattamál.....	60
5.3.4	Lífeyrismál .....	62
5.3.5	Verðlags- og efnahagsmál .....	63
5.3.6	Húsnæðismál .....	64
5.3.7	Menntamál .....	65
5.3.8	Almannatryggingar .....	66
5.3.9	Annað .....	66
<b>6</b>	<b>Umræða og lokaorð.....</b>	<b>67</b>
6.1	Samskipti aðila á vinnumarkaði .....	67
6.2	Samráð á vinnumarkaði .....	67
6.3	Kjarasamningagerð og hlutverk stjórnvalda .....	68
6.4	Tímabilið 1964 - 1976.....	69
6.5	Tímabilið 1977 - 1996.....	70
6.6	Tímabilið 1997 - 2013.....	72
6.7	Meginatriði yfirlýsinganna .....	73
6.8	Að lokum .....	77
	<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>79</b>



## Töfluskra

Tafla 1: Aðalkjarasamningar og endurskoðanir samninga 1964 - 2013 .....	35
Tafla 2 : Yfirlýsingar og skipting eftir efnisflokkum.....	38
Tafla 3: Yfirlýsingar og skipting eftir efnisflokkum .....	44
Tafla 4: Yfirlýsingar og skipting eftir efnisflokkum .....	57
Tafla 5: Yfirlýsingar ríkisstjórna við gerð kjarasamninga 1964 – 2013 .....	73

## 1 Inngangur

Viðfangsefni ritgerðar þessarar er aðkoma ríkisstjórna að gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði á árunum 1964 - 2013. Tilgangurinn var að skoða hvernig þróunin hefur verið á þessu 50 ára tímabili. Í rannsókninni voru greindar yfirlýsingar ríkisstjórna við gerð kjarasamninga og endurskoðun þeirra. Rannsóknin nær einungis til yfirlýsinga ríkisstjórna við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

Rannsakandi nálgast yfirlýsingarnar í skýrslum Verslunarmannafélags Reykjavíkur (VR) og í skýrslum forseta Alþýðusambands Íslands (ASÍ). Skýrslur forseta ASÍ voru skoðaðar fyrir árin 1964 - 1972, skýrslur VR voru skoðaðar frá árunum 1972 - 1999 og skýrslur forseta ASÍ fyrir árin 2000 - 2013 voru einnig rýndar.

Í þessari rannsókn er eingöngu notast við greiningu á fyrirliggjandi gögnum (e. *content analysis*).

Með rannsókn þessari var ætlunin að svara rannsóknarspurningunni: *Hver hefur þróun samráðs við kjarasamningagerð á almennum vinnumarkaði verið tímabilið 1964 - 2013?*

Titill ritgerðarinnar er fenginn úr frétt sem birtist í pólitíska vikuritinu Frjálsri þjóð 3. júní 1965 þar sem fjallað er um stöðuna í samningamálunum. Fyrirsögnin er lýsandi fyrir það viðhorf og væntingar sem gerðar hafa verið til ríkisstjórna um að þær liðki fyrir kjarasamningagerðinni með yfirlýsingum sínum.

Rannsóknarskýrslan skiptist í sex kafla. Í inngangskafli er vikið að viðfangsefni ritgerðarinnar, rannsóknarspurningu og rannsóknaraðferð. Í öðrum kafla er fræðileg umfjöllun um viðfangsefnið. Þar koma fram kenningar og hugmyndafræði sem rannsóknin byggir á. Kaflinn skiptist í tvo undirkafla þar sem annars vegar er fjallað um íslenskan vinnumarkað og hins vegar um vinnumarkaðsfræðin. Í þriðja kafla er fjallað um íslenskar rannsóknir sem gerðar hafa verið á kjarasamningum. Fjórði kaflinn fjallar um þá rannsóknaraðferð sem notuð er við rannsóknina, framkvæmd hennar og takmarkanir. Í fimmta kaflanum er efninu skipt niður á þrjú tímabil og þar er greiningu yfirlýsinganna gerð skil. Í sjötta kaflanum eru niðurstöður rannsóknarinnar settar fram svo og umræður og lokaorð.

## **2 Fræðileg umfjöllun – Samskipti á vinnumarkaði**

### **2.1 Íslenskur vinnumarkaður**

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Eiríkur Hilmarsson (2009) draga upp mynd af íslenskum vinnumarkaði. Þeir benda á að sérstaða hans birtist meðal annars í smæðinni og því hve einsleitur hann er. Stéttarfélag eru mörg og stéttarfélagsaðild há, menntunarstig er lágt, vinnutími oft langur og verkföll hafa verið tíð hjá opinberum starfsmönnum. Opinberi vinnumarkaðurinn er tiltölulega stór, sem meðal annars skýrist af umfangsmiklu velferðarkerfi, sem rekið er af ríki og sveitarfélögum.

Á vefsíðu Þjóðskrár Íslands er að finna eftirfarandi skilgreiningu á íslenskum vinnumarkaði: „Vinnumarkaðurinn er vettvangur atvinnurekenda og launafólks. Leikreglur hans eru settar í lögum og kjarasamningum sem segja til um gagnkvæmar skyldur vinnuveitenda og starfsmanna.“ Hefð er fyrir því að skipta vinnumarkaðnum í almennan og opinberan vinnumarkað. Á almennum markaði eru fyrirtæki í eigu einkaaðila og hlutafélög, en stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga starfa á opinberum markaði. Málefni vinnumarkaðarins eru nú í höndum velferðarráðuneytis (Þjóðskrár Íslands, e.d.-a). Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru um mitt ár 2013 um 175.500 starfandi á vinnumarkaði og atvinnuleysi á landinu var 6,8% (Hagstofa Íslands, e.d.).

#### **2.1.1 Íslensk verkalýðshreyfing**

Fyrstu íslensku verkalýðsfélögin voru stofnuð undir lok 19. aldar. Forystumenn verkalýðshreyfingarinnar leituðu fyrirmýnda í Danmörku en eftir aldamótin 1900 beindust sjónir hennar einnig að Noregi. Algengast var að verkalýðsfélög væru stofnuð um ákveðnar starfsgreinar eða einstök svæði og í upphafi voru félögin oftast kynbundin. Fyrsta félagið, sem fellur undir skilgreiningu um stéttarfélag, var Prentarafélagið sem stofnað var árið 1887 og starfaði það einungis í þrjú ár. Árið 1894 stofnuðu sjómenn Bárúna, en það var Hið íslenska prentarafélag (stofnað 1897) sem fyrst tókst að fá viðurkenningu vinnuveitenda með kjarasamningi árið 1906. Á upphafsárum verkalýðsfélaganna var helsta baráttumálið stytting vinnutíma og að kaup væri greitt

með peningum í stað vöruúttekta, eins og algengast var á þeim tíma (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013a). Fyrstu stéttarfélagin voru stofnuð á tímum mikilla breytinga í atvinnulífi Íslendinga. Þjóðin breyttist hratt úr bændasamfélagi, fólk streymdi úr sveitunum og til varð fjölmenn stétt verkamanna (ASÍ, e.d.-a). Barátta verkalýðsfélaga var pólitísk og voru Alþýðusamband Íslands og Alþýðuflokkurinn lengi undir einni stjórn (ASÍ, e.d.-a). Alþýðuflokkurinn var stofnaður á sama tíma og ASÍ og var náið samstarf með þessum samtökum næstu tuttugu árin. Árið 1940 var ASÍ skilið frá Alþýðuflokki og varð upp frá því óháð stjórnámálflokkur og eingöngu faglegt samband stéttarféлага (Lára V. Júlíusdóttir, 1995).

### **2.1.2 Stéttarfélag og hlutverk**

Hlutverk stéttarféлага er fyrst og fremst að semja um laun og önnur starfskjör í kjarasamningum fyrir hönd félagsmanna sinna og gæta hagsmuna þeirra gagnvart atvinnurekendum (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). Lára V. Júlíusdóttir (1995) skilgreinir stéttarfélag sem félag sem stofnað er til þess að gæta hagsmuna félagsmanna sinna gagnvart vinnuveitendum. Stéttarfélagin gegna einnig mikilvægu þjónustuhlutverki við félagsmenn, meðal annars í formi lögfræðiráðgjafar um túlkun kjarasamninga og um rétt launþega (Þjóðskrá Íslands, e.d.-c).

Stéttarfélag myndu nú flest með sér stærri sambönd eftir atvinnugreinum eða landshlutum. Þessi stéttarfélagasambönd sameinast í fjórum heildarsamtökum launafólks, sem eru Alþýðusamband Íslands (ASÍ), félagar um 108.000; Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), félagar um 19.000; Bandalag háskólamanna (BHM), félagar um 9.500 og Kennarasamband Íslands (KÍ), með um 10.000 félagar (Þjóðskrá Ísland, e.d.-c).

Í Stjórnarskrá Íslands (lög nr. 33/1944) er fjallað um réttinn til þess að stofna félag, þar með talin stéttarfélag. Í lögum um stéttarfélag og vinnudeilur (lög nr. 80/1938), hér eftir nefnd vinnulöggjöfin, er staðfestur réttur manna til að stofna stéttarfélag í þeim tilgangi að vinna að sameiginlegum hagsmunum launþega og þar er fjallað um hlutverk stéttarféлага, starfsemi þeirra og stöðu. Til þess að félag geti fallið undir skilgreiningu laganna, þarf að koma fram í lögum viðkomandi félags, að það geri kjarasamninga fyrir félagsmenn sína. Auk þess að semja um launatengda þætti fyrir starfsmenn hafa stéttarfélag látið sig varða margskonar félagslega þætti. Þar má helst telja málefni tengd

lífeyrisréttindum, menntamálum, húsnæðismálum, almannatryggingum og vinnuverndarmálum. Stéttarfélög skulu vera öllum opin. Þetta ákvæði er í 2. grein vinnulöggjafarinnar og er í samræmi við samþykktir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, ILO - International Labour Organisation (ASÍ, e.d.-j).

Vinnulöggjöfin gerir ráð fyrir að grunneining samtaka launafólks sé stéttarfélagið sem fari með lögformlegt umboð við gerð kjarasamninga fyrir félagsmenn. Stéttarfélagum er heimilt að framselja umboð sitt til landsamtaka innan ASÍ eða beint til ASÍ. Stéttarfélög ákveða sjálf, innan ramma vinnulöggjafarinnar, hvert félagssvæði þess er. Í lögnum segir að hvert félagssvæði skuli ná yfir að minnsta kosti eitt sveitarfélag. Svæðisbundin félög ná því til til starfa sem unnin eru í einu eða fleirum sveitarfélögum. Landsfélög eru skilgreind sem félög þar sem félagssvæðið er allt landið. Félag innan ASÍ geta einnig verið bundin við starfsgreinar (ASÍ, e.d.-j).

### **2.1.3 Heildarsamtök aðila vinnumarkaðarinnar - almennur vinnumarkaður**

Alþýðusamband Íslands var stofnað árið 1916 og stóðu sjö félög að stofnun þess: Verkamannafélagið Dagsbrún, Hásetafélag Reykjavíkur, Hið íslenska prentarafélag, Verkakvennafélagið Framsókn, Bókbandssveinafélag Íslands, Verkamannafélagið Hlíf og Hásetafélag Hafnarfjarðar. Tilgangurinn var að efla og bæta hag alþýðu landsins (Lára V. Júlíusdóttir, 1995). ASÍ skiptist nú í fimm samtök á landsvísi en auk þess eiga sjö stéttarfélög beina aðild (ASÍ, e.d.-g). Umboð ASÍ til kjarasamningagerðar byggir á vinnulöggjöfinni. Hvert stéttarfélag fyrir sig tekur ákvörðun um hvort það sé með í kjarasamningagerðinni eða dragi sig úr heildarsamtökunum og semji sjálft (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b).

Í kjölfar mikilla breytinga í atvinnuháttum landsmanna var Vinnuveitendasamband Íslands stofnað árið 1934, en það nefndist Vinnuveitendafélag Íslands fyrstu árin (Lára V. Júlíusdóttir, 1995). Heildarsamtök atvinnurekenda á Íslandi, Samtök atvinnulífsins (SA) voru síðan stofnuð árið 1999 með sameiningu Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ) og Vinnumálasambandsins (VMS), sem áður hét Vinnumálasamtök samvinnufélaganna (SA, e.d.-a; Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). Innan Samtaka atvinnulífsins eru sjö aðildarfélag og eru um 2.000 fyrirtæki innan vébanda þeirra. Hlutverk samtakanna er að halda á lofti sjónarmiðum atvinnurekenda og veita fyrirtækjum margvíslega þjónustu auk þess að vera málsvari atvinnulífsins. Fulltrúar SA vinna með stjórnvöldum að margvíslegum

málum sem varða atvinnulífið, má þar nefna skatta-, umhverfis- og menntamál. Fulltrúar SA starfa í mörgum nefndum og ráðum og veita umsagnir um þingmál (SA, e.d.-a,b,c). SA semur fyrir hönd aðildarféлага sinna sem framselja umboðið sitt til samtakanna. Kjarasamningar gerðir af aðildarfélögum þurfa að fá samþykki hjá SA (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b).

#### **2.1.4 Vinnulöggjöfin**

Fljótlega eftir stofnun Vinnuveitendafélags Íslands, árið 1934, var farið að vinna að setningu vinnulöggjafar, en áður höfðu komið fram á Alþingi tillögur sem ekki höfðu náð fram að ganga. Hugmyndir um vinnulöggjöf mættu mikilli andstöðu fulltrúa stéttarféлага og óttuðust menn að vinnulöggjöfin myndi skerða verkfallsrétt launþega. Lagasetningin árið 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur átti meðal annars að tryggja vinnufrið, en verkföll höfðu verið tíð á árunum fyrir setningu laganna. Vinnulöggjöfin hélst síðan að mestu óbreytt til ársins 1996, en þá voru gerðar umtalsverðar breytingar á lögunum (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2008). Fulltrúar stéttarfélaganna voru ósáttir við þessar breytingar og töldu að hægt hefði verið að bæta samskiptareglur í vinnudeilum, líkt og gerst hafði í nágrennalöndunum (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). Gylfi Dalmann Aðalsteinsson (2008) bendir á að breytingar á vinnulöggjöfinni hafi miðað að því að að bæta samningatækni við gerð kjarasamninga og hindra vinnudeilur.

Vinnulöggjöfin skiptist í fjóra kafla. Fyrsti kaflinn fjallar um rétt verkafólks til að stofna stéttarfélög í því augnamiði að vinna að hagsmunamálum launþega. Þar er einnig að finna ákvæði um trúnaðarmenn. Í öðrum kafla laganna er fjallað um verkföll og verkbönn en árið 1996 voru gerðar umtalsverðar breytingar á þessum kafla. Í þriðja kafla laganna er fjallað um sáttastörf í vinnudeilum, viðræðuáætlun, miðlunartillögu og atkvæðagreiðslur. Þar er einnig fjallað um hlutverk sáttasemjara. Í fjórða kafla eru ákvæði um Félagisdóm, en eitt af meginmarkmiðum hans er að tryggja hraða úrlausn ágreiningsmála. Niðurstöðu Félagisdóms er ekki hægt að áfrýja (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2008; Lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 með áorðnum breytingum).

Við endurskoðun vinnulöggjafarinnar 1996 fengu samninganefndir aukið og lögbundið umboð og gátu nú framselt vald sitt. Atkvæðagreiðsla um kjarasamninga skyldi vera leynileg og reglum um lögmati verkfallsboðunar var breytt. Í lögunum voru

skýr ákvæði um það hvenær vinnustöðvun ætti hefjast og til hverra hún næði. Áður en til vinnustöðvunar kæmi varð að vera búið að leita allra leiða til að ná fram samningum, þar á meðal skyldi sáttasemjari hafa reynt að setta aðila. Fyrir breytingar á vinnulöggjöfinni árið 1996, voru engar kröfur gerðar um lágmarksfjölda svo hægt væri að boða til verkfalla. Eftir breytingarnar árið 1996 var aðilum gert að setja fram viðræðuáætlun og skyldi hún liggja fyrir minnst tíu vikum áður en samningar rynnu út. Miðlunartillögu sáttasemjara var hægt að fella en til þess þyrfti að lágmarki 25% atkvæðisbærra manna (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b).

Íslensk vinnulöggjöf er nú sambærileg norrænni löggjöf á því sviði. Hugmyndin um sáttasemjara kom frá hinum Norðurlöndunum en þar höfðu verið settar reglur um hvernig menn bæru sig að við vinnudeilur. Áhersla var lögð á að hægt væri að leysa deilur á friðsaman hátt með aðkomu ríkissáttasemjara (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2008). Réttur til vinnustöðvunar er tryggður með vinnulöggjöfinni og hann er aðeins hægt að skerða með lögum (Friðrik Friðriksson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2010).

### **2.1.5 Kjarasamningar**

Hugtakið kjarasamningur er skilgreint á vefsíðu ASÍ, með eftirfarandi hætti, í samræmi við vinnulöggjöfina: „Kjarasamningur er skriflegur samningur sem gerður er milli stéttarfélags annars vegar og atvinnurekanda, félags atvinnurekanda eða sambands atvinnurekanda hins vegar um kaup og kjör og nær til allra þeirra launamanna sem vinna á félagssviði stéttarfélagsins.“ (ASÍ, e.d.-d). Kjarasamningar kveða á um lágmarkskjör og óheimilt er að semja um lakari kjör. Einn megintilgangur kjarasamninga er að setja niður kjaradeilur og tryggja frið á vinnumarkaði. Á gildistíma kjarasamnings ríkir friðarskylda þeirra sem aðild eiga að honum og óheimilt er að fara fram á breytingar á samningnum með vinnustöðvun (ASÍ, e.d.-c,e).

Íslenskir kjarasamningar eru mjög miðstýrðir í samanburði við önnur lönd. Á Íslandi er atvinnuþátttaka mikil og stéttarfélögin eru aðallega mynduð í kringum starfsstéttir á landsvísu. Lagaumhverfi á vinnumarkaði hér á landi virðist ekki vera jafn bindandi og víða annars staðar. Katrín Ólafsdóttir kemst að þeirri niðurstöðu að þegar samdráttur er í hagkerfinu er algengast að gerðir séu miðstýrðir samningar á Íslandi. Aftur á móti í uppsveiflu er algengara að einstakar atvinnugreinar semji hver fyrir sig og jafnvel einstök stéttarfélög (Katrín Ólafsdóttir, 2008).

Í meginatriðum hafa kjarasamningar svipaða uppbyggingu. Þegar samkomulag um nýjan samning liggur fyrir eru tilgreindar þær breytingar sem gerðar hafa verið á gamla samningnum. Aðalkjarasamningurinn getur verið mjög langur en í nýja samningnum eru aðeins tilgreindar þær breytingar sem gerðar hafa verið á fyrri samningi. Kjarasamningar eru ýmist gerðir fyrir allt landið eða fyrir einstaka atvinnugreinar. Þekkt er að stórtéttarfélög taki höndum saman og semji beint við Samtök atvinnulífsins (Katrín Ólafsdóttir, 2008; ASÍ, e.d.-e)

Aðildarfélögin sjá um hina eiginlegu samningagerð, en ASÍ hefur verið í forsvari fyrir samskiptum við stjórnvöld og vinnuveitendur, meðal annars um lífeyrissjóðsmál og önnur þau mál sem eru sameiginleg öllum samböndum (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b) Árið 1980 voru sett lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda (lög nr. 55/1980) en þar kemur fram að kjarasamningar hafa lagalegt gildi (Katrín Ólafsdóttir, 2008).

Í lögnum um stéttarfélög og vinnudeilur kemur fram að allir samningar milli stéttarféлага og atvinnurekenda skuli vera skriflegir. Samningar sem gerðir eru fyrir hönd viðkomandi stéttarfélagsins eru gerðir með fyrirvara um samþykki félagsins. Samningurinn öðlast ekki gildi fyrr en félagsmenn hafa greitt atkvæði um hann. Einstakir atvinnurekendur eða samband atvinnurekenda geta verið aðilar að kjarasamningi. Kjarasamningur nær ekki einungis til þeirra félagsmanna stéttarféлага sem samið er fyrir heldur til allra þeirra sem starfa á viðkomandi félagssvæði. Gildir einu hvort launamaður er aðili að stéttarfélagi eða hvort atvinnurekandi er í samtökum atvinnurekenda; kjarasamningurinn nær til beggja (ASÍ, e.d.-e).

#### **2.1.5.1 Efni kjarasamninga**

Kjarasamningar innihalda ákvæði um laun, vinnutíma, yfirvinnu, orlof, veikindarétt, uppsagnarfrest og fleiri atriði er varða kjör launafólks. Flesta kjarasamninga má greina í þrjá þætti: Í fyrsta lagi launaákvæði samningsins, í öðru lagi þætti sem snerta almenn kjör og í þriðja lagi þætti sem snúa að samskiptum samningsaðila (ASÍ, e.d.-d,f). Eins og áður hefur komið fram þá er ekki heimilt að semja um lakari kjör en kjarasamningar kveða á um en ekkert mælir gegn því að samið sé um betri kjör en þau lágmarkskjör sem felast í kjarasamningi (Þjóðskrá Íslands, e.d.-b,d).



### **2.1.5.2 Mismunandi gerðir kjarasamninga**

Kjarasamningar eru misumfangsmiklir. Þannig getur kjarasamningur náð til allra launþega ákveðins stéttarfélags eða samtaka þeirra og er þá vísað til aðalkjarasamnings. Einnig er hægt að gera kjarasamninga fyrir einn vinnustað eða afmarkaða hópa (ASÍ, e.d.-e).

Aðalkjarasamningur er heiti sem oftast er notað um heildarkjarasamninga landsambanda stéttarfélaganna við atvinnurekendur. Þar koma fram þættir sem varða alla félagsmenn svo sem laun, vinnutími og önnur starfskjör (ASÍ, e.d.-h). Sérkjarasamningar eru gerðir milli eins eða fleiri stéttarfélaganna og eins eða fleiri fyrirtækja í sömu starfsgrein (Aðalbjörg Lúthersdóttir, 2009). Sérkjarasamningar eru gerðir við ákveðinn hóp félagsmanna vegna sérstöðu þeirra, oft vegna menntunar og byggja á aðalkjarasamningi (Ríkissáttasemjari, e.d.). Vinnustaðasamninga gera stéttarfélög fyrir félagsmenn sína, þá er vinna á sama vinnustað (Lög um stéttarfélög og vinnudeilur með áorðnum breytingum). Stofnanasamningur er hluti af kjarasamningi sem gerður er milli stéttarfélags og stofnunar. Í stofnanasamningi kemur fram hvaða viðbótarforsendur eins og starfsreynsla, menntun, ábyrgð og annað er metið til launa (Efling, e.d.). Fyrirtækjasamningur er sá samningur sem fyrirtæki gera við eitt eða fleiri stéttarfélag, um laun og önnur starfskjör starfsmanna. Algengt er að fyrirtækjasamningar séu gerðir í stóriðju (ASÍ, e.d.-i). Fyrirtækjasamningar geta verið sjálfstæðir eða vísað er í aðalkjarasamning um tiltekna þætti (Aðalbjörg Lúthersdóttir, 2009). Ráðningarsamningur er samningur sem starfsmaður gerir við vinnuveitanda sinn við upphaf starfs. Þar skuldbindur starfsmaður sig til að starfa undir stjórn vinnuveitandans, á hans ábyrgð gegn launum og öðrum starfskjörum. Ráðningarsamningur er að jafnaði skriflegur og óheimilt er að semja um lakari kjör en kjarasamningur kveður á um (ASÍ, e.d.-e).

### **2.1.6 Verklag við kjarasamningagerð í þríhliða samstarfi**

Við gerð kjarasamninga á síðustu áratugum hefur komist á þríhliða samstarf milli verkalýðshreyfingarinnar, samtaka atvinnurekenda og stjórnvalda (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). Með aðkomu sinni hafa stjórnvöld viljað greiða fyrir gerð kjarasamninga með yfirlýsingum um aðgerðir sem unnar eru í samvinnu við samningsaðila (Katrín Ólafsdóttir, 2008). Venjulega koma stjórnvöld ekki að

samningagerðinni fyrr en línur eru farnar að skýrast í tvíhliða viðræðum milli atvinnurekenda og launþega. Síðustu áratugi hafa aðildarfélög ASÍ að mestu komið sameiginlega fram gagnvart stjórnvöldum. Við undirbúning kjarasamninga setur ASÍ fram kröfur á atvinnurekendur um þær breytingar sem þeir vilja sjá í nýjum samningum. Kröfur á hendur stjórnvöldum snúast oft um útfærslur innan skattkerfisins, svo sem hækkun skattleysismarka og um þætti velferðarkerfisins, hækkun bóta almannatrygginga og atvinnuleysisbóta. Stjórnvöld hafa skilyrt aðkomu sína að kjarasamningum að niðurstaða þeirra sé í samræmi við stefnu stjórnvalda í efnahags- og atvinnumálum. Stjórnvöld hafa því ekki látið uppi hvernig þau hyggjast greiða fyrir gerð kjarasamninga fyrr en samkomulag milli stéttarféлага og atvinnurekenda hefur náðst. Þegar kjarasamningar liggja fyrir gefur ríkisstjórnin oft út yfirlýsingu þar sem tiltekið er hvað hún leggur til samningagerðarinnar. Við gerð svonefnds Stöðugleikasáttmála árið 2009 fylgdi engin yfirlýsing þar sem um var að ræða þríhliða sáttmála milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). ASÍ sagði sig einhliða frá sáttmálanum í júní 2010 vegna brostinna loforða ríkisstjórnarinnar og aðgerðaleyfis í þágu launþega (Vísir netútgáfa, 2010).

### **2.1.7 Norræna samningslíkanið**

Undanfarin ár hafa margir orðið til þess að gagnrýna íslenska kjarasamningagerð. Helst hefur gagnrýni verið beint að fyrirkomulagi viðræðna og undirbúning þeirra. Starfshópur helstu samningsaðila á almennum og opinberum vinnumarkaði, undir stjórn ríkissáttasemjara, skoðaði kjarasamningagerð á hinum Norðurlöndunum, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Norðurlöndin eiga það sameiginlegt að stéttarfélögin fara með samningsréttinn fyrir hönd félagsmanna sinna. Félagin hafa heimild til að framselja umboðið til heildarsamtaka sinna og það sama gildir hjá samtökum atvinnurekenda. Heildarsamtökin koma fram fyrir hönd aðildarfélaganna og sjá um sameiginleg málefni þeirra. Samtök vinnuveitenda koma að kjarasamningum á almennum vinnumarkaði en hlutverk þeirra snýst aðallega um almenn málefni.

Danir breyttu samningakerfi sínu í kjölfar langvinnra vinnudeilna árið 1985, þannig að samningar urðu dreifstýrðari en áður var og hlutverk heildarsamtakanna minnkaði. Í Finnlandi og Noregi er löng hefð fyrir þríhliða samningum en í Noregi er launamyndun

dreifstýrð. Í Svíþjóð eru kjarasamningar ekki lengur gerðir af heildarsamtökum heldur er sú vinna í höndum aðildarfélaganna. Á hinum Norðurlöndunum er ramminn um kjarasamningana að mestu ákveðinn með samkomulagi heildarsamtaka á vinnumarkaði en ekki með löggjöf. Aðalkjarasamningar leggja grunn að samskiptareglum á vinnumarkaði og meðferð ágreinings. Lög um félagsdóm og sáttastörf í vinnudeilum eru í gildi á öllum Norðurlöndunum. Lágmarkslaun eru ekki ákveðin með lögum en í Finnlandi og að hluta til í Noregi er kveðið á um lágmarkslaun í kjarasamningum. Mismunandi er hvernig stjórnvöld koma að kjarasamningum í ríkjunum fjórum, en alls staðar er hefð fyrir þríhliða samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Mikil áhersla er lögð á vandaðan undirbúning kjarasamninga. Aðilar vinnumarkaðarins eiga með sér samstarf, formlegt og óformlegt, ýmist með eða án þátttöku opinberra aðila. Skoðað er hvernig tekist hefur til með fyrri samninga og hvaða svigrúm er til launahækkana. Mikilvægt þykir að virða umsamin tímamörk. Almenn samstaða er um að útflutningsgreinar í alþjóðlegri samkeppni ráði launamyndun við gerð kjarasamninga og séu fordæmisgefandi. Svigrúm er þó fyrir sveigjanleika í útfærslum en ekki í kostnaði. Almenn gildir sú regla að friðarskylda ríkir á gildistíma kjarasamninga og eru þá verkföll og verkbönn óheimil. Í Danmörku eru launahækkarnir almennt ekki ákveðnar af stéttarfélögum og samtökum atvinnurekenda heldur í samningum milli fyrirtækja og trúnaðarmanna. Í Noregi kveða flestir kjarasamningar á um lágmarkslaun. Í Svíþjóð kveða kjarasamningar oft á um almennar launahækkarnir en aðrar hækkarnir eru ákveðnar í fyrirtækjasamningum milli trúnaðarmanna og vinnuveitenda. Reglur um atkvæðagreiðslu um kjarasamninga á Norðurlöndunum eru mismunandi. Ýmist fer atkvæðagreiðsla fram meðal allra félagsmanna, eins og gert er í Danmörku, þar sem félagsmenn greiða sameiginlega atkvæði um kjarasamninga og atkvæðin eru talin sem ein heild. Í Svíþjóð og Finnlandi greiða félagsmenn almennt ekki atkvæði um kjarasamninga heldur eru það stjórnir stéttarfélaga og félaga vinnuveitenda sem fara með ákvörðunarvaldið. Í Noregi fer ýmist fram almenn atkvæðagreiðsla um kjarasamninga hjá stéttarfélögum eða stjórnir sambanda ganga frá afgreiðslu þeirra. Embætti ríkissáttasemjara á Norðurlöndum eru sjálfstæð og byggja á gagnkvæmu trausti stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Hlutverk ríkissáttasemjara virðast vera misyfirgripsmikið eftir löndum. Þannig er eitt meginhlutverk sáttasemjara í Finnlandi að setja niður vinnudeilur að beiðni aðila eða að eigin frumkvæði. Í Svíþjóð er hlutverk

sáttasemjara mun yfirgrípsmeira. Þar á ríkissáttasemjari meðal annars að stuðla að því að nýir kjarasamningum liggi fyrir áður en eldri samningar renna út. Hann kemur að málum með aðilum vinnumarkaðarins um efnahagslegar forsendur kjarasamninga, safnar saman launaupplýsingum og fylgist með þróun á vinnumarkaði.

Í framhaldi af vinnu starfshópsins, sem áður var nefndur, var efnt til ráðstefnu í Reykjavík árið 2012. Þar var meðal annars skoðað hvað hægt væri að læra af nágrannaþjóðum okkar sem tekist hefur að auka kaupmátt samhliða lágri verðbólgu. Niðurstaða ráðstefnunnar var sú, að bæta megi til muna undirbúning og verklag kjarasamninga og voru aðilar sammála um að þau lög og reglur sem gildi á vinnumarkaði skapi þann ramma (Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum, 2013).

## 2.2 Vinnumarkaðsfræði

Vinnumarkaðsfræðin (e. *industrial relations*) fjalla um samskipti aðila vinnumarkaðarins, stjórnenda og starfsmanna innan fyrirtækja svo og það sem á sér stað í ytra umhverfi skipulagsheilda. Með ytra umhverfi er átt við félagslegt, efnahagslegt og stjórnmalalegt umhverfi (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2008). Viðfangsefnum vinnumarkaðarins má skipta í efnislega þætti (e. *substantive issues*) og aðferðafræðilega þætti (e. *procedural issues*). Efnislegir þættir fela í sér launagreiðslur, umbunarkerfi, orlof, yfirvinnu og lífeyrismál, auk annarra hlunninda. Aðferðafræðilegir þættir fjalla meðal annars um hverjir taki ákvarðanir og hvernig þær eru teknar, einhliða eða sameiginlega. Hér er einnig skoðað hvaða áhrif stéttarfélög ættu að hafa í samskiptum á vinnumarkaði og hvaða reglur ættu að vera lögbundnar (Rose, 2004). Samkvæmt því sem Fevre (1992) segir, tengjast tveir þættir innbyrðis á vinnumarkaði. Sá fyrri tekur til þátta sem snúa að launþegum og launakerfi, væntingum starfsmanna og getu þeirra til að ná þeim launum sem vonast er eftir í gegnum samtakamátt. Sá seinni tekur til uppbyggingar starfa, kröfu um framboð og eftirspurn vinnuafis (Salamon, 2003).

Kjarasamningar eru ein meginstoð vinnumarkaðsfræðanna. Stéttarfélög í umboði starfsmanna og fyrirtæki eða samtök þeirra, semja sín á milli, oft með aðkomu stjórnvalda. Í vinnumarkaðsfræðunum er gert ráð fyrir því, að hagsmunir launþega og vinnuveitenda séu ólíkir og við gerð kjarasamninga ríki ójafnræði milli samningsaðila (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2009). Blyton og Turnbull (1998) benda einnig á að milli

launþega og vinnuveitenda sé innbyggð spenna þar sem togstreita er milli hagnaðar og launa. Vegna þessa verði samband stjórnenda og starfsmanna alltaf erfitt.

Salamon (2003) dregur upp fimm birtingarmyndir í samskiptum aðila vinnumarkaðarins: Markaðsháð einstaklingshyggja (e. *market individualism*), frjálslynd sameiningarstefna (e. *liberal collectivism*), samráðssamningar (e. *bargained corporatism*), ríkismiðað samráð (e. *state corporatism*) og miðstýring hagkerfis (e. *statism*). Í markaðsháðri einstaklingshyggju er um að ræða afskiptaleysi stjórnvalda og þar er staða stéttarféлага veik. Stefna stjórnvalda og löggjöfin miðar að því að vernda eignarétt á fjármagni (e. *capital's property rights*) í stað þess að verja vinnuaflið fyrir forréttindum og gróðahyggju stjórnenda. Í frjálslyndri sameiningarstefnu er enn um að ræða afskiptaleysi stjórnvalda en farið er að gæta aukinnar áhrifa stéttarféлага. Umboð stéttarféлага við samningagerð takmarkast við fjárhagslega grunnþætti eins og laun og ráðningarskilyrði starfsmanna. Stjórnendur viðhalda þeim forréttindum sínum við ákvörðunartöku sem ekki snerta fjárhagslega þætti starfsmanna. Möguleg íhlutun stjórnvalda er til þess fallin að tryggja valdajafnvægi milli stéttarféлага og atvinnurekanda í því augnamiði að viðhalda frjálsu markaðskerfi. Samráðssamningar byggja á tvíhliða (e. *bipartite*) samskiptum vinnuveitenda og öflugra stéttarféлага og þríhliða (e. *tripartite*) samstarfi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda á landsvísu. Stjórnvöld eru reiðubúin að veita fulltrúum stéttarféлага og vinnuveitenda hlutdeild í að móta stefnu stjórnvalda á vinnumarkaði en einnig á breiðari grunni eins og efnahags- og félagssviðum. Þetta samskiptaform hefur lengi tíðkast í Svíþjóð, Þýskalandi og Hollandi. Í kommúnistaríkjum Austur-Evrópu var viðhaft svonefnt ríkismiðað samráð þar sem samskipti á vinnumarkaði voru sett undir opinbera stjórnkerfið, enda átti ríkið öll framleiðslutækin og verkalýðsfélög þar af leiðandi talin óþörf. Í miðstýrðum hagkerfum, þar sem verkalýðsfélög eru leyfð eru stéttarfélag eðlilega vanmáttug og starfsemi þeirra beinist þá fremur að pólitískum markmiðum fremur en að atvinnumálum. (Hollinshead, Nicholls og Tailby, 2003). Crouch (1995) telur að Bretland og önnur Evrópulönd tilheyri flest frjálslyndri sameiningarstefnu eða samráðssamningum í samskiptum á vinnumarkaði (Salamon, 2003).

### 2.2.1 Þrjár nálganir vinnumarkaðsfræðanna

Vinnumarkaðsfræðin styðjast helst við þrjár nálganir að samskiptum aðila á vinnumarkaði: Einingarhyggju (e. *unitarism*), margræðishyggju (e. *pluralism*), og marxíska hugmyndafræði (e. *marxism*). Þannig leitast menn við að skýra eðli og umfang samskipta vinnumarkaðarins (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2009).

Í einingarhyggju er gert ráð fyrir að skipulagsheildir byggi á samstilltum hópum og ekki er ágreiningur um það hver stjórnar. Forréttindi stjórnenda (e. *managerial prerogative*) eru talin eðlileg, sjálfsögð og skynsamleg. Andstaða af hvaða toga sem er telst því órökræn. Þá er gert ráð fyrir að skipulagsheildin sé í jafnvægi og hvers kyns átök og deilur eru því óæskilegar og ónauðsynlegar. Átök og deilur skulu leystar innbyrðis og eru þá gjarnan notaðar aðferðir svo sem liðsvinna og aðrir þættir mannauðsstjórnunar. Litið er á aðkomu stéttarféлага sem ógn (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2009).

Í margræðishyggju er réttur launþega til að vera í stéttarfélögum tryggður með vinnulöggjöf, samningsréttur er hjá félagsmönnum og rétturinn til að gera kjarasamninga og boða til vinnustöðvana til að ná fram kröfum er einnig tryggður. Auk þess sem á undan er nefnt eru sáttaumleitarnir í föstum skorðum. Í margræðishyggju er hagsmunaágreiningur milli launþega og vinnuveitenda og ójafnræði er því innbyggt. Íslenskur vinnumarkaður einkennist af margræðishyggju (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2009).

Marxísk hugmyndafræði á rætur sínar að rekja til kenninga Karls Marx. Samkvæmt þeim geta hagsmunir launþega og atvinnurekenda ekki farið saman. Fjármagn og fyrirtæki eru í einkaeign og yfirráð yfir framleiðslunni skiptir höfuðmáli. Átök á milli launþega og atvinnurekenda eru algeng og orsakast af framleiðsluaðstæðum. Eignastaða, þjóðfélagsleg staða og fjárhagslegt vald veitir mismunandi aðgang að gæðum og stofnunum samfélagsins. Stéttaátök eru óhjákvæmileg vegna mismunandi eðlislægrar stöðu aðila. Til þess að vinna gegn valdi fjármagnseigenda stofnaði verkafólk eigin hagsmunafélög. Með stéttarfélögum getur hinn almenni launamaður haft áhrif á starfskjör sín og lífsgæði (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2008).

### 2.2.2 Samráðskerfi

Samráðshyggja (e. *corporatism*) er hugtak sem notað hefur verið til að lýsa samráði á vinnumarkaði og kom fyrst fram í kringum 1920 sem svar við því hvernig hægt væri að

fella inn í stjórnkerfið nýja aðila sem ekki var hægt að horfa framhjá. Samráðshyggjan var einnig svar við vexti verkalýðsfélaga sem tengdust kommúnískum flokkum sem höfðu getu til að grafa undan efnahagslegu og stjórnálalegu ástandi. Með samráði var leitast við að styðja þjóðfélagslegan frið með því að gefa verkalýðshreyfingunni hlutdeild í stjórnun og draga úr átökum með þríhliða samvinnu (Marina, 2001).

Molina og Rhodes (2002) vekja athygli á margræðri merkingu hugtaksins samráðshyggju. Það hefur verið notað yfir samráð í mörgum löndum, á mismunandi tímabilum og hafa margir fræðimenn glímt við skilgreiningar þannig að til varð fjölnota hugtak. Svo virðist sem teygjanleiki hugtaksins hafi einnig orðið til þess að tryggja vinsældir þess, enda hefur notkunin oft verið ónákvæm og frjálseg. Upphaflegur merkingarblær orðsins er tengdur fasisma tuttugustu aldarinnar, notkun þess oft háð tískustraumum og hugtakið notað til að útskýra margvísleg fyrirbæri. Skulu nokkrar skilgreiningar nefndar:

Samkvæmt skilgreiningu Schmitter (1981) á samráðshyggju þurfa að vera til staðar miðstýrð heildarsamtök launþega og atvinnurekenda á vinnumarkaði sem hafi umboð til að semja um laun og launatengda þætti fyrir heildina. Aðeins á þann hátt geti aðilar vinnumarkaðarins ásamt stjórnvöldum orðið þátttakendur í mótun stefnu í efnahags- og velferðarmálum (Stefanía Óskarsdóttir, 2007). Lehbruch (1979) skilgreindi samráð sem formlegt stefnumótunarferli þar sem stór hagsmunasamtök starfa saman í nánu samstarfi við ríkisvaldið. Þátttaka hagsmunasamtaka felst ekki einungis í stefnumótun heldur einnig í framkvæmd stefnunnar (Baccaro, 2003). Gunnar Helgi Kristinsson (2006) setur fram þá skilgreiningu á hugtakinu, að þar hafi sterk miðstýrð hagsmunasamtök á vinnumarkaði komið sér saman um að hafa samráð um ágreiningsmál, gjarnan með aðkomu stjórnvalda. Samráðskerfi í lýðræðisríkjum byggir þannig á þríþóla kerfi þar sem samtök vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar koma að stefnumótun með ríkisvaldinu.

Þeir sem aðhyllast samráðskerfi benda á að í þjóðfélaginu séu tvö markaðsráðandi öfl, fjármagnseigendur og launþegar. Jafnvægi ríki milli þessara aflu sem komi í veg fyrir að stjórnvöld taki annan hópinn fram yfir hinn. Stjórnvöld þurfi því að taka sér hlutlausa dómarastöðu í samskiptum við aðila vinnumarkaðarins. Gagnrýnendur samráðs halda því hins vegar fram að hagsmunir fjármagnseigenda og launþega byggist á valdaójöfnuði. Þannig muni afskipti ríkisins hugsanlega styrkja fjármagnsöflin eða styðja

við launþega til þess að draga úr valdamisræmi (Rose, 2004). Fevre (1992) telur að þær þjóðir sem hafi þróað með sér samráðsnálgun (e. *corporatist approach*) geri það í þeirri trú, að stjórnvöld ein geti tekist á við langtímaskipulagningu efnahagsmála og með samvinnu við fulltrúa starfsmanna og vinnuveitenda sé hægt að þróa stefnu til að ná þeim markmiðum (Salamon, 2000).

Síðustu þrjá til fjóra áratugina hafa þeir fræðimenn sem skoða uppbyggingu samskipta á vinnumarkaði og stjórnmálalegt umhverfi leitað í samráðskenningar (e. *corporatist theory*) (Baccaro, 2003). Frá lokum níunda áratugarins hafa svo kallaðir félagssáttmálar (e. *social pacts*) verið gerðir víðsvegar í Evrópu (Molina og Rhodes 2002). Jafnvel í þeim löndum sem ekki virðast hafa þá uppbyggingu samfélagsins sem talin hefur verið nauðsynleg fyrir hefðbundið samráð og sem dæmi má nefna Írland og Portúgal (Baccaro, 2003). Molina og Rhodes (2002) gera greinarmun á samráðshagkerfum (e. *cooperative economies*) og ágreiningshagkerfum (e. *conflictual economies*). Þau ríki sem einkennast af samráðshagkerfi þykja ná betri tókum á verðbólgu, atvinnustigi og standa betur af sér efnahagsáföll en þau ríki sem einkennast af ágreiningshagkerfi.

Nýsamráðshyggja (e. *neo-corporatism*) felst í þríhliða samskiptum milli launþega, atvinnurekenda og ríkisvaldsins, þar sem fjallað er um laun og framleiðslu, félagsleg verkefni og hagsbætur launþega. Þessi þríhliða samskipti miða að því að ná tókum á verðbólgu, bæta lífskjör og auka samkeppnishæfni. Eftir 1980 varð í sumum löndum hnignun í eldri samráðskerfum og ný gerð samráðskerfa komu fram, með áherslu á menntun, heilbrigðismál, velferðarmál og umhverfismál (Molina og Rhodes, 2002).

Schmitter (1974) skilgreinir nýsamráðshyggju sem stefnumótunarkerfi með aðkomu hagsmunaaðila aðgreint frá margræðishyggju, miðstýringu hagkerfis og sameignarskipulagi (e. *syndicalism*). Lehbruch (1977) lagði á sama tíma meiri áherslu á nýsamráðskerfi sem stefnumarkandi ferli (e. *policy-making process*) þar sem samhæfing (e. *concertation*) er talið skipta höfuðmáli (Molina og Rhodes, 2002). Í skrifum sínum gerir Baccaro (2003) greinarmun á samráði og félagslegu samstarfi (e. *social partnership*), sem sérstöku stefnumarkandi ferli. Hugtakið nýsamráðshyggja er oft notað til að auðkenna bæði hugtökin, samráð og samhæfingu. Baccardo veltir því upp að á



meðan samhæfing haldi velli sem stefnumarkandi ferli eins og víða þekkist, þá sé samráð hugsanlega liðið undir lok.

Samkvæmt Salamon (2000) hófust upp úr 1960 í Bretlandi þríhliða viðræður um efnahagsleg og félagsleg málefni þar sem verkalýðshreyfingin féllst á að launum væri haldið í skefjum með sjálfviljugri og lögboðinni launastefnu. Eftir 1979 varð síðan breyting frá samráði í átt að nýfrjálshyggju (e. *neo-liberalism*) með auknu afskiptaleysi stjórnvalda (e. *laissez-faire*), frjálsum markaðsöflum, peningastefnu og viðurkenningu á háu atvinnuleysisstigi, sem aðferð til að ná samkeppnishæfni og stöðugleika. Á sama tíma varð máttur breskra stéttarféлага minni.

### 2.2.3 Hlutverk stjórnvalda

Salamon (2003) telur að hægt sé að greina tvær ólíkar meginstefnur í stjórnmalalegri hugmyndafræði. Sú fyrri hefur verið nefnd afskiptaleysi stjórnvalda þar sem hlutverk stjórnvalda er halda stjórnun í lágmarki og hafa sem minnst áhrif á markaðinn. Hver einstaklingur ber ábyrgð á velferð sinni og eru þar með taldir þættir eins og menntun og heilbrigðisþjónusta. Litið er á stéttarfélög og hlutverk þeirra í kjarasamningagerð sem truflandi. Seinni stefnan hefur verið nefnd samráðshugmyndafræði (e. *corporatist ideology*). Þar er litið svo á að það sé skylda stjórnvalda að taka ábyrgð á og vernda einstaklinga og bæta lífsgæði þeirra með íhlutun (Hollinshead, Nicholls og Tailby, 2003).

Ekki leikur vafi á því að stjórnvöld eiga stóran þátt í að ákvarða eðli samskipta á vinnumarkaði. Stefna stjórnvalda hefur mikil áhrif á þær efnahagslegar og félagslegar aðstæður sem aðilar vinnumarkaðarins takast á um (Salamon, 2000). Stjórnvöld setja lög, móta og framkvæma efnahagsstefnu auk þess að vera beinn eða óbeinn vinnuveitandi (Rose, 2004). Stjórnvöld gegna þýðingarmiklu hlutverki þar sem þau ákvarða lagalegt umhverfi í samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Þau styðja við samningagerðina milli heildarsamtaka aðila á vinnumarkaði, til dæmis með því að lögbinda ráðningarskilyrði og það hvernig aðbúnaði og öryggi á vinnustöðum skuli hagað. Bean bendir á að með aukinni aðkomu ríkisins sem atvinnurekanda aukist líkurnar á að stjórnvöld hafi bein áhrif á samningaferlið og niðurstöður samninga (Bean, 1994).

Crouch (1982) bendir á að með því að stjórnvöld taki sér stöðu milli stéttarféлага og hefðbundinna viðsemjenda þeirra, verði þau sjálf þátttakendur í samningagerðinni.

Stjórnvöld geta boðið ýmislegt sem ekki næst með hefðbundnum samningum svo sem félagslegar umbætur, réttindi starfsmanna, efnahagslegar breytingar og fjármálastefnu. Í krafti þess að geta sett lög, eru stjórnvöld þau einu sem geta breytt leikreglum.

Poole (1986) telur að stefna stjórnvalda beinist einkum að því að hafa stjórn á þremur grunnþáttum: Atvinnustigi, samskiptum á vinnumarkaði og úthlutun efnahagslegra gæða (Salamon, 2000). Farnham og Pimlott (1995) benda á að afskipti stjórnvalda af samningum á vinnumarkaði séu réttlætt á þann hátt, að með því séu stjórnvöld að verja hagsmuni einstaklinga, þegar engin önnur leið sé möguleg (Salamon, 2000).

Salamon (2000) telur að ekki sé rétt að skoða stefnu og markmið stjórnvalda, að því er varðar samskipti aðila á vinnumarkaði, eingöngu út frá efnahagslegum áhrifum þeirra. Með því sé gert lítið úr djúpstæðari áhrifum félagslegra þátta. Þessir þættir leggja grunn að stjórnmalalegri aðgreiningu og leiða til mismunandi aðgerða stjórnvalda. Hvernig stjórnvöld nálgast viðfangsefnin, sem þau standa frammi fyrir á vinnumarkaði, tekur mið af því hvernig samfélag þau vilja skapa, samfélag einstaklingshyggju eða samfélag byggt á samráði og samvinnu.

Salamon (2000) bendir á þrjár leiðir til að skoða mismunandi forsendur stjórnvalda fyrir stefnu sinni og löggjöf: Stefna stjórnvalda getur verið í eðli sínu frábrugðin hagsmunum ríkisins, þannig að á vinnumarkaði er staða stjórnvalda hlutlaus með tilliti til starfsmanna, stjórnenda og stéttarféлага. Einnig megi líta á stefnu og löggjöf stjórnvalda sem framsetningu staðbundins áhuga innan samfélagsins sem stjórnmalaflokkur setur fram í krafti kjörfylgis síns. Að lokum er hægt að líta á stjórnvöld sem lýðræðislegt skraut (e. *democratic icing*) sem aðeins viðheldur hagsmunum fjármagnseigenda, án tillits til þess hvaða stjórnmalaflokkar eru við völd.

Samkvæmt Salamon (2003) gegnir stefna stjórnvalda lykilhlutverki í mótun og stjórnun á félagslegri uppbyggingu og þeim samskiptum sem mynda samfélagið. Margir eru þeirrar skoðunar að þjóðarhagur ætti að ráða hugmyndafræði stjórnvalda í samskiptum við aðila vinnumarkaðarins. Þessi skoðun leiðir til væntinga um að stjórnvöld sýni hlutleysi, það er að stjórnvöld hygji hvorki vinnuveitendum né stéttarfélögum (Hollinshead, Nicholls og Tailby, 2003). Miliband (1969) bendir á að þar sem stjórnvöld hafa gripið inn í deilur milli atvinnurekenda og starfsmanna, hafi það

oftar leitt til óhagræðis fyrir starfsmenn en atvinnurekendur, jafnvel þó svo íhlutunin sé gerð með hliðsjón af þjóðarhag (Bean, 1994).

#### **2.2.4 Stéttarfélög**

Stéttarfélög hafa verið atkvæðamikið félagslegt afl í þróun nútíma velferðarríkja. Auk þess að vera málsvarar velferðarkerfa hafa stéttarfélög oft tengst stjórn málaflokkum. Þannig hafa stéttarfélög á Norðurlöndum og víðar notað stjórn málatengsl til að knýja á um réttindi félagsmanna og almenn félagsleg réttindi (Brugiavini og fleiri, 2001). Stéttarfélög geta reynt að ná markmiðum sínum meðal annars með samningaviðræðum, með því að þrýsta á löggjafann eða með beinni þátttöku í stjórn málaalegum aðgerðum (Bean, 1994). Clegg (1976) færir rök fyrir því að stjórnun stéttarfélaganna sé tiltölulega miðstýrð þar sem samningar eru gerðir fyrir heila atvinnugrein eða alla starfsmenn í landinu. Á sama hátt eru stéttarfélög valddreifð, þar sem samið er staðbundið eða við hvern vinnustað fyrir sig.

Webb og Webb (1920) skilgreindu stéttarfélög sem félagasamtök launþega sem hafa það að markmiði að viðhalda eða bæta starfskjör og vinnuaðstæður félagsmanna (Rose, 2004). Ulman (1990) skilgreinir stéttarfélög sem stofnanalega málsvara starfsmanna á vinnumarkaði. Lögð er áhersla á það vald sem fæst með samstöðu, sem undirstöðu nútímastéttarfélaganna (Bean, 1994).

Hægt er að greina margþætt hlutverk stéttarfélaganna. Þau koma að samningaviðræðum milli heildarsamtaka launamanna og atvinnurekenda. Þau eru samningsaðili um laun, vinnutíma og vinnuaðstæður félagsmanna sinna. Veigamikil hlutverk stéttarfélaganna er að standa vörð um starfsöryggi félagsmanna og reyna að sporna við uppsögnum. Þá er eitt af hefðbundnum hlutverkum stéttarfélaganna að beita stjórnvöld þrýstingi og ná fram umbótum með löggjöf. Stéttarfélög veita einstaklingum félagslega þjónustu auk möguleika á ýmiskonar afþreyingu. Á undanförunum árum hafa stéttarfélög þurft að endurskoða hlutverk sitt meðal annars vegna fækkunar félagsmanna (Rose, 2004).

Edwards og fleiri (1986) aðgreina þrjár mismunandi gerðir vestrænna stéttarfélaganna. Í fyrsta lagi þau félög sem nær eingöngu sjá um að semja um laun fyrir ákveðinn hóp starfsmanna. Hér eru Bandaríkin og Bretland nefnd sem dæmi. Í öðru lagi félög sem starfa líkt og umbjóðendur stjórn málaflokka, dæmi eru Frakkland og Ítalía, ásamt Spáni þar sem stéttarfélög hafa verið nátengd stjórn málaflokkum. Í þriðja lagi stéttarfélög sem

starfa í náinni samvinnu við lýðræðissinnuð stjórnvöld. Sem dæmi eru nefnd Svíþjóð og Austurríki (Bean, 1994).

Seinustu þrjá áratugina hafa orðið miklar breytingar á vinnumarkaði, sem felast meðal annars í auknu atvinnuleysi, tilfærslu í átt til valddreifðrar kjarasamningagerðar, sveigjanleika í starfsmannasamningum og breytingum í félagslegu umhverfi. Stéttarfélögin hafa ekki farið varhluta af þessu og hefur stéttarfélagsaðild dregist saman í flestum löndum. Þarna eru þó Norðurlöndin undantekning, en upp úr 1990 höfðu Danmörk, Finnland, Ísland og Svíþjóð hæstu stéttarfélagsaðild allra Evrópuþjóða (Brugiavini og fleiri, 2001).

Stéttarfélög eru stofnanir sem bregðast við og aðlagast breytingum. Stéttarfélög framtíðar munu því að mati Calmfors og fleiri aðlagast breyttum aðstæðum og verði annars vegar þjónustustofnanir og hins vegar svæðisbundnir samningsaðilar. Sameining stéttarféлага eins og víða hefur orðið í Evrópu getur birst í miðstýrðri þjónustu við félagsmenn og valddreifðu umboði í launasamningum (Calmfors og fleiri, 2001).

### **2.2.5 Samningaviðræður aðila vinnumarkaðarins**

Rose (2004) skilgreinir kjarasamningaviðræður (e. *collective bargaining*) sem samvinnu milli tveggja eða fleiri aðila til að leysa ágreining og aðilar þurfa sameiginlega að komast að niðurstöðu sem er viðurkennd er af öllum þeim sem hlut eiga að máli. Windmuller (1987) skilgreinir samningaviðræður sem ákvarðanaferli milli fulltrúa hagsmunaaðila þar sem markmið þeirra er að komast að samkomulagi um að beita ákveðnum reglum er gilda um efnisleg og aðferðafræðileg skilyrði í samskiptum aðila (Bean, 1994). Líta má á samningaviðræður sem tæki til að ákvarða laun og önnur kjör starfsmanna en einnig má líta á samningaviðræður sem aðferð til að hafa stjórn á samskiptum aðila á vinnumarkaði (Bean, 1994). Bean (1994) greinir á milli ráðgjafandi viðræðna (e. *joint consultation*) og samningaviðræðna, þar sem það fyrra er hugsað sem ráðgefandi fyrir stjórnendur, frekar en ákvarðanatökufarli. Í ráðgefandi viðræðum er áhersla lögð á samvinnunálgun (e. *cooperative approach*) aðila á vinnumarkaði oft án aðkomu stéttarféлага.

Enda þótt samningaform séu mjög ólík í alþjóðlegu samhengi, telur Bean (1994) að greina megi þrjár mismunandi formgerðir, sem byggðar eru á því hvar samningar fara fram. Í fyrsta lagi geta samningar náð til heilla starfsgreina (e. *industry-wide*) þar sem

samið er við fjölda atvinnurekenda um laun og launakjör, eins og gert er víða í Vestur-Evrópu. Í öðru lagi geta samningar náð til eins fyrirtækis, líkt og gerist í Japan og Bandaríkjum Norður-Ameríku. Í þriðja lagi geta samningar verið gerðir af heildarsamtökum starfsmanna og heildarsamtökum atvinnurekenda (e. *economy-wide systems*) svo sem tíðkast hefur á Norðurlöndum. Bean bendir jafnframt á, að tækniframfarir, breytingar á stefnu stjórnvalda, viðhorf starfsmanna og breytingar á mörkuðum geti haft áhrif á formgerð samninga (e. *bargaining structure*) og breytt þeim verulega (Bean, 1994).

### 2.2.6 Miðstýrð og valddreifð kjarasamningagerð

Þegar talað er um miðstýrða kjarasamningagerð er vísað til þess að samningar fari fram milli heildarsamtaka á vinnumarkaði og ákvörðun launa sé á því stigi. Valddreifð kjarasamningagerð felur í sér að samið er um launabáttinn á fyrirtækjastigi eða starfsgreinastigi (Calmfors og fleiri, 2001).

Á undanförunum árum hefur miðstýrð kjarasamningagerð víða átt undir högg að sækja meðal annars vegna alþjóðlegs efnahagsástands og minnkandi stéttarfélagsaðildar. Líta má á þróun í átt til valddreifðar kjarasamningagerðar sem tilfærslu á samningsstyrk, frá stéttarfélögum til fyrirtækja, sem reyna að velja samningsvettvang (e. *bargaining level*) sem gefur fyrirtækjunum mestan ábata. Frekari þróun til valddreifðari samningagerðar gæti leitt til jákvæðra áhrifa á afköst og sveigjanleika markaðarins (Calmfors og fleiri, 2001).

Í rannsókn Calmfors og Driffill (1988) kemur fram að sveigjanleiki á vinnumarkaði sé mestur þar sem kjarasamningar eru annað hvort alfarið miðstýrðir eða alfarið valddreifðir. Höfundarnir héldu því fram að samband launa og miðstýrðra kjarasamninga væri ekki línulegt heldur kryppulaga. Þegar miðstýring kjarasamninga er engin eða alger eru laun lægri og atvinnuleysi er minna en þegar kjarasamningar eru að hluta til miðstýrðir eða að hluta til valddreifðir. Við fullkomna miðstýringu, þegar kjarasamningar eru gerðir fyrir allt atvinnulífið eða stærsta hluta þess, er talið líklegt að forsvarsmenn stéttarféлага taki mið af heildaráhrifum kjarasamninga á efnahag landsins og forðist að gera samninga sem geti valdið verðbólgu og atvinnuleysi. Við fullkomna valddreifinu kjarasamninga, þar sem fyrirtæki semja við starfsmenn án utanaðkomandi afskipta, má vænta þess að launþegar taki mið af afkomu fyrirtækisins í launakröfum

sínum. Þannig geta starfsmenn samið um hærri laun ef vel gengur, en ef illa árar velji starfsmenn frekar launalækkun en atvinnumissi. Þegar um er að ræða samband miðstýrðrar og valddreifðrar kjarasamningagerðar geta launahækkningar orðið meiri en fyrirtækin geta staðið undir og þau neyðst til að hækka verð á vöru og þjónustu (Calmfors og Driffill, 1988; Seðlabanki Íslands, e.d.).

Atvinnurekendur hafa þrýst á breytingar í átt til valddreifðra kjarasamninga og munu væntanlega gera það áfram enda fylgja því margir kostir fyrir fyrirtækin. Með valddreifðri kjarasamningagerð er fyrirtækjum gert mögulegt að finna sína eigin greiðslugetu og starfsumhverfi sem best hæfir aðstæðum þeirra og einnig geta atvinnurekendur takmarkað aðkomu stéttarfélaganna að vinnustaðnum (Calmfors og fleiri, 2001).

Calmfors og fleiri (2001) greina fjórar gerðir breytinga á samningagerð í Evrópu. Í fyrsta lagi áframhaldandi þróun í átt að valddreifðri samningagerð. Í öðru lagi þróun í átt til samhæfingar á landsvísu í átt til félagssáttmála eins og gerðir hafa verið í ýmsum löndum. Í þriðja lagi þróun í átt til fjölbjóðasamhæfingar í samningagerð. Í fjórða lagi þróun þar sem valddreifing á fyrirtækjasviði er gerð í samvinnu við stór alþjóðleg fyrirtæki.

Baglioni (1989) telur að kröfur markaðarins um sveigjanleika og getu til að aðlagast hratt breytingum í framleiðslu vera þann þátt sem einna helst hefur leitt til dreifðari samningagerðar (Bean, 1994). Samkvæmt Bean er þó enn mikill munur milli landa hvað þetta varðar og fátt sem bendir til róttækra breytinga í samningagerðinni í Evrópu og miðstýrðir samningar séu enn ríkjandi. Þróunin á Norðurlöndum í átt til valddreifðar kjarasamningagerðar, hefur meðal annars birst í því að starfsmenn vænta þess að geta tengt launin við stöðu vinnumarkaðarins þar sem miðstýring hafi áður hamlað leiðréttingu á launakjörum (Bean, 1994).

### 3 Íslenskar rannsóknir

Nokkrar meistararitgerðir hafa verið skrifaðar um kjarasamninga á íslenskum vinnumarkaði á undanförunum árum og verður hér greint frá þeim helstu.

Sigríður Þrúður Stefánsdóttir (2004) fjallaði í meistararitgerð sinni um þróun sí- og endurmenntunar við kjarasamningagerð á almennum vinnumarkaði á Íslandi. Hún greindi aðalkjarasamninga VR og Eflingar stéttarfélags á rannsóknartímabilinu 1990 - 2004. Auk þess tók hún viðtöl við níu fulltrúa aðila vinnumarkaðarins. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær, að réttindi launþega til fræðslu og menntunar hafi aukist verulega á rannsóknartímabilinu. Samkomulag um fjármögnun starfsmenntasjóða náðist með kjarasamningum árið 2000 en það samkomulag styrkti sí- og endurmenntun verulega. Rannsókn Sigríðar Þrúðar leiddi ennfremur í ljós að enn vantaði töluvert upp á eftirfylgni og markvissar árangursmælingar af sí- og endurmenntun. Þó hafi samráð aðila vinnumarkaðarins og ríkis aukist síðustu árin sem rannsóknin náði yfir.

Ingibjörg Eðvaldsdóttir (2009) skrifaði meistararitgerð um þróun kjarasamninga VR og VSÍ/SA. Ingibjörg greindi kjarasamninga VR og VSÍ/SA tímabilið 1977 - 2008, með það að markmiði að skoða þróun íslenskra kjarasamninga með tilliti til aukinnar umræðu um einstaklingshyggju í samfélaginu. Niðurstöður Ingibjargar gáfu vísbendingar um að einstaklingshyggja hafi verið að ryðja sér til rúms í kjarasamningum VR og VSÍ/SA á undanförunum árum. Þó virðist einstaklingshyggjan ekki vera að ryðja heildarhyggju úr vegi, aðeins að fléttast saman við hana.

Aðalbjörg Lúthersdóttir (2013) skrifaði meistararitgerð sem ber heitið Miðstýrð og valddreifð kjarasamningsgerð: fyrirtækjapáttur kjarasamnings. Aðalbjörg kannaði viðhorf hagsmunaaðila, á almennum vinnumarkaði til valddreifðrar kjarasamningagerðar. Niðurstöður Aðalbjargar benda þess að aðilar á almennum vinnumarkaði séu tilbúnir að auka sveigjanleika í samningagerð meðal annars með aukinni valddreifingu.

Í meistararitgerð Þórdísar Ingólfssdóttur (2008) er fjallað um kjarþróun hjúkrunarfræðinga og samskipti á vinnumarkaði. Þórdís tekur fyrir opinberan

vinnumarkað. Helstu niðurstöður Þórdísar eru þær að kjarasamningar hjúkrunarfræðinga hafi þróast frá miðstýrðum kjarasamningum í átt að samningum sem taki frekar mið af einstaklingnum. Samningar hjúkrunarfræðinga einkennist af ýmsum sérákvæðum í stað almennra grunnlaunahækkana. Í niðurstöðum Þórdísar koma einnig fram vísbindingar um ástæður þess að stéttinni hafi ekki gengið sem skyldi í kjarabaráttu sinni. Þar telur hún til viðhorf samfélagsins og viðsemjenda, en einnig fákeppni á vinnumarkaði.



## 4 Aðferðafræði

Markmið rannsóknarinnar er að kanna samráð aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda við kjarasamningagerð síðustu fimm áratugina. Hér er sjónum beint að því hvað stjórnvöld hafa lagt fram til að liðka fyrir lausn kjarasamninga. Rannsóknin er einskorðuð við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga á almennum markaði.

Í rannsókninni er leitast svara við rannsóknarspurningunni: Hver hefur þróun samráðs við kjarasamningagerð á almennum vinnumarkaði verið tímabilið 1964 - 2013?

### 4.1 Rannsóknaraðferð

Í rannsókninni er notast við svonefnda innihaldsgreiningu (e. *content analysis*) sem flokkast undir eigindlega aðferðafræði. Innihaldsgreiningu hefur verið lýst sem hlutlægrri (e. *objective*), kerfisbundinni (e. *systematic*) og magnbundinni (e. *quantitative*) rannsóknaraðferð, sem meðal annars má nota við greiningu texta (Cooper og Schindler, 2011). Krippendorff (1980), Weber (1990) o.fl. skilgreina innihaldsgreiningu sem kerfisbundna og endurtakanlega (e. *replicable*) aðferð þar sem þjappað er saman mörgum orðum úr texta í færri efnisflokkar eftir skilmerkilegum kóðunarreglum (Stemler, 2001). Innihaldsgreining fylgir kerfisbundinni aðferð við kóðun og ályktanir eru dregnar af þeim gögnum sem til rannsóknar eru. Við innihaldsgreiningu leitar rannsakandinn að mynstrum sem koma endurtekið fyrir og breytingum á þeim Cooper og Schindler, 2011).

Samkvæmt Krippendorff (1980) þarf að leita svara við sex spurningum áður en innihaldsgreiningu er beitt (Stemler, 2001):

1. Hvaða gögn á að greina?
2. Hvernig eru þau skilgreind?
3. Hvert er þýðið (e. *population*) sem gögnin eru fengin úr?
4. Í hvaða samhengi eru þau gögn sem greina skal?
5. Hverjar eru takmarkanir greiningarinnar?
6. Hvert er markmið ályktananna?

Samkvæmt Stemler (2001) getur verið um að ræða tvenns konar aðferð við kóðun á innihaldsgreiningu gagna. Kóðar geta komið fram við greiningu á texta (e. *emergent coding*) eða þeir eru ákveðnir fyrirfram (e. *a priori coding*). Kóðar koma venjulega fram

við forskoðun gagna og áframhaldandi greining byggist síðan á þeim. Þegar hins vegar er að um að ræða fyrirfram ákvarðaða kóða er greiningin byggð á tilgátu og kóðunin síðan notuð á fyrirliggjandi gögn. Í báðum tilvikum gildir það að endurskoðun fer stöðugt fram og flokkar geta breyst þar til greining hefur verið tæmd.

## **4.2 Framkvæmd rannsóknarinnar**

Rannsakandi skoðaði yfirlýsingar ríkisstjórna í skýrslum forseta ASÍ fyrir árin 1964 - 1972, skýrslur VR fyrir tímabilið 1972 til 1999 og skýrslur forseta ASÍ fyrir tímabilið 2000 til 2013. Hver yfirlýsing var lesin nákvæmlega og efnisatriði kóðuð. Rannsakandinn skipti efnisatriðum yfirlýsinganna í sjö nafngreinda flokka: Atvinnumál, skattamál, lífeyrismál, verðlags- og efnahagsmál, húsnæðismál, menntamál og almannatryggingar. Auk þess er flokkur sem nefndur er „annað“.

## **4.3 Rannsakandinn**

Undirrituð er kennaramenntuð og starfaði í grunnskóla í 20 ár. Haustið 2007 hóf ég nám í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands og árið 2008 var ég ráðin starfsmannastjóri hjúkrunarheimilis í Reykjavík.

## **4.4 Takmarkanir á rannsókninni**

Þegar skoðaðar eru niðurstöður úr greiningu fyrirliggjandi gagna þessarar rannsóknar, þarf að hafa í huga að byggt er á yfirlýsingum ríkisstjórna eins og þær eru settar fram í skýrslum VR og ASÍ. Flestar eru yfirlýsingarnar mjög yfirgripsmiklar og oft var vandi að ákveða hvað ætti að minnast á og hverju mætti sleppa. Helstu takmarkanirnar eru þó þær að ekki er lagt mat á umfang og mikilvægi innihalds yfirlýsinganna, enda væri það sérrannsóknarefni.

Eins ber að hafa í huga að túlkun gagna er alfarið á valdi rannsakandans og jafnframt er rannsakandinn aðalverkfæri rannsóknaraðferðarinnar (Cooper og Schindler, 2011).

## **4.5 Vandamál við greiningu**

Allt rannsóknartímabilið voru þeir flokkar sem komu fram við greiningu í stöðugri endurskoðun. Oft var erfitt að staðsetja einstaka yfirlýsingar þar sem þær gátu tilheyrt fleiri en einum efnisflokki. Í sumum tilfellum var lausnin sú að skipta yfirlýsingunni upp eða láta þann þátt ráða sem var fyrirferðamestur.

## 5 Greining yfirlýsinga ríkisstjórna tímabilið 1964 - 2013

Tafla 1: Aðalkjarasamningar og endurskoðanir samninga 1964 - 2013

Ár	Yfirlýsingar		Yfirlýsingar	
1964	√	Kjarasamningar 5. júní		
1965	√	Kjarasamningar í júlí		
1966		Kjarasamningar 26. júní		
1968	√	Kjarasamningar 18. mars		
1969	√	Kjarasamningar 19. maí		
1970		Kjarasamningar 19. júní		
1971		Kjarasamningar 4. desember		
1974	√	Kjarasamningar 26. febrúar		
1975	√	Bráðabirgðasamkomulag 26. mars	√	Kjarasamningar 13. júní
1976	√	Kjarasamningar 28. febrúar		
1977	√	Kjarasamningar 22. júní		
1980	√	Kjarasamningar 27. október		
1982	√	Kjarasamningar 30. júní		
1984	√	Kjarasamningar 21. febrúar	√	Kjarasamningar 6. nóvember
1985		Kjarasamningar 15. júní		
1986	√	Kjarasamningar 26. febrúar	√	Kjarasamningar 6. desember
1988		Kjarasamningar apríl/maí		
1989	√	Kjarasamningar 1. maí		
1990	√	Kjarasamningar 1. febrúar		
1992	√	Kjarasamningar 1. maí		
1993	√	Kjarasamningar 21. maí		
1995	√	Kjarasamningar 21. febrúar	√	Endurskoðun í nóvember
1997		Kjarasamningar 1. mars		
2000	√	Kjarasamningar 10. mars		
2001	√	Endurskoðun 13. desember		
2002	√	Endurskoðun		
2004	√	Kjarasamningar 7. mars		
2005	√	Endurskoðun 15. nóvember		
2006	√	Endurskoðun 22. júní		
2008	√	Kjarasamningar 17. febrúar		
2009		Endurskoðun kjarasamnings og gerð Stöðugleikasáttmála, 25. júní	√	Endurskoðun kjarasamninga í október
2011	√	Kjarasamningar 5. maí 2011		
2012		Endurskoðun 20. janúar		
2013		Endurskoðun 21. janúar	√	Kjarasamningar 21. desember

Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir kjarasamninga á almennum vinnumarkaði fyrir rannsóknartímabilið. Taflan sýnir einnig hvort yfirlýsingar fylgdu kjarasamningum og endurskoðun þeirra.

Við greiningu á yfirlýsingum ríkisstjórna á árunum 1964 til 2013 hefur rannsakandi skipt umfjölluninni á þrjú tímabil: 1964 - 1976, 1977 - 1996 og 1997 - 2013. Fyrst er almennt fjallað um aðalkjarasamninga hvers tímabils og í undirköflum er fjallað efnislega um þá þætti sem komu fram við greiningu gagnanna.

### **5.1 Tímabilið 1964 - 1976 – Samráð verður til**

Á árunum 1964 til 1976 voru gerðir tíu kjarasamningar. Við gerð kjarasamninga árið 1966 ákvað ríkisstjórnin að hafa ekki beina aðkomu að kjarasamningunum (Guðmundur Magnússon, 2004). Kjarasamningum sem gerðir voru árin 1970 og 1971 fylgdi engin yfirlýsing stjórnvalda, eins og sjá má í töflu 1.

Í kjarasamningum sem gerðir voru árið 1964 kom ASÍ í fyrsta sinn fram í umboði allra aðildarfélaga sinna. Samningarnir, sem nefndir hafa verið Júnísamkomulagið, fólu í sér félagslegar umbætur í stað beinna kauphækkana og í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var lofað aðgerðum í húsnæðismálum (Alþýðusamband Íslands [ASÍ], 1964; Guðmundur Magnússon, 2004). Fyrir kjarasamningana árið 1965 óskaði ASÍ eftir viðræðum við ríkisstjórnina um lækkun skatta og fjölgun skattþrepa, breytingar á lögum um orlof og að brugðist verði við auknu atvinnuleysi. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar með kjarasamningum 1965 snerist eingöngu um húsnæðismál (ASÍ, 1968). Árið 1968 sá Alþýðusambandið aðallega um samningagerðina og var aðal áherslan á atvinnumál og verðbætur á laun (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). Samningurinn átti að gilda frá undirskrift þann 18. mars 1968 til 31. desember sama ár (Verslunarmannafélag Reykjavíkur [VR], 1968). Árið 1969 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um lífeyrissjóði á almennum markaði og í framhaldi af því var komið á skylduaðild að lífeyrissjóðum (Haukur Sigurðsson, 2008). Að loknum samningum 19. júní 1970 óskaði forsætisráðherra eftir samstarfi við ASÍ og VSÍ um það hvernig bregðast mætti við víxlhækkunum launa og verðlags (ASÍ, 1972). Þar segir:

„Þar sem margföld reynsla sýnir: að víxlhækkanir á kaupum og verðlagi hafa mjög orðið til þess að draga úr gildi kauphækkana fyrir launþega, jafnframt því, sem þær hafa ofþyngt atvinnuvegunum, svo að gagnráðstafanir hafa

orðið óumflýjanlegar og, að mjög er áfátt um undirbúning og aðferðir við samningagerð í kaupgjaldsmálum, óskar ríkisstjórnin samstarfs við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands um rannsókn þessara vandamála og tillögugerð, er verða megi til varanlegra umbóta í þessum efnunum.“ (VR, 1970, bls. 114)

Í skýrslu VR frá 1972 kemur fram að bjartsýni ríki um að kjarasamningarnir frá 4. desember 1971 geti orðið til þess að vinnufriður verði tryggður á vinnumarkaði til næstu tveggja ára. Mikilvægt sé að sá tími verði notaður til að skapa festu og öryggi í efnahagskerfinu og kröftum verði meðal annars beint að mótun langtíma launastefnu (VR, 1972). Þann 26. febrúar 1974 snerist yfirlýsing ríkisstjórnarinnar á ný um húsnæðismál þar sem lofað var að áfram yrðu byggðar hentugar íbúðir fyrir efnalítið fólk í stéttarfélögum (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). Bráðabirgðasamkomulag var gert 26. mars 1975 og voru kjarasamningar undirritaðir 13. júní sama ár. Við gerð bráðabirgðasamkomulagsins lagði ríkisstjórnin fram fé sem átti að gagnast þeim sem byggju við erfiðustu kjörin (VR, 1975). Við undirritun kjarasamninga 28. febrúar 1976 lauk einni umfangsmestu vinnustöðvun verkalýðshreyfingarinnar. Flest verkalýðsfélög innan ASÍ tóku þátt í aðgerðum sem hófust 17. febrúar 1976. Þegar samningar náðust höfðu samningaviðræður staðið í um þrjá mánuði. Nokkrir fundir voru haldnir með ríkisstjórninni vegna kröfu verkalýðshreyfingarinnar um aðgerðir stjórnvalda sem hægt væri að meta til jafns við beinar launahækkunir (VR, 1977). Fyrir samningana 1976 markaði ASÍ þá stefnu að í stað hefðundinnar launahækkunar væri vilji til að reyna að ráðast að rótum verðbólgunnar og leggja með því grunn að varanlegum árangri „kjarabóta og kjaraverndar“. Samninganefnd ASÍ óskaði eftir stuðningi vinnuveitenda við þessar hugmyndir og að aðilar tækju þær sameiginlega upp við ríkisvaldið (VR, 1976).

### 5.1.1 Efnisflokkar yfirlýsinga 1964 - 1976

Tafla 2 : Yfirlýsingar og skipting eftir efnisflokkum

Ár	Atvinnumál	Skattamál	Lífeyrismál	Verðlags- og efnahagsmál	Húsnæðismál	Menntamál	Almanna-tryggingar	Annað
1964					√			
1965					√			
1968	√				√			
1969			√					
1974					√			
1975		√		√			√	
1976	√				√			√

Tafla 2 sýnir aðeins þau ár þar sem yfirlýsingar fylgdu kjarasamningum.

### 5.1.2 Atvinnumál

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar árið 1968 var lögð áhersla á atvinnumálin og var sérstaklega óskað eftir samstarfi við ASÍ og VSÍ. Þar kom einnig fram að ríkisstjórnin myndi beita sér fyrir hækkun bótagreiðslna vegna atvinnuleysis. Árið 1976 segir í yfirlýsingu að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir lagasetningu þannig að réttur til atvinnuleysisbóta haldist óskertur þótt bótaþegi sæki námskeið á vegum verkalyðssamtaka eða námskeið sem auki starfshæfni hans, standi þau skemur en einn mánuð (VR, 1976).

### 5.1.3 Skattamál

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar með bráðabirgðasamkomulaginu 26. mars 1975 var lögð fram skattalækkun sem átti að gagnast þeim sem byggju við erfiðustu kjörin (VR, 1975).

### 5.1.4 Lífeyrismál

Árið 1969 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um lífeyrissjóði og í framhaldi af því var komið á skylduaðild að lífeyrissjóðum. Þar kom meðal annars fram að ríkisstjórnin myndi standa

skil á greiðslu lífeyris til þeirra sem ekki ættu rétt til greiðslu úr nýju sjóðunum. Árið 1985 átti síðan sú fjármögnun að flytjast til lífeyrissjóðanna (Haukur Sigurðsson, 2008).

### **5.1.5 Verðlags- og efnahagsmál**

Árið 1975 kemur fram að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að sú hækkun á mjólk, smjöri og kindakjöti, sem koma átti til framkvæmda 1. júní 1975, falli niður á gildistíma samningsins. Ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að aðilar vinnumarkaðarins fái aðild að endurskoðun laga og reglugerða um ákvörðun búvöruverðs (VR, 1975).

### **5.1.6 Húsnæðismál**

Yfirlýsingar um húsnæðismál fylgdu kjarasamningum 1964 og 1965. Í yfirlýsingu þann 15. maí 1964 kom fram að ríkisstjórnin muni leita leiða til að tryggja efnalítlum fjölskyldum húsnæði. Eins verði reynt og að tryggja stöðugar íbúðabyggingar í landinu. Við gerð kjarasamninga árið 1965 var ákveðið að byggðar yrðu 1250 íbúðir í Breiðholti á næstu fimm árum. Af þessum íbúðum átti Reykjavíkurborg að fá 250 íbúðir en hinum yrði úthlutað til efnalítilla félagsmanna innan ASÍ (VR, 1973; Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). Í yfirlýsingu við gerð kjarasamninga árið 1968 kom fram að skoða þyrfti nýja tekjustofna fyrir Byggingasjóð ríkisins og aðra möguleika vegna fjáröflunar húsnæðismála (VR, 1968). Árið 1974 kröfðu verkalýðsfélögin stjórnvöld um úrbætur í húsnæðismálum og við gerð kjarasamninganna gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þar sem einungis var fjallað um húsnæðismál. Í yfirlýsingunni kom meðal annars fram að á árunum 1976 - 1980 verði haldið áfram að byggja íbúðir fyrir efnalítið fólk í stéttarfélögum innan ASÍ. Til þess að gera þetta mögulegt var ákveðið að lífeyrissjóðirnir kæmu að fjármögnun húsnæðislánakerfisins með kaupum á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins auk þess sem launaskatturinn sem rann til sjóðsins var hækkaður í 2% (Egill Þórarinsson, 2012). Gert var ráð fyrir að um þriðjungur af áætlaðri íbúðapörf landsmanna yrði leystur á þessum árum. Fram kom að byggðir yrðu svokallaðir verkamannabústaðir þar sem lögð yrði áhersla á að byggja hagkvæmar íbúðir og samráð yrði haft við verkalýðsfélögin um úthlutun. Mikilvægt þótti að nýta kosti fjöldaframleiðslu og notaðar yrðu staðlaðar teikningar og útboðsgögn (VR, 1974). Við gerð kjarasamninga árið 1976 staðfesti félagsmálaráðherra fyrri yfirlýsingu ríkisstjórnar frá 1974 um húsnæðismál. Áður hafði verið skipuð sjö manna nefnd til að endurskoða húsnæðismálalöggjöfina og gera tillögur um frambúðarskipan húsnæðismála (VR, 1976).

### **5.1.7 Almannatryggingar**

Árið 1975 kom fram í yfirlýsingu með kjarasamningum að tekjutryggingarmark almannatrygginga verði hækkað í sama hlutfalli og lægstu kauptaxtar og almennur lífeyrir hækki einnig í samræmi við niðurstöður kjarasamninga (VR, 1975).

### **5.1.8 Annað**

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar árið 1976 kom fram að greiddir verði vextir af innistæðum orlofsþega hjá Pósti og síma. Ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að afsala sér óinnleystum orlofsmerkjum, sem væntanlega falli til orlofsstarfsemi ASÍ (VR,1977).

## **5.2 Tímabilið 1977-1996 – Samráð festir sig í sessi**

Á árunum 1977 - 1996 voru gerðir 14 kjarasamningar.

Svonefndir Sólstöðusamningar voru undirritaðir 22. júní 1977 og áttu þeir að gilda til 1. desember 1978. Hægt var að segja samningnum upp væri hróflað við verðtryggingarákvæðum hans með lagaboði eða ef veruleg breyting yrði á gengi krónunnar. Samningarnir tryggðu launamönnum meiri kjarabætur en áður hafði verið samið um í einum kjarasamningi. Fyrir kjarasamningana vorið 1977 lögðu aðilar vinnumarkaðarins fram sameiginlegar tillögur um aðgerðir í vinnuverndarmálum, sem samþykktar voru af ríkisstjórninni. Þar var meðal annars lagt til að ríkisstjórnin skipaði nefnd til að semja frumvarp til laga um vinnuvernd og að gerð yrði heildar athugun og úttekt á aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustöðum. Frumvarp var lagt fyrir Alþingi árið 1979 og lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum tóku gildi 1. janúar 1981 (VR, 1978). Árið 1978 var gildandi kjarasamningum fjórum sinnum breytt með lagaboði, 17. febrúar, 24. maí, 1. september og 1. desember. Lögin frá 17. febrúar skertu ákvæði kjarasamninga um verðlagsbætur á laun. Í lögnum frá 1. desember voru fyrirheit um ýmsar félagslegar umbætur sem áttu að koma í stað þeirrar þriggja prósentu launahækkunar sem áður hafði verið afnumin með lögum. (VR, 1979). Þann 25. júní 1979 fengu allir félagsmenn í ASÍ þriggja prósentu hækkun launa og voru gildandi samningar framlengdir til 1. janúar 1980. Hækkanirnar í júní 1979 voru í samræmi við þá hækkun launa sem opinberir starfsmenn höfðu fengið í apríl sama ár (VR, 1980). Fyrir kjarasamningana árið 1980 fóru félög innan ASÍ fram með sameiginlegar kröfur á hendur ríkisvaldinu. Þar mátti meðal annars finna kröfur um að



gerðar yrðu breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og um lengri bótatíma. Kröfur voru einnig gerðar um þriggja mánaða full laun í fæðingarorlofi og launagreiðslur til foreldra í veikindum barna. Þá fór ASÍ einnig fram á úrbætur í dagvistarmálum, húsnæðismálum aldraðra og breytingar á lögum um almannatryggingar. Einnig var krafa um samtímasköttun, hækkun barnabóta og hækkun persónuafsláttar, aukið skatteftirlit og að átak að yrði gert í húsnæðismálum. Auk þess sem á undan er talið fór ASÍ fram á breytingar á lögum um rétt verkafólks til uppsagnafrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms og slysa. Loks var farið fram á að sett yrði löggjöf um orlofsheimili verkalýðsfélaganna (VR, 1980). Við gerð kjarasamninga 30. júní 1982 snerist yfirlýsing ríkisstjórnarinnar einungis um málefni fatlaðra. Í ágúst sama ár voru sett bráðabirgðalög (nr. 79/1982) um efnahagsaðgerðir og í því sambandi sendi ríkisstjórnin frá sér yfirlýsingu (VR, 1983). Þann 27. maí 1983 setti ný ríkisstjórn bráðabirgðalög sem ógiltu gildandi kjarasamninga og bannað var að semja um kaup og kjör fram til 1. febrúar 1984. Vegna harðra mótmæla var banninu aflétt 5. desember 1984 (VR, 1984). Árið 1984 voru gerðir tvennir kjarasamningar. Kjarasamningarnir sem gerðir voru 21. febrúar áttu að gilda til 15. apríl 1985 en launaliðirnir gátu verið lausir 1. september 1984 og 1. janúar 1985. Í yfirlýsingum stjórnvalda í febrúar 1984 fólst meðal annars loforð um úrbætur fyrir lágtekjufólk og tillögur um úrbætur fyrir hina verst settu (VR, 1984; VR, 1985). Við kjarasamningagerðina í nóvember 1984 var ekki um að ræða allsherjarsamflot verkalýðsfélaganna. Helstu skýringar voru þær að félagslegar forsendur væru ólíkar, launakerfi misjöfn og aðstæður til átaka mismunandi. Gagnrýni á heildarsamflot ASÍ fólst meðal annars í því að ekki væri tekið tillit til sérparfa einstakra hópa (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). Kjarasamningar sem gerðir voru 15. júní 1985 áttu að gilda til áramóta. Samningarnir voru háðir aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, sem leiða áttu til lækkunar skatta og verðlags (VR, 1986). Árið 1986 voru gerðir tvennir kjarasamningar og fylgdu þeim báðum yfirlýsing stjórnvalda. Vinnuveitendur töldu sig ekki hafa svigrúm til að mæta kröfum ASÍ um kaupmáttaraukningu vegna erfiðrar afkomu fyrirtækja. Samningsaðilar leituð til ríkisvaldsins um aðgerðir í efnahagsmálum sem auðveldað gætu lausn kjaradeilunnar. Samningar náðust 26. febrúar 1986 og samkomulagið byggði á aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum meðal annars lækkun skatta og verðlags. Við undirritun kjarasamninganna lagði ríkisstjórnin á það áherslu að launasamningar væru

gerðir á ábyrgð samningsaðila. Við síðari kjarasamningana, 6. desember 1986, voru fyrirheit um breytingar á skattkerfinu, stöðugt gengi og aðhald í verðlagsmálum. Að mati samningsaðila náðist víðtæk samstaða ASÍ, VSÍ og ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná tökum á verðbólgunni, tryggja kaupmátt og koma á stöðugleika í efnahagslífinu (VR, 1986; VR, 1987). Árið 1988 var ekki um að ræða heildarsamflot við kjarasamningagerðina (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). Fljótlega eftir að samningar voru undirritaðir um mánaðamótin apríl/maí 1988 voru sett bráðabirgðalög sem ógiltu gildandi kjarasamninga. Þetta voru lög nr. 14/1988 um aðgerðir í efnahagsmálum (20. maí 1988); lög nr. 74/1988 um frestun á hækkun launa og búvöruverðs (26. ágúst 1988); og lög nr. 83/1988 um efnahagsaðgerðir (28. september 1988) (VR, 1989). Með lögnum var hluti af umsömdum launahækkunum felldur niður og samningsrétturinn afnuminn til 10. febrúar 1989 (VR, 1989). Þann 1. maí 1989 voru gerðir kjarasamningar sem byggðust á samningi sem ríkið gerði við BSRB þann 7. apríl 1989 (VR, 1990). Svonefndir Þjóðarsáttarsamningar voru undirritaðir 1. febrúar 1990. Helstu markmið samningsins voru að ná niður verðbólgunni og stöðva kaupmáttarhrapið (VR, 1991). Gildistími samningsins var til 15. september 1991 og var í samningnum ákvæði sem heimilaði uppsögn frá 1. desember 1990. Við endurskoðun ákváðu samningsaðilar að nýta ekki uppsagnarheimildina, þegar árangur og horfur höfðu verið metnar. Í yfirlýsingu sinni lýsti ríkisstjórnin yfir stuðningi við markmið samninganna um lækkun verðbólgu og stöðugleika í efnahagsmálum. Þar kom einnig fram að mikilvægt væri að tryggja ríkissjóði öruggt fjármagn og í því skyni óskaði ríkisstjórnin sérstaklega eftir auknum kaupum lífeyrissjóða á spariskírteinum, umfram kaup þeirra af Húsnæðismálastjórn. Sérstök launanevnd skyldi fylgjast með framvindu efnahags-, verðlags- og launamála og beita sér fyrir því að ná fram markmiðum samningsins. Lögð yrði áhersla á samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda á öllum sviðum efnahagsmála. Kjarasamningunum árið 1990 fylgdi einnig samkomulag um málefni landbúnaðarins undirritað af Stéttarsambandi bænda, ASÍ, BSRB, VSÍ og VMS. Þar kom fram ósk um að skipuð yrði nefnd sem hefði það hlutverk að gera innlenda búvöruframleiðslu hagkvæmari. Í bréfi banka og sparissjóða, dagsettu 28. janúar 1990 til BSRB, ASÍ, VSÍ og VMS var lýst yfir vilja til vaxtalækkana og að lagt verði til við bankaráð og stjórnir sparissjóða að algengustu vextir almennra skuldabréfalána verði lækkaðir (VR, 1990). Nýir samningar tóku gildi 1. maí 1992 eftir að miðlunartillaga ríkissáttasemjara var samþykkt og áttu samningarnir

að gilda til 31. desember 1994 (VR, 1993). Þetta var í fyrsta skipti sem miðlunartillaga var notuð við heildarkjarasamninga og kom það í hlut ríkissáttasemjara að gera tillögur um launabáttinn og samningstíma en áður hafði samkomulag náðst um aðra þætti samningsins (ASÍ, e.d.-k). Miðlunartillögunni fylgdi yfirlýsing ríkisstjórnarinnar auk yfirlýsinga forsvarsmanna banka og sparisjóða. Meginatriði yfirlýsingarinnar var aukning kaupmáttar lægstu launa, lækkun vaxta og stöðugleiki í efnahagslífinu. Í skýrslu VR kemur fram að á samningstímanum hafi atvinnuleysi vaxið, gengið verið fellt, vöruverð hækkað, verðbólga vaxið og líkur væru á að skattar myndu stórhækka. Ljóst var að kaupmáttur launa myndi lækka og var litið svo á að meginforsendur kjarasamningsins frá maí 1992 væru brostnar. Var því ákveðið að segja upp gildandi kjarasamningunum frá og með 1. febrúar 1993 (VR, 1993). Nýr kjarasamningur var undirritaður 21. maí 1993 og átti hann að gilda til ársloka 1994. Samningurinn var sérstakur að því leyti að ekki var samið um beinar grunnkaupshækkanir né kauptryggingu. Meginmarkmið samningsins var að stuðla að uppbyggingu atvinnulífsins og að stöðva kaupmáttarhrap. Í yfirlýsingu með samningnum kom meðal annars fram að ríkisstjórnin myndi beita sér fyrir lækkun virðisauka af matvöru og úrbótum í atvinnumálum (VR 1994). Í febrúar 1995 voru kjarasamningar til tveggja ára undirritaðir en fyrir samningana var ákveðið að lands- og svæðasamböndin sæju sjálf um samningagerðina. Með þessu var komið til móts við þá gagnrýni sem komið hafði fram á stóru samflotin. Samstaða var þó um að semja sameiginlega um þau mál sem sneru að stjórnvöldum. Svipaðar áherslur voru í þessum samningum og árin á undan, þar sem samið var um hóflegar hækkanir og þeir sem lægst höfðu launin hækkuðu mest (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). Í samningnum frá 1995 voru uppsagnarákvæði sem voru háð samanburði við helstu nágrannaþjóðir. Við endurskoðun launanefndar á kjarasamningnum var talið að forsendur kjarasamninga væru ekki brostnar og var því ekki gripið til uppsagnar. Í sambandi við þessa ákvörðun sendi ríkisstjórnin frá sér yfirlýsingu þann 29. nóvember 1995 (VR, 1995; VR, 1996). Þar lagði ríkisstjórnin áherslu á að nota þann bata, sem þegar hafði orðið og væri fyrirsjáanlegur í þjóðfélaginu, til að hækka lægstu launin mest. Til að tryggja það var samið um krónutöluhækkun. Tekið var mið af því að launahækkanirnar væru innan þeirra marka að stöðugleikanum væri ekki stefnt í hættu og að hækkanirnar skiluðu sér í auknum kaupmætti (VR, 1996).

## 5.2.1 Efnisflokkar yfirlýsinga 1977 - 1996

Tafla 3: Yfirlýsingar og skipting eftir efnisflokkum

Ár	Atvinnumál	Skattamál	Lífeyrismál	Verðlags- og efnahagsmál	Húsnæðismál	Menntamál	Almanna-tryggingar	Annað
1977	✓	✓	✓	✓	✓		✓	✓
1980	✓	✓	✓		✓		✓	✓
1982	✓	✓		✓				✓
1984	✓	✓	✓					
1986		✓	✓	✓	✓			
1989	✓		✓	✓	✓	✓		
1990	✓	✓	✓	✓	✓		✓	
1992	✓	✓		✓	✓	✓	✓	✓
1993	✓	✓		✓				
1995	✓	✓		✓	✓	✓	✓	✓

Við gerð kjarasamninga árin 1985 og 1988 voru ekki lagðar fram yfirlýsingar og því eru þau ártöl ekki með í töflu 3.

## 5.2.2 Atvinnumál

Við gerð kjarasamninga árið 1977 kom fram að ríkisstjórnin hafi ákveðið að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (VR, 1978). Árið 1980 lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún muni beita sér fyrir lagasetningu á yfirstandandi þingi um atvinnuleysistryggingar. Lögin felu meðal annars í sér rýmkun bótaréttar, lengingu bótatíma, breytingar á atvinnuleysisskráningu og hækkun bóta. Ennfremur segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að óskað verði eftir greinargerð varðandi frídaga sjómanna og að gera þurfi könnun á þörf fyrir sjómannastofur umhverfis landið. Í sömu yfirlýsingu segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að ríkissjóður leggi sjómannasamtökunum til ákveðna fjárhæð á árinu 1981 til könnunar á öryggisbúnaði skipa, og eftirlits með lögskráningum. Þá kemur einnig fram að félagsmálaráðherra hafi skipað nefnd um málefni farandverkafólks og fyrir liggja frumvarp um rétt erlendra

manna til að stunda vinnu á Íslandi (VR, 1981). Í yfirlýsingu sem gefin var út við setningu bráðabirgðalaga um efnahagsaðgerðir 1982 segir að ríkisstjórnin muni, ef þurfa þykir, fresta umfangsmiklum byggingarframkvæmdum opinberra stofnana og fyrirtækja í allt að 18 mánuði. Innflutningur fiskiskipa verði stöðvaður í tvö ár og við nýsmíði fiskiskipa verði gerðar verulegar kröfur til eigin fjár. Reynt verði að beina viðhaldi skipa til innlendra skipasmíðastöðva. Til þess að koma í veg fyrir lélega meðferð á afla verði matsreglur og viðurlög gegn brotum hertar. Veiðar og vinnsla verði háðar opinberum leyfum. Nýtt útflutningstryggingakerfi verði tekið upp og lánakerfið eftt þannig að hægt verði að veita sambærileg kjör og hliðstæðir erlendir sjóðir. Reynt verði að draga úr þörf fyrir útflutningsbætur með því að stuðla að samdrætti í kjötframleiðslu. Viðræður verði teknar upp við bændur um endurskoðun útflutningsbótakerfisins. Loðdýrarækt og aðrar nýjar búgreinar verða eflar með hagkvæman útflutning í huga. Átak verði gert í markaðs- og sölumálum afurða erlendis og efnt verði til stórauðinnar fræðslu um gæði og vöruvöndun í íslenskri framleiðslu (VR, 1983). Samhliða gerð kjarasamninga í febrúar 1984 sendu samningsaðilar tillögur til ríkisstjórnarinnar um úrbætur fyrir hina verst settu. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 21. febrúar 1984 fólust loforð um úrbætur fyrir lágtekjufólk og þá sem bjuggu við lökustu kjörin (VR, 1984). Með kjarasamningum í nóvember 1984 fylgdi yfirlýsing forsætisráðherra þar sem meðal annars kom fram að endurskoðaðar verði bótareglur og iðgjöld atvinnuleysistrygginga með tilliti til þeirrar hækkunar sem verði á launum í almennum kjarasamningum (VR, 1985). Árið 1989 segir í yfirlýsingu með kjarasamningum að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að sett verði lög sem lengi bótatímabil atvinnuleysistrygginga. Réttur verkafólks við landbúnaðarstörf verði skoðaður með tilliti til atvinnuleysisbóta. Þá muni ríkisstjórnin jafnframt beita sér fyrir því að sett verði lög sem tryggi starfsmönnum gjaldprota fyrirtækja rétt til atvinnuleysisbóta á uppsagnafresti. Settar verði almennar reglur um veitingu atvinnuleyfa til að koma í veg fyrir misnotkun, svo sem stofnun gervifyrirtækja. Að lokum kom fram að ríkisstjórnin muni skipa nefnd með aðilum vinnumarkaðarins þar sem fjallað verði um ástand og horfur í atvinnumálum og mótuð verði langtímastefna um atvinnuuppbyggingu í landinu (VR, 1990). Árið 1990 segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að hún muni beita sér fyrir því, að þeir einstaklingar sem hafa verið án vinnu í fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili, fái uppbót svipaða þeirri og greidd verði til láglaunafólks, samkvæmt nýgerðum samningi. Í sömu yfirlýsingu var

gefið fyrirheit um að komið yrði á fót aflamiðlun, sem væri ætlað að stýra útflutningi á óunnum fiski (VR, 1990). Árið 1992 kom fram að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að réttur til greiðslu launa og lífeyris við gjaldprot nái fram að ganga. Einnig verði tryggt að réttur til atvinnuleysisbóta verði ekki skertur á samningstímanum. Sett verði á laggirnar samstarfsnefnd ríkisstjórnarinnar, ASÍ, SA og sveitarfélaga, þar sem áhersla verði lögð á aðgerðir til að bæta atvinnuástand (VR, 1993). Við gerð kjarasamninga árið 1993 óskaði ríkisstjórnin eftir því við sveitarstjórnir að tekið yrði tillit til erfiðrar stöðu sjávarútvegsins meðal annars við ákvörðun gjaldskrár hafna. Til þess að draga megi úr áhrifum skerðingar þorskafla, verði óseldum aflaheimildum Hagræðingarsjóðs úthlutað án endurgjalds. Með því verði komið til móts við þá sem urðu fyrir mestri skerðingu við síðustu úthlutun. Markvisst verði unnið að því að greiða fyrir viðskiptum við erlend skip þannig að Ísland geti orðið þekkt þjónustumiðstöð í Norður-Atlandshafi. Útgjöld verði aukin til atvinnuskapandi aðgerða, fjárfestinga og viðhalds. Ríkisstjórnin muni beina því til ríkisstofnana að fresta tækjakaupum eftir því sem unnt er, en auka þess í stað viðhald. Árið 1994 verði leitast við að skapa sem flest störf og til þess verði varið fé til nýframkvæmda og viðhalds. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 1993 kemur einnig fram, að fjárfesting erlendra fyrirtækja sé mikilvægur þáttur í öflugra og fjölbreyttara atvinnulífi. Ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að tillögur um frísvæði nái fram að ganga. Greitt verði fyrir fjárfestingu íslenskra fyrirtækja í erlendum sjávarútvegi. Íslensk fyrirtæki þurfi að styrkja stöðu sína á alþjóðavettvangi með því að fjárfesta í atvinnulífi annarra þjóða, segir ennfremur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar (VR, 1994). Í yfirlýsingu stjórnvalda við endurskoðun kjarasamninga í nóvember 1995 kom fram að atvinnuleysisbætur muni hækka 1. janúar 1996. Einnig verði lögum um atvinnuleysistryggingar breytt í því skyni að gera fastráðningu fiskvinnslufólks mögulega. Unnið verði að úrbótum í þágu þeirra, sem eru í atvinnuleit, með virkum aðgerðum á sviði verkmenntunar og starfsþjálfunar. Viðbótarframlagi verði ráðstafað sérstaklega til þessa málaflokks. Ríkisstjórnin muni einnig í samráði við aðila vinnumarkaðaris undirbúa aðgerðir sem takmarki svonefnda gerviverktöku og tryggi rétt launþega (VR, 1996).

### **5.2.3 Skattamál**

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar árið 1977 kom fram að stjórnvöld myndu beita sér fyrir lækkun tekjuskatts einstaklinga með breytingum á skattþrepum. Skattþrepin voru áður

tvö, 20% og 40%, en nýju 30% þrepi var bætt við auk þess sem 20% þrepið var breikkað. Einnig átti að dreifa innheimtu opinberra gjalda fyrir árið 1978 yfir lengri tíma (VR, 1978). Við gerð kjarasamninga árið 1980 kom fram að fjármálaráðherra muni beita sér fyrir því, að lögum um tekju- og eignaskatt verði breytt, þannig að kostnaður í löggiltum iðngreinum vegna kaupa á handverkfærum verði frádráttarbær. Athugað verði sérstaklega um útgjöld hljómlistarmanna við hljóðfærakaup í þessu sambandi (VR, 1981). Í yfirlýsingu með bráðabirgðalögum 1982 kemur fram að tekjuöflunarkerfi hins opinbera verði endurskoðað í því augnamiði að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna. Unnið verði að því að samræma aðstöðugjald á atvinnurekstur með lækkun gjaldsins á iðnað og landbúnað. Ríkisstjórnin muni hefja viðræður við samtök launafólks um jöfnun lífskjara (VR, 1983). Árið 1984 var lagt til að tekinn verði upp tekjutengdur barnabótaauki (VR, 1984). Við gerð kjarasamninga í desember árið 1986 segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að stefnt verði að því að taka upp staðgreiðslu skatta í ársbyrjun 1988. Lögð verði áhersla á að hafa skattkerfið einfalt og draga úr möguleikum á skattsvikum. Skattgrunnurinn verði breikkaður og inn í hann teknar allar tekjur og frádráttarliðir felldir niður. Reynt verði að hækka skattleysismörk og lækka skatthlutfall (VR, 1987). Við gerð kjarasamninga árið 1990 kom fram, að ríkisstjórnin muni hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins um úrbætur í skattamálum, meðal annars til þess að koma í veg fyrir skattsvik. Skattlagning lífeyrисиðgjalda verði skoðuð með tilliti til tvísköttunar. Samráð verði haft við samtök launafólks um undirbúning og framkvæmd virðisaukaskatts, um hugsanleg tvö skattþrep. Í sömu yfirlýsingu kemur fram að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að dregið verði úr fyrirhuguðum sköttum og gjöldum opinberra fyrirtækja. Áfram verði unnið að því að samræma skattlagningu á fyrirtæki því sem gerist í samkeppnislöndunum (VR, 1990). Árið 1992 segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að kannaðar verði breytingar á barnabótum með það fyrir augum, að þær verði að fullu tekjutengdar, falli niður við tiltekið tekjumark og hækki við lágar tekjur. Ríkisstjórnin leggi áherslu á öflugt skatteftirlit og sérstakar aðgerðir til þess að draga úr skattundandrætti. Samstarf verði haft við aðila vinnumarkaðarins um þessi mál (VR, 1993). Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar árið 1993 kom fram að lagður verði skattur á fjármagnstekjur frá 1. janúar 1994. Miðað verði við 10% skatt á nafnvexti sem verði innheimtur í staðgreiðslu. Tryggingagjald af útflutningsgreinum verði fellt niður til ársloka 1993. Nýtt embætti skattrannsóknastjóra tók til starfa um áramótin 1992/1993

og í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var tekið fram að starfssemi þess verði styrkt (VR, 1994). Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í febrúar 1995 kom fram, að unnið verði að því að draga úr verðtryggingu í áföngum. Verðtrygging lána miðist við lánskjaravísitölu en verði framvegis miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar (VR, 1995). Samkvæmt yfirlýsingu við kjarasamninga 1995 verði heimilt að draga helming af 4% framlagi launþega í lífeyrissjóð frá tekjum við álagningu skatta. Frá 1. júlí 1996 má draga 3% af framlagi í lífeyrissjóð og 1. júlí 1997 má draga allt 4% framlagið frá. Átak verði gert til að draga úr skattsvikum og fyrri aðgerðum fylgt eftir. Ríkisstjórnin muni beita sér fyrir afgreiðslu frumvarps til laga um breytingar á skattalögum (VR, 1996).

#### **5.2.4 Lífeyrismál**

Árið 1977 kom fram í yfirlýsingu að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir hækkun frítekjumarks tekjutryggingar, þannig að hækkun lífeyrisgreiðslna, valdi yfirleitt ekki lækkun tekjutryggingargreiðslna frá almannatryggingum (VR, 1978). Eftir viðræður við ASÍ árið 1980, gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um lífeyrismál þess efnis, að komið verði á samfelldu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn, eigi síðar en á árinu 1982. Lífeyriskerfið tryggi öllu fólki á vinnumarkaði sömu lífeyrisréttindi óháð því hjá hverjum það starfar. Heimilaðar verði þær breytingar á reglugerðum lífeyrissjóða, sem nauðsynlegar kunna að vera vegna samkomulags aðila. Árið 1980 kemur fram að fjármálaráðuneytið sé reiðubúið að heimila nauðsynlegar breytingar á reglugerð lífeyrissjóða, þannig að þeim verði heimilt að lána fé til byggingar dvalarheimila aldraðra eða annarra sambærilegra félagslegra verkefna (VR, 1981). Í tilefni af erindi forseta ASÍ árið 1984 lýsti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra því yfir, að gefin yrði út reglugerð um hækkun allra lífeyrisbóta í samræmi við væntanlegar launahækkanir (VR, 1985). Árið 1986 kemur fram í yfirlýsingu að komið verði á heildstæðu lífeyriskerfi. Ríkisstjórnin lýsti sig reiðubúna til viðræðna við aðila vinnumarkaðarins vegna vanda þeirra einstaklinga, sem eiga aðild að lífeyrissjóðum, sem standi fjárhagslega höllum fæti. Undirbúin verði löggjöf í samráði við hagsmunaaðila (VR, 1986). Við undirritun kjarasamninga árið 1989 kemur fram, að fyrir mitt ár 1990 skuli liggja fyrir niðurstaða um það hvernig hægt sé að greiða fyrir aðild starfsfólks verndaðra vinnustaða að lífeyrissjóðum. Við undirritun kjarasamninga árið 1990 kom fram að frítekjumark tekjutryggingarþega gagnvart greiðslum úr lífeyrissjóðum hækki 1. júní 1990 og aftur 1. janúar 1991. Greiðsluábyrgð



ríkissjóðs gagnvart lífeyrissjóðum við gjaldþrot fyrirtækja verði 18 mánuðir. Hámark greiðsluábyrgðar launa, verði þreföld fjárhæð mánaðarlegra atvinnuleysisbóta. Gert var ráð fyrir því að frumvarp til laga um starfsemi lífeyrissjóða yrði afgreitt á næsta þingi (VR, 1990).

### **5.2.5 Verðlags- og efnahagsmál**

Við gerð kjarasamninga árið 1977 kemur fram að ríkisstjórnin muni auka niðurgreiðslur á helstu tegundum búvöru. Ríkisstjórnin tók undir það sjónarmið aðila vinnumarkaðarins að lögð verði aukin áhersla á öflun gagna um verðlag erlendis og verði verkalýðsfélögum veitt aukin aðild að verðgæslu (VR, 1978). Í yfirlýsingu sem fylgdi bráðabirgðalögum 1982 segir að tekið verði upp nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun, þannig að verðbætur á laun verði greiddar samkvæmt nýju viðmiðunarkerfi eftir 1. desember 1982. Í sömu yfirlýsingu kemur fram að verðlagning á innlendum iðnaðarvörum, sem eigi í óheftri erlendri samkeppni, verði gefin frjáls og að tryggður verði áfangi í jöfnun húshitunarkostnaðar frá 1. október 1982 (VR, 1983). Við gerð kjarasamninga í febrúar árið 1986 segir í yfirlýsingu að gengi krónunnar verði haldið stöðugu og vextir á óverðtryggðum lánum lækki um rúmlega þriðjung. Lækkun tolla á ýmsum hátollavörum, lækkun búvöruverðs og lækkun verðjöfnunargjalds af raforku verði meðal annars mætt með lántöku hjá lífeyrissjóðum og ekki verði tekin erlend lán vegna þessa. Við verðlagningu á opinberri þjónustu og skattlagningu verði þeirri stefnu fylgt að hækkanir verði ekki umfram verðlagsþróun. Hækkanir á áfengi og tóbaki falla ekki undir þessa skilgreiningu. Reynt verði að hafa áhrif á að búvöruverð fylgi almennri verðlagsþróun. Ríkisstjórnin muni beina því til sveitarfélaga að þau takmarki hækkanir á gjaldskrá fyrirtækja og stofnana. Fylgt verði aðhaldssamri stefnu í peningamálum og lagði ríkisstjórnin áherslu á stefnu sína um lækkun erlendra skulda. Í yfirlýsingunni kemur einnig fram að Seðlabanka Íslands verði falið að kanna sparnaðarform þar sem meðal annars verði horft til gengistryggðra sparireikninga. Lántökum fjárfestingasjóða verði í auknum mæli beint til lífeyrissjóða. Ríkisstjórnin mun einnig beita sér fyrir því að ekki verði lagður skattur á nýjar innfluttar kartöflur. Ekki verði tekin upp verðstýring á innlendra matvöruframleiðslu umfram það sem þegar þekkist. Ríkisstjórnin mun auk þess leggja áherslu á virka upplýsingamiðlun um verðlagsmál (VR, 1986; VR, 1987). Í yfirlýsingu við gerð kjarasamninga árið 1989 kom fram að ríkisstjórnin muni vinna gegn

verðhækkunum eins og kostur er. Landbúnaðarvörur verði niðurgreiddar frá 1. apríl 1990 til ársloka, þannig að verð á landbúnaðarvörum verði óbreytt út árið. Ríkisstjórnin muni beita sér fyrir lækkun á dillakjöti, verðstöðvun verði sett á opinbera þjónustu og verðlagning miðist við forsendur fjárlaga. Þá segir að ríkisstjórnin muni vinna að áframhaldandi lækkun raunvaxta á verðtryggðum lánum og að þjónustugjöldum banka og sparisjóða verði veitt aðhald. Jafnframt muni ríkisstjórnin beita sér fyrir aðhaldi að verðákvörðunum einokunar- og markaðsráðandi fyrirtækja. Unnið verði öflugt verðkönnunar- og kynningarstarf (VR, 1990). Árið 1990 segir meðal annars í yfirlýsingu með kjarasamningum að ráðstafanir verði gerðar af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að koma í veg fyrir hækkun á almennri búvöru til 1. desember 1990. Forsenda þessa sé að verð til framleiðenda hækki ekki á tímabilinu. Skipaður verði starfshópur til að gera athugun á kostnaði við framleiðslu, vinnslu og sölu innlendra búvara. Starfshópurinn muni einnig gera tillögur um stefnumörkun svo hægt verði að gera búvöruframleiðsluna hagkvæmari. Samtök launafólks, fulltrúar landbúnaðarins og vinnuveitenda komi til með að eiga sæti í starfshópnum (VR, 1991). Árið 1992 segir í yfirlýsingu að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að gengi íslensku krónunnar verði stöðugt á samningstímanum. Ríkisstjórnin muni einnig hafa frumkvæði að lækkun vaxta. Markmið ríkisstjórnarinnar sé að stuðla að lækkun raunvaxta á innlendum lánamarkaði á grundvelli frjálsra markaðsvaxta, stöðugleika í gengis- og verðlagsmálum og jafnvægis í opinberum fjármálum. Ráðherra muni eiga samstarf við ASÍ, BSRB og KÍ vegna reglugerðar sem sett verði vegna lyfjakaupa. Horfið verði frá fastagjaldi sjúklinga, en tekið verði upp hlutfallsgreiðslukerfi með greiðsluhámarki. Miðað verði að því að ná markmiðum fjárlaga um sparnað í lyfjakostnaði, ásamt þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á lögum um lyfjasölu og lyfjadreifingu, lækkun álagningar og hagkvæmari innkaupum á lyfjum (VR, 1993). Árið 1993 kemur fram að ríkisstjórnin telji mikilvægt að aðgerðum í peningamálum verði hagað þannig að forsenda verði fyrir lækkun vaxta. Sala á ríkisverðbréfum hafi í auknum mæli farið fram með frjálsu útboði á markaði. Þessu verði haldið áfram og fjölbreytni í framboði bréfa aukin, meðal annars með útgáfu ríkisverðbréfa í erlendri mynt. Lánsþörf opinberra aðila verði takmörkuð eins og kostur er, til að forðast neikvæð áhrif á þróun raunvaxta. Tímabundið verða tilteknar kjöt- og mjólkurvörur niðurgreiddar. Lækkunin gildi frá 1. júní 1994 til áramóta en þá lækki virðisaukaskattur á matvælum. Til að fjármagna þessa lækkun að hluta verði lagður

skattur á fjármagnstekjur frá 1. janúar 1994. Hugað verði að samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu gagnvart innflutningi (VR, 1994). Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 1995 kemur fram að skipuð verði nefnd sem geri tillögur um aðgerðir til að lækka framfærslukostnað heimilanna. Leitað verði leiða til að lækka sérstaklega vöruverð á landsbyggðinni. Bankar og lífeyrissjóðir verði hvattir til að gera átak í skuldbreytingu lána (VR, 1995). Við endurskoðun kjarasamninga í nóvember 1995 kemur fram að ríkisstjórnin muni, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa framleiðenda, leita leiða til að koma í veg fyrir verðlagsbreytingar á grænmeti, svo og afurðum svína og alifugla (VR, 1996).

### **5.2.6 Húsnæðismál**

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 1977, um húsnæðismál, segir að skipuð verði nefnd til að endurskoða þau ákvæði laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins sem fjalla um byggingu félagslegra íbúða. Áfram verði lögð áhersla á að efla byggingu verkamannabústaða og leiguhúsnæðis fyrir fólk sem uppfylli ákveðnar félagslegar forsendur. Greiðslubyrði kaupenda verði ákveðið hlutfall tekna og munu verkalýðsfélögin fá aðild að úthlutun íbúðanna (VR, 1977). Áfram verði stefnt að því að hefja byggingu á 400 félagslegum íbúðum segir í yfirlýsingu stjórnvalda frá 1980 eða samtals 1500 íbúðir á þremur árum (Egill Þórarinsson, 2012). Fyrir kjarasamningana árið 1986 höfðu aðilar vinnumarkaðarins lagt fyrir ríkisstjórnina tillögur að lausn á vanda húsbýggjenda sem þeir töldu eitt brýnasta úrlausnarefni samninganna. Í yfirlýsingu með kjarasamningunum kemur fram að ríkisstjórnin sé reiðubúin að skoða hugmyndir aðila vinnumarkaðarins um húsnæðismál og beita sér fyrir breytingum á lögum og reglum um þar um. Aukið fé verði lagt í að aðstoða þá sem eiga í greiðsluerfiðleikum vegna húsbýggjenda meðal annars verði því beint til banka og sparisjóða að þeir lengi lánstíma til húsbýggjenda (VR, 1986). Samhliða þessum yfirlýsingum voru skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna hjá Húsnæðisstofnun aukin í 55% af ráðstöfunartekjum sjóðanna og var lántaka bundin við aðild að lífeyrissjóðum (Egill Þórarinsson, 2012). Í yfirlýsingu við gerð kjarasamninga árið 1989 segir að sérstakt átak verði gert í byggingu félagslegra íbúða. Seinni hluta árs 1990 var gert ráð fyrir að framkvæmdir við 200 nýjar íbúðir verði hafnar í félagslega íbúðakerfinu (VR, 1990). Árið 1990 kemur fram í yfirlýsingu félagsmálaráðherra að skipuð yrði nefnd með þátttöku samtaka launþega, um það

hvernig auka megi framboð á félagslegu húsnæði. Nefndinni verði falið að leggja fram tillögur um endurbætta tilhögun lánveitinga til félagslegra íbúðabygginga og um leiðir til að auka framboð leiguhúsnæðis. Ríkisstjórnin lýsti sig reiðubúna til þess að skoða leiðir til úrbóta í félagslega húsnæðiskerfinu sem leysa mættu aðkallandi þörf (VR, 1990). Árið 1992 kom fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að vextir í félagslega húsnæðiskerfinu verði ekki hækkaðir á samningstímanum. Ríkisstjórnin, ASÍ, BSRB og KÍ, muni hafa samráð um hvernig koma megi til móts við leigjendur sem lökust hafa kjörin (VR, 1993). Við gerð kjarasamninga árið 1995 kemur fram að Seðlabanki Íslands, Félagsvísindastofnun og Húsnæðisstofnun ríkisins muni skila athugun á umfangi vanskila og eðli greiðsluerfiðleika heimilanna. Skilgreint verði til hvaða aðgerða skuli gripið í skuldbreytingum hjá þeim, sem eigi í greiðsluerfiðleikum. Greiðsludögum vegna vaxtabóta verði fjölgað þannig að greiðslur þeirra gangi til afborgana af lánum Húsnæðisstofnunar. Gera þurfi ráðgjöf Húsnæðisstofnunar og frumkvæðisskyldu hennar öflugri (VR, 1995).

### **5.2.7 Menntamál**

Árið 1989 kom fram í yfirlýsingu við gerð kjarasamninga að áfram yrði unnið að uppbyggingu starfsmenntunar og komið verði á samræmdu starfsmenntunarkerfi á vegum félagsmálaráðuneytisins. Frumvarp um Félagsmálaskóla alþýðu verði væntanlega samþykkt á yfirstandandi þingi (VR, 1990). Árið 1990 segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að kannað verði, samhliða endurskoðun laga um Atvinnuleysistryggingasjóð, hvernig hægt sé að nýta greiðslur úr sjóðnum til starfsnáms (VR, 1990). Í yfirlýsingu með kjarasamningum um menntamál árið 1992 kom fram að lögfest yrði frumvarp til laga um starfsmenntun í atvinnulífinu og að á samningstímanum verði ekki gerðar einhliða breytingar á uppsetningu skóladagatala eða reglugerð um starfstíma skóla (VR, 1993). Árið 1995 hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir því að frumvarp um framhaldsskóla verði afgreitt frá Alþingi en með því skapist forsendur til margvíslegra breytinga á verk- og starfsmenntun (VR, 1995).

### **5.2.8 Almennatryggingar**

Við kjarasamninga árið 1977 kom fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að bótafjárhæðir Almennatrygginga hækki til samræmis við laun verkamanna og tekin verði upp sérstök heimilisuppbót á lífeyri þeirra sem búa einir (VR, 1978). Árið 1980 segir í yfirlýsingu

ríkisstjórnarinnar að stefnt verði að því, með lagasetningu, að koma á fæðingarorlofi frá 1. janúar 1981. Fæðingarorlofið verði greitt af lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins og þeim útgjöldum sem Atvinnuleysistryggingasjóður beri vegna fæðingarorlofs verði aflétt. Í yfirlýsingunni kemur auk þess fram að hvorki sé heimilt að segja barnshafandi konu upp starfi né konu í fæðingarorlofi. Heimilt verði móður af heilsufarsástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag og á hún þá rétt á greiðslum til viðbótar þremur mánuðum. Ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri eigi rétt á tveggja mánaða orlofi vegna ættleiðingar barns allt að fimm ára aldri. Árið 1980 var lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar. Þar kemur meðal annars fram að sá sem hefur haft sjómennsku að ævistarfi sínu í að minnsta kosti 25 ár skuli eiga rétt til töku ellilífeyris við 60 ára aldur. (VR, 1981). Í yfirlýsingu við gerð kjarasamninga 1989 segir að unnið verði að því að allar konur njóti jafnréttis varðandi fæðingarorlof og skipuð verði nefnd til að vinna að því (VR, 1990). Árið 1992 segir í yfirlýsingu að réttur til fæðingarorlofs verði ekki skertur á samningstímanum (VR, 1993). Í yfirlýsingu við endurskoðun kjarasamninga árið 1995 kom fram að bætur almannatrygginga muni hækka 1. janúar 1996 (ASÍ, 1996)

### **5.2.9 Annað**

Við gerð kjarasamninga árið 1977 kom fram að ríkisstjórnin muni við afgreiðslu fjárlaga beita sér fyrir hækkun fjárveitinga ríkisins til dagvistunarheimila. Árið 1980 gaf ríkisstjórnin loforð um fjárframlög til dagvistarmála og í samvinnu við sveitarfélögin verði gerð áætlun um uppbyggingu dagvistarheimila, þannig að fullnægt verði þörf fyrir dagvistunarþjónustu barna á næstu 10 árum. Í yfirlýsingunni kemur einnig fram að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að auknir verði möguleikar ófaglærðra starfsmanna dagvistarheimila til menntunar með námskeiðahaldi (VR, 1978). Í yfirlýsingu með kjarasamningum árið 1980 var fjallað í ítarlega um orlofsheimili verkalýðsfélaganna. Þar kom fram að byggingarleyfisgjald yrði lækkað af orlofsheimilum í samráði við sveitarfélögin. Félagsmálaráðherra gaf loforð um breytingar á gildandi ákvæðum byggingarreglugerðar þannig að sveitarfélögum væri aðeins heimilt að innheimta eftirlitsgjald af orlofsheimilum verkalýðsfélaga, væri þess óskað af verkalýðsfélögum eða brýn nauðsyn kalli á eftirlit. Endurskoða skyldi ábúðar- og jarðarlög með tilliti til hagsmuna orlofsbyggða verkalýðsfélaganna. Ríkisstjórnin muni leggja fram frumvarp til

laga um breytingar á vegalögum þess efnis að orlofsheimili verkalýðsfélaganna verði undanþegin vegaskatti. Kannað verði hvernig gjaldtöku á orlofsheimili sé háttað. Komi í ljós að um ósanngjarna gjaldtöku sé að ræða, skal málið tekið upp á ný. Í yfirlýsingunni frá 1980 kemur einnig fram að leitað verði leiða til þess að hækka vexti af orlofsfé umfram almenna hækkun vaxta, þannig að dregið verði úr misræmi milli vaxtakjara orlofsþega og innlánsvaxta. Skipuð verði nefnd með fulltrúum ASÍ til að ræða við Seðlabankann um bætt vaxtakjör Póstgíróstofunnar og athugað verði nánar hagkvæmasta fyrirkomulag innheimtu og vörslu orlofsfjár. Með nýrri reglugerð varð sú breyting á að Póstgíróstofan greiddi launþegum orlof, jafnvel þó að atvinnurekandi hafi ekki staðið í skilum. Þessi breyting fól í sér í ríkisábyrgð á greiðslu orlofs. Ríkisstjórnin ákvað að hækka vexti á orlofsfé úr 5% í 11,5% (VR, 1981). Yfirlýsingin sem gefin var út við undirritun kjarasamninga 1982 fjallaði einungis um málefni fatlaðra. Þar kom fram að nauðsynlegt væri að tryggja rekstrargrundvöll verndaðra vinnustaða meðal annars með því að beina innkaupum þangað. Hraðað yrði setningu reglugerðar um verndaða vinnustaði og gerðar verði breytingum á lögum sem miði að því að leiðrétta kjör óvinnufærs fatlaðs fólks. Ríkisstjórnin var sammála ASÍ um að fatlaðir, sem vinni á vernduðum vinnustöðum, skuli njóta þess lagaréttar sem aðild að verkalýðsfélögum veitir svo sem orlof, atvinnuleysistryggingar og aðild að lífeyris- og sjúkrasjóðum. Bensínstyrkur öryrkjabifreiða verði hækkaður og reglur um bensínstyrk verði rýmkaðar. Komið verði á föstu samráði ASÍ, hagsmunasamtaka fatlaðra og ríkisvaldsins, þar sem hagsmunamál fatlaðra verði til stöðugrar endurskoðunar og umfjöllunar, ASÍ verði tryggð full aðild að mótun reglugerðarinnar. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar með bráðabirgðalögum 1982 kom fram að leitað verði samráðs við aðila vinnumarkaðarins um þá breytingu á orlofslögum að laugardögum og frídegi verslunarmanna verði sleppt við talningu orlofsdaga. Að viðræðum loknum muni ríkisstjórnin leggja fram frumvarp þar um. Þá segir að lögleitt verði að stjórnendur ríkisstofnana, ráðuneyta og ríkisbanka verði framvegis ráðnir til fimm ára í senn og að stefnt verði að aukinni hlutdeild starfsmanna og meðábyrgð í stjórnun fyrirtækja og stofnanna. Þá muni ríkisstjórnin láta fara fram endurskoðun á skipulagi og útgjöldum til heilbrigðismála með sérstakri áherslu á þjónustu sjúkrahúsa (VR, 1983). Við gerð kjarasamninga á almennum markaði árið 1992, voru í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar ákvæði um, að á samningstímanum yrðu ekki gerðar breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og að ekki yrðu

gerðar breytingar á lífeyrisréttindum þeirra. Þá gaf ríkisstjórnin einnig út yfirlýsingu um lækniþjónustu. Þar kom fram að hámarksgreiðsla fjölskyldu vegna lækniþjónustu muni lækka og að börn sex ára og yngri þurfi ekki að greiða fyrir heimsókn á heilsugæslustöð. Þátttaka sjúklinga í kostnaði við hjálpartæki verði áfram til skoðunar. Niðurskurður á sviði heilbrigðismála verði takmarkaður þannig að ekki komi til samdráttar í heimahjúkrun eða að loka þurfi öldrunardeildum sjúkrahúsa. Barnageðdeild Landspítala verði áfram í eðlilegum rekstri (VR, 1993). Árið 1995 kom fram í yfirlýsingu við kjarasamningagerðina að endurskoðuð yrði reglugerð um endurgreiðslur á kostnaði vegna ferða- og dvalarkostnaðar við sérfræðiheimsóknir og við innlagnir á sjúkrahús. Áfram verði unnið að því að draga úr kynbundnum launamuni, segir í sömu yfirlýsingu (VR, 1996).

### **5.3 Tímabilið 1997 - 2013 – Hefð komin á samráð**

Á tímabilinu 1997 - 2013 voru gerðir sex kjarasamningar auk Stöðugleikasáttmálans árið 2009. Kjarasamningar voru endurskoðaðir átta sinnum. Kjarasamningar árið 1997 voru gerðir til þriggja ára en þeim samningum fylgdi engin yfirlýsing.

Kjarasamningar árið 1997 voru fyrstu samningarnir sem gerðir voru eftir breytingarnar á vinnulöggjöfinni árið 1996. Flest landssambönd innan ASÍ fengu umboð aðildarfélaganna sinna til að fara með samningsumboðið og gerð viðræðuáætlana. Við samningana hækkuðu lægstu laun mikið og almennar kjarabætur náðust en almennt var talið að stöðugleikinn hefði fest sig í sessi (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem gefin var út 10. mars 2000, kom fram að lögð verði áhersla á að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum og skapa skilyrði fyrir áframhaldandi hagvexti (ASÍ, 2000). Við endurskoðun kjarasamninga 13. desember 2001 lýsti ríkisstjórnin yfir stuðningi við samkomulag aðila vinnumarkaðarins. Áfram verði lögð áhersla á aðhald í ríkisfjármálum og stöðugleika í efnahagsmálum, sölu ríkisfyrirtækja, uppbyggingu stóriðju ásamt væntanlegum breytingum á skattalegu umhverfi (ASÍ, 2002). Árið 2002 voru kjarasamningar endurskoðaðir og fylgdi yfirlýsing ríkisstjórnar, Seðlabanka og fjármálaráðherra þeirri endurskoðun (ASÍ, 2003). Árið 2004 var samið til lengri tíma en áður hafði verið eða til loka árs 2007 (ASÍ, 2004). Þann 17. febrúar árið 2008 voru á ný gerðir kjarasamningar til þriggja ára (ASÍ, 2008). Samhliða gerð Stöðugleikasáttmálans í júní 2009 var tekist á um endurskoðun kjarasamninga frá 2008. Atvinnurekendur þrýstu

á um það, að kjarasamningum yrði sagt upp, vegna óánægju með stefnu stjórnvalda og Seðlabanka í gengis- og vaxtamálum. Ekki kom þó til uppsagnar og því komu umsamdar launahækkanir til framkvæmda 1. nóvember 2009 (ASÍ, 2010). Stöðugleikasáttmálinn var undirritaður 25. júní 2009. Að honum stóðu, auk ríkisstjórnarinnar: ASÍ, SA, BSRB, BHM, KÍ, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) og Samband íslenskra sveitarfélaga. Markmið Stöðugleikasáttmálans var að stuðla að endurreisn efnahagslífsins og með sáttmálanum sameinuðust aðilar um leiðir til að vinna þjóðina út úr yfirstandandi vanda. Í Stöðugleikasáttmálanum var meðal annars kveðið á um áherslur í ríkisfjármálum, ráðstafanir í þágu heimilanna, sókn í atvinnumálum, endurreisn bankanna, afnám gjaldeyrishafta, lækkun vaxta, stöðugt verðlag og styrking krónunnar (ASÍ, 2009). Kjarasamningarnir frá 2008 voru endurskoðaðir á ný í nóvember 2009 og fylgdi þeirri endurskoðun yfirlýsing stjórnvalda. Vorið 2011 var nýr kjarasamningur undirritaður og átti hann að gilda til 31. janúar 2014 með umsömdum endurskoðunarákvæðum. Með yfirlýsingu sinni vildu stjórnvöld leggja sitt af mörkum til að koma á varanlegum hagvexti og stuðla að því að kjarasamningar væru gerðir til þriggja ára. Samningurinn fól í sér rúmlega 12% launahækkun á samningstímanum og mesta hækkun fengu þeir sem lægst höfðu launin. Í viðræðum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda var lögð áhersla á auknar fjárfestingar og verklegar framkvæmdir. Í yfirlýsingunni kom fram að stefnt yrði að því að fjárfestingar verði um 20% af landsframleiðslu. Áhersla var lögð á mikilvægi þess að unnið væri í sameiningu að endurreisn samfélagsins og að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld hafi með sér reglubundið og náð samráð á samningstímanum. Fjögurra manna starfshópi, fulltrúa stjórnvalda, SA og ASÍ, var ætlað að standa vörð um þau atriði sem fram komu í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar (ASÍ, 2011). Við endurskoðun kjarasamninga í janúar 2012 náðist samkomulag milli ASÍ og SA um endurskoðun kjarasamninga. Samkomulagið fól í sér að samningunum var ekki sagt upp en samningstíminn var stytur um tvo mánuði. Við endurskoðun samninga árið 2013 var það mat verkalýðshreyfingarinnar að forsendur kjarasamninga frá 2011 væru brostnar. Þrátt fyrir þetta varð niðurstaðan sú að kjarasamningar voru framlengdir og komu því til framkvæmda umsamdar hækkanir til 1. febrúar 2013 (ASÍ, 2013).



Þann 21. desember 2013 náðist samkomulag um nýjan kjarasamning. Allir kjarasamningar aðila voru framlengdir óbreyttir til 31. desember 2014, að því frátöldu að kaupliðir breyttust. Við undirbúning nýrra kjarasamninga verði unnið eftir tímasettri viðræðuáætlun og stefnt verði að því að móta nýtt íslenskt kjarasamningalíkan að norrænni fyrirmynd (ASÍ-m, e.d.). Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem fylgdi kjarasamningunum var lögð áhersla á skattamál, verðlags- og efnahagsmál og menntamál (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2013). Samningarnir voru svokallaðir aðfarasamningar og þar gefast samningsaðilum 12 mánuðir til að undirbúa langtímasamninga með það að markmiði að tryggja stöðugleika og kaupmáttaraukningu til framtíðar. Í fréttartilkynningu frá ASÍ kemur fram að undirbúningur að gerð langtímasamnings hefjist í byrjun árs 2014 (ASÍ-l, 2013). Í yfirlýsingu með kjarasamningum kemur fram að komið verði á fastanefnd um samskipti hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins sem miði að virku aðhaldi í verðlagsmálum. (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2013).

### 5.3.1 Efnisflokkar yfirlýsinga 1997 - 2013

Tafla 4: Yfirlýsingar og skipting eftir efnisflokkum

Ár	Atvinnumál	Skattamál	Lífeyrismál	Verðlags- og efnahagsmál	Húsnæðismál	Menntamál	Almanna-tryggingar	Annað
2000	✓	✓		✓			✓	
2001		✓	✓	✓		✓		
2002		✓		✓				
2004	✓	✓	✓			✓		
2005	✓		✓			✓		
2006	✓		✓			✓	✓	
2008	✓	✓		✓	✓	✓	✓	
2009	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
2011	✓	✓	✓		✓	✓		
2013		✓		✓		✓		

### 5.3.2 Atvinnumál

Árið 2000 kemur fram í yfirlýsingu að grunnbætur atvinnuleysistrygginga muni hækka. Auk þess verði teknar upp tekjutengdar atvinnuleysisbætur, allt af 70% af heildartekjum, með ákveðnu launabaki. Bæturnar verða tekjutengdar í allt að þrjá mánuði (ASÍ, 2006). Í yfirlýsingu sem gefin var við gerð kjarasamninga 2004 var loforð um hækkun atvinnuleysisbóta í áföngum fram til 1. janúar 2007 (ASÍ, 2004). Við endurskoðun kjarasamninga árið 2005, fólst í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar loforð um að bæta stöðu erlends vinnuafis. Einnig ætlaði ríkisstjórnin að beita sér fyrir lagasetningu varðandi greiðslu atvinnuleysisbóta sem fæli meðal annars í sér hækkun lágmarksbóta, tekjutengingu og styttingu greiðslutímabils. Í yfirlýsingunni kom einnig fram að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að sett verði lög um starfsmannaleigur (ASÍ, 2005; ASÍ, 2006). Við endurskoðun kjarasamninga árið 2006 fylgdi loforð um að grunnbætur atvinnuleysistrygginga yrðu hækkaðar sem og tekjutenging þeirra. Einnig var í yfirlýsingunni loforð um markviss úrræði, ráðgjöf og þjálfun til að auðvelda einstaklingum leit að nýju starfi. Fyrirheit um að lög yrðu sett um starfsmannaleigur var einnig að finna í yfirlýsingu stjórnvalda árið 2006 (ASÍ, 2007). Árið 2008 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um hækkun atvinnuleysisbóta til samræmis við hækkun lægstu launa og áttu tekjutengdar hámarksbætur að hækka um sama hlutfall.

Starfsendurhæfingarsjóður kom inn með kjarasamningum árið 2008 en sjóðurinn var stofnaður af ASÍ og SA. Stofnaðilar eru þó fleiri og komu stéttarfélag og atvinnurekendur á opinberum vinnumarkaði einnig að undirritun stofnskrár sjóðsins árið 2009. Um hlutverk og stefnu starfsendurhæfingarsjóðs segir á heimasíðu hans: „Hlutverk starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum.“ (Starfsendurhæfingarsjóður, 2013). Árið 2008 kom einnig fram að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir breytingum á skaðabótalögum, þannig að meðábyrgð á vinnuslysum verði ekki felld á starfsmann nema hægt væri að rekja tjónið til ásetnings eða stórfellds gáleysis viðkomandi (ASÍ, 2008; ASÍ, 2009). Í Stöðugleikasáttmálanum 2009 var að finna áform um framkvæmdir sem stuðla áttu að aukinni atvinnu. Þar lýsti ríkisstjórnin sig reiðubúna til að liðka fyrir stórframkvæmdum og að hraða undirbúningi vegna fjárfestinga í meðalstórum iðnaðarkostum. Ríkisstjórnin væri reiðubúin að ganga til samstarfs við lífeyrissjóðina um að þeir fjármagni stórar framkvæmdir. Í

Stöðugleikasáttmálanum kemur einnig fram að tekið verði upp samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini. Markmiðið með slíku samstarfi sé meðal annars að koma í veg fyrir svartra atvinnustarfsemi, gerviverktöku, misnotkun atvinnuleysisbóta og að tryggt verði að starfsmenn njóti samningsbundinna réttinda. Ríkisstjórnin muni beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum um almennt eftirlit á vinnustöðum og vinnustaðaskírteini (ASÍ, 2009). Í endurskoðun kjarasamninga í nóvember 2009 segir meðal annars í yfirlýsingu að ríkisstjórnin sé reiðubúin til viðræðna um breytt fyrirkomulag á þjónustu við atvinnulausa. Þá segir einnig að áhersla verði lögð á atvinnusköpun, hraðað verði fyrirhuguðum stórframkvæmdum og að greitt verði fyrir fjárfestingu í atvinnulífinu (ASÍ, 2010). Við gerð kjarasamninga árið 2011 fylgdi yfirlýsing ríkisstjórnarinnar þar sem fjallað var ítarlega um atvinnutengd málefni. Þar kemur meðal annars fram að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins séu sammála um nauðsyn þess að vinna bug á atvinnuleysi og skapa fjölbreytt og vel launuð störf. Örva þurfi fjárfestingu og hvetja til nýsköpunar en jafnframt búa atvinnulífinu hagstæð starfsskilyrði með efnahagsstefnu sem stuðli að hagvexti. Stjórnvöld lýstu sig reiðubúin til samstarfs við samtök launafólks og atvinnurekenda um sókn í atvinnumálum. Ráðist verði í tímabundið átaksverkefni gegn svartri atvinnustarfsemi. Embætti ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneyti í samvinnu við ASÍ og SA muni standa að áttakinu. Í yfirlýsingu sinni lýsti ríkisstjórnin yfir mikilvægi þess að heilbrigð samkeppni ríki við útboð verklegra framkvæmda og þjónustu. Stjórnvöld muni beita sér fyrir breytingum á lögum um opinber innkaup til þess að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi og réttindi launafólks. Í sömu yfirlýsingu segir, að stjórnvöld muni auka opinberar fjárfestingar og viðhaldsframkvæmdir. Í yfirlýsingu með kjarasamningum 2011 eru talin upp fjölmörg fyrirhuguð verkefni í atvinnumálum. Þar á meðal eru framkvæmdir við nýjan Landspítala, Vaðlaheiðargöng og ný hjúkrunarheimili auk útboðs á nýju fangelsi. Í sömu yfirlýsingu kom fram að framkvæmdir á vegum Ofanflóðasjóðs verði auknar á árunum 2011 og 2012. Auknu fé verði veitt til vegaf framkvæmda á Vestfjörðum og reynt verði að finna leiðir svo hægt verði að ráðast í umfangsmiklar samgönguframkvæmdir á Suð-Vesturlandi. Veitt verði fé til úrbóta á fjölsóttum ferðamannastöðum. Stjórnvöld séu tilbúin til að greiða fyrir auknum fjárfestingum í orku og iðnaði, einkum ef það stuðli að auknum útflutningstekjum. Lögð verði áhersla á fjárfestingar í virkjunum og gerð raforkusamninga, þar sem tekið verði tillit til

umhverfisgæða. Í yfirlýsingu stjórnvalda kemur fram að þegar hafði verið ákveðið að ráðast í framkvæmdir við stækkun álversins í Straumsvík og kísilvers í Helguvík. Stjórnvöld muni greiða fyrir því að lífeyrissjóðir geti tekið beinan þátt í fjárfestingum og/eða fjármögnun. Í yfirlýsingu stjórnvalda er einnig hvatt til fjárfestinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Veittir verði auknir fjármunir til kynningarmála og áhersla lögð á mikilvægi þess að kynna erlendum aðilum Ísland sem fjárfestingarkost. Jafnframt segir, að stjórnvöld telji nauðsynlegt að auka erlenda fjárfestingu hér á landi og ryðja burt hindrunum. Ráðist verði í áttak til að fjölga ferðamönnum yfir vetrartímamann með áherslu á kynningar- og markaðsstarf. Samkeppnissjóðir á sviði mennta-, heilbrigðis-, velferða-, orku- og umhverfismála, verði eflir. Stjórnvöld muni leita leiða til að efla Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og Tækniþróunarsjóði verði gert kleift að aðstoða fyrirtæki í hugbúnaðar- og hátækni til að auka útflutning, segir ennfremur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Árið 2011 var í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar lögð áhersla á mikilvægi uppbyggingar starfsendurhæfingar svo stuðla mætti að þátttöku og virkni á vinnumarkaði. Þar segir að draga þurfi markvisst úr ótímabæru brottfalli launafólks af vinnumarkaði og bregðast við með forvörnum og virkri heilsuvernd á vinnustöðum. Bæta þurfi starfstengd úrræði fyrir atvinnuleitendur, fjölga úrræðum og einfalda kerfið. Mikilvæg sátt var milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um uppbyggingu og þróun starfsendurhæfingar á vinnumarkaði (ASÍ, 2011).

### 5.3.3 Skattamál

Samkvæmt yfirlýsingu við gerð kjarasamninga árið 2000 hækki bæði persónuafsláttur og skattleysismörk. Ríkisstjórnin muni láta framkvæma athugun á tekjuskatti einstaklinga og staðgreiðslukerfinu. Einnig verði skoðaðir kostir og gallar þess að fjölga skattþrepum. Samráð verði haft við samtök aðila vinnumarkaðarins um þessi málefni. Í sömu yfirlýsingu kemur fram að tilhögun barnabóta verði endurskoðuð þannig að dregið verði úr tekjutengingu og tekjuskerðingarmörk barnabóta hækki. Þetta verði gert í þremur áföngum en gert verði ráð fyrir um þriðjungs hækkun (ASÍ, 2000). Árið 2001 kemur fram að ríkisstjórnin væri tilbúin til að lækka skatthlutfallið frá áramótum 2002 þannig að skattleysismörkin hækki í takt við launaþróun. Forsenda þessa var að sveitarfélögin hækkuðu ekki útsvar á móti. Skoðaðir yrðu kostir og gallar fjölþrepa skattkerfis. Ríkisstjórnin hugðist beita sér fyrir lækkun tryggingagjalds á árinu 2003. Aðhalds yrði

gætt í ríkisfjármálum til þess að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum. Nefnd skipuð fulltrúum frá ASÍ, Þjóðhagsstofnunar og fjármálaráðuneyti yrði falið að vinna viðmiðunarreglur fyrir mismunandi fjölskyldur. Þessar reglur yrðu notaðar við útreikninga á greiðslubyrði félagslegra bóta og mat á breytingum á skatt- og bótakerfi (ASÍ, 2002). Árið 2002 kom fram í yfirlýsingu með endurskoðun kjarasamninga að gangi verðlagsmarkmið kjarasamninga eftir verði hægt að lækka tryggingagjaldið um 0,27% á árinu 2003 (ASÍ, 2003). Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar árið 2004 kom fram að tryggingagjald lækki 1. janúar 2007 í sambandi við hækkað framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði (ASÍ, 2004). Við endurskoðun kjarasamninga árið 2006 voru skattleysismörk hækkuð frá 1. janúar 2007 og þau tengd neysluvísitölu. Skattleysismörkin yrðu síðan endurskoðuð árlega og þau hækkuð í samræmi við vísitölu neysluverðs. Í sömu yfirlýsingu kemur fram, að ákvæði um vaxtabætur verði endurskoðuð hafi hækkun fasteignaverðs fyrir árið 2005 leitt til marktækrar skerðingar vaxtabóta. Ríkisstjórnin muni beita sér fyrir lækkun tekjuskatts einstaklinga um 1% um áramótin 2006/2007. Um þau áramót nái greiðslur barnabóta til 18. ára aldurs (ASÍ, 2006). Árið 2008 kemur fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að persónuafsláttur hækki um sjö þúsund krónur á næstu þremur árum, umfram almenna verðuppfærslu. Skerðingarmörk barnabóta verði hækkuð fyrir hjón og einstaklinga. Eins muni tekjuskattur fyrirtækja lækka úr 18% í 15% frá tekjuárinu 2008 (ASÍ, 2008). Árið 2009 kemur fram að endurskoðuð verði skattaleg meðferð greiðslna úr sjúkra- og fræðslusjóðum. Einnig verði greiðslur úr verkfallssjóði endurskoðaðar út frá yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá febrúar 2008 (ASÍ, 2009). Við endurskoðun kjarasamninga í nóvember 2009 kemur fram að við breytingar á tekjuskattskerfinu verði tekið tillit til hækunar á skattleysismörkum sem áttu að hækka samkvæmt kjarasamningi frá 2008 og lögum þar að lútandi. Í yfirlýsingu með kjarasamningum árið 2011 kemur fram að tekju- og eignatenging vaxta- og barnabóta verði endurskoðuð. Lögfest verði að persónuafsláttur taki breytingum í samræmi við verðlagsbreytingar. Persónuafsláttur muni samkvæmt þessu hækka í ársbyrjun 2012. Skoðuð verði hugsanleg lækkun skatthlutfalls í lægsta skattþrepi. Ekki var gert ráð fyrir breytingum á skattlagningu launa fyrir árin 2012 og 2013. Í sömu yfirlýsingu segir, að dragi úr atvinnuleysi á samningstímanum verði hægt að lækka atvinnuþryggingagjaldið. Samhliða lækkun á atvinnuþryggingagjaldinu verði gerðar breytingar á almenna tryggingagjaldinu (ASÍ, 2011).

Við gerð kjarasamninga í desember 2013 lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún hyggist beita sér fyrir heildarendurskoðun á tekjuskattskerfinu. Markmiðið verði að einfalda kerfið, skattþrepum verði fækkað og jaðarskattar verði lækkaðir. Lagt verði fram frumvarp þar sem efri mörk lægsta þreps tekjuskatts hækki í 290 þúsund krónur og skatthlutfall í miðþrepi verði 25,3%. Í yfirlýsingunni kemur fram að þessar skattahækkanir komi hinum tekjulægri til góða. Í sömu yfirlýsingu kemur einnig fram að fljótlega verði hafin endurskoðun á virðisaukaskattskerfinu og verði sú vinna unnin í samráði við samtök atvinnuveitenda og launþega (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2013).

#### **5.3.4 Lífeyrismál**

Við endurskoðun kjarasamninga árið 2001 lýsti fjármálaráðherra því yfir að unnið yrði að því að jafna lífeyrisréttindi félagsmanna ASÍ, sem starfi hjá ríkinu, við réttindi annarra starfsmanna ríkisins (ASÍ, 2003). Árið 2004 er ríkisstjórnin reiðubúin til viðræðna við lífeyrisnefnd SA og ASÍ um verkaskiptingu milli lífeyrissjóða og almannatrygginga (ASÍ, 2004). Við endurskoðun kjarasamninga árið 2005 var ríkisstjórnin tilbúin að skoða leiðir, í samstarfi við ASÍ og SA, sem geti dregið úr aukinni örorkubyrði lífeyrissjóðanna og jafnað stöðu milli einstakra sjóða. Fram kemur að forsætisráðherra muni skipa nefnd með fulltrúum stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóða. Nefndinni verði ætlað að vinna tillögur um samræmt örorkumat í almannatrygginga- og lífeyrissjóðakerfinu, þar sem fyrst og fremst verði horft til þeirra einstaklinga sem eigi erfitt með að fá starf við hæfi (ASÍ, 2006). Í yfirlýsingu með endurskoðun kjarasamninga árið 2006 var fjármunum lofað til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA (ASÍ, 2007). Í Stöðugleikasáttmálanum árið 2009 kemur fram, að ríkisstjórn, sveitarfélög og aðilar vinnumarkaðarins, muni í sameiningu taka málefni lífeyrissjóða til umfjöllunar. Lagaleg skylda sé að endurskoða fjármögnun sjóða og/eða skerða réttindi sjóðsfélaga. Aðilar voru sammála um að fresta ákvörðunum um aðgerðir á meðan unnið væri að heildarendurskoðun (ASÍ, 2010). Við gerð kjarasamninga árið 2011 náðist samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði. Starfshópi, sem skipaður var á grundvelli Stöðugleikasáttmálans, var ætlað að leggja grunn að samræmdu lífeyriskerfi alls vinnumarkaðarins. Með auknum framlögum til

lífeyrissjóða á almennum markaði ætti niðurstaða að vera ljós fyrir árslok 2012 (ASÍ, 2011; ASÍ, 2012).

### 5.3.5 Verðlags- og efnahagsmál

Í yfirlýsingu við gerð kjarasamninga árið 2000, kemur fram að starfshópur muni kanna lyfjaverð á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Niðurstöðurnar verði síðan notaðar til koma með lausnir sem jafni lyfjakostnað landsbyggðarinnar við þau svæði þar sem samkeppni ríkir um lyfjaverð. Skoðað verði hvernig hægt sé að koma við endurgreiðslum vegna umtalsverðs lyfja-, læknis-, og þjálfunarkostnaðar til þeirra sem hafa lágar tekjur (ASÍ, 2000). Við gerð endurskoðun samninga árið 2001 lýsti ríkisstjórnin því yfir að stutt yrði við verðlagseftirlit ASÍ. Þar kom meðal annars fram að með virku verðlagseftirliti aukist upplýsingastreymi til neytenda auk þess sem það veiti fyrirtækjum og stofnunum aðhald. Ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því, að tollar á grænmeti verði felldir niður eða lækkaðir verulega. Þess í stað verði teknar upp beingreiðslur til framleiðenda. Vonir voru bundnar við að þessar aðgerðir myndu leiða til hjöðunar verðbólgu (ASÍ, 2002). Við endurskoðun kjarasamninga árið 2002 kom aftur fram að tollar á grænmeti verði lækkaðir verulega eða felldir niður (ASÍ, 2003). Við gerð kjarasamninga árið 2008 var ákveðið að ráðast í aðgerðir til lækkunar vöruverðs auk þess sem skoðaðir yrðu möguleikar á lækkun tolla og vörugjalda (ASÍ, 2008). Í Stöðugleikasáttmálanum árið 2009 kemur fram að mikilvægt sé að tryggja aðgang að erlendu lánsfé fyrir atvinnulíf og heimili. Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins móti sameiginlega viðmið sem fylgt verði við endurreisn atvinnulífsins. Stuðst verði við viðurkenndar innlendar og erlendar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Hömlum á gjaldeyrisviðskipti verði aflétt í áföngum í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar með það að markmiði að koma stöðugleika á gengi krónunnar. Leitast verði við að aflétta hömlum á nýrri fjárfestingu fyrir 1. nóvember 2009. Meðal þeirra leiða, sem reynt verði að fara, er að erlendir aðilar fái kröfur sínar á hendur ríki eða Seðlabanka uppgerðar í krónum eða með skuldabréfum til langs tíma í evrum eða öðrum erlendum gjaldmiðlum (ASÍ, 2009). Við endurskoðun kjarasamninga í nóvember 2009 kemur fram að ríkisstjórnin muni endurmeta umfang aðhaldsaðgerða sem hugsanlega gætu orðið til lækkunar á ráðgerðum skattahækkunum (VR, 2010).

Í yfirlýsingu með kjarasamningum í desember 2013 kom meðal annars fram að á næstu tveimur árum verði gjaldskrárhækkanir ríkisins undir verðbólguþröngun Seðlabanka Íslands. Þá muni ríkisstjórnin leggja sitt að mörkum til að fyrirtæki í ríkiseigu gæti aðhalds við gjaldskrárbreytingar á komandi ári og eru orkufyrirtæki sérstaklega nefnd í þessu sambandi. Ríkisstjórnin lýsti því jafnframt yfir að hún muni endurskoða til lækkunar vissar breytingar á gjöldum sem þegar hafa verið samþykktar í tengslum við afgreiðslu fjárlaga ársins 2014. Þannig verði stuðlað að því að verðlagsáhrif verði minni en annars hefðu orðið og í samræmi við verðbólguþröngun Seðlabankans (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2013).

### **5.3.6 Húsnæðismál**

Við gerð kjarasamninga 2008 kom fram í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að unnið verði að stefnumótun í húsnæðismálum. Þar verði meðal annars skoðað fyrirkomulag vaxta- og húsaleigubóta. Ríkisstjórnin muni, í samstarfi við sveitarfélög, beita sér fyrir hækkun húsaleigubóta. Sérstakar húsaleigubætur hækki og skilyrði þeirra verða rýmkuð. Veðheimildir á lánum vegna leiguíbúða verði rýmkaðar vegna aukinnar eftirspurnar. Eignaskerðingarmörk vaxtabóta hækki um 35% árið 2008. Ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því, að stimpilgjöld á lánum við kaup á fyrstu íbúð falli niður. Eins verði komið á húsnæðissparnaðarkerfi með skattaafslætti fyrir einstaklinga 35 ára og yngri (ASÍ, 2008). Í Stöðugleikasáttmálanum og við endurskoðun kjarasamninga 2009 kom fram vilji ríkisstjórnarinnar að bæta stöðu lántakenda og skuldsettra heimila. Horft yrði sérstaklega til þeirra sem nýlega höfðu keypt sína fyrstu eign. Gengið yrði frá útistandandi skuldum ríkisins vegna húsaleigubóta (ASÍ, 2009). Árið 2011 kemur fram að stjórnvöld hafi beitt sér fyrir lækkun á skuldum sem hvíla á yfirveðsettu íbúðarhúsnæði og þannig dregið úr greiðslubyrði heimila vegna íbúðarhúsnæðis. Skilyrðum fyrir skuldaaðlögun hafi verið breytt í því skyni að úrræðið nýtist fleirum. Nefnd um mótun húsnæðisstefnu hafi unnið tillögur um fjölbreyttari valkosti í húsnæðismálum og samræmingu á stuðningi við leigjendur og eigendur íbúðarhúsnæðis. Starfshópur muni útfæra tillögur um nýtt húsnæðisbótakerfi með tilliti til jafnræðis milli búsetuforma, þegar kemur að skiptingu fjármuna, sem varið er til vaxta- og húsaleigubóta (ASÍ, 2011).



### 5.3.7 Menntamál

Kjarasamningar voru endurskoðaðir árið 2001 en þar kom fram að ríkisstjórnin muni í samvinnu við SA og ASÍ beita sér fyrir endurskipulagningu starfsfræðslu í atvinnulífinu. Yfirlýsingunni fylgdi loforð um fjármagn sem átti að styrkja verkefnið (ASÍ, 2002). Árið 2004 var fjármögnun til starfsmenntasjóða framlengd til ársloka 2007 (ASÍ, 2004). Við endurskoðun kjarasamninga árið 2005 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um átak í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins til að efla starfs- og endurmenntun ófaglærðra og þeirra sem hafa litla menntun. Auknu fé verði varið til fullorðinsfræðslu og starfsmenntamála. Áfram verði lögð áhersla á samstarf Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og menntamálaráðuneytisins um mat á raunfærni. Einnig verði auknum fjármunum veitt til að mæta einstaklingsmiðaðri starfs- og námsráðgjöf á vegum símenntunarstöðva. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins verði falið að útbúa námsefni og þjálfa leiðbeinendur fyrir íslenskukennslu fyrir útlendinga (ASÍ, 2006). Árið 2006 voru framlög til fullorðinsfræðslu og starfsmenntamála aukin og átti hækkunin að koma til framkvæmda árið 2007 (ASÍ, 2006). Árið 2008 var enn að finna yfirlýsingu þar sem áhersla var lögð á bættu menntun fólks á vinnumarkaði. Í yfirlýsingunni kom fram sú framtíðarsýn, að árið 2020 verði ekki fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar. Þar kom einnig fram að í undirbúningi væri löggjöf sem tryggði tækifæri allra til menntunar að loknu grunnskólanámi. Gæta þyrfti jafnræðis við kostnaðarþátttöku hins opinbera og tryggt yrði samræmi í fjárhagslegum stuðningi ríkisins við nám á framhalds- og háskólastigi við starfsmenntanámi. Árið 2009 kemur fram að yfirfara þurfi reglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna og tryggja beri jafnræði milli einstaklinga og hópa varðandi tækifæri til menntunar. Þess verði gætt að kostnaður nemenda á framhaldsskólastigi, vegna skráningar- og efnisgjalda, verði óverulegur og haldið í algjöru lágmarki. Þá verði gert samkomulag um aðkomu opinbera vinnumarkaðarins að kerfinu. Framlög til símenntunar og fullorðinsfræðslu, sem nýtist fólki á vinnumarkaði, verði aukin í jöfnum framlögum á næstu tveimur árum (ASÍ, 2009). Árið 2011 var í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar rætt um sérstakt átak í menntamálum fyrir ungt fólk og atvinnuleitendur. Einnig var að finna í yfirlýsingunni viljrði fyrir fjármögnun þróunarsjóðs til eflingar starfstengdu námi, endurskoðun námslánakerfisins, vottun gæðakerfa og sveigjanlegra skila innan menntakerfisins. Öllum verði gefið tækifæri til náms á viðeigandi námsbrautum. Leitað verði eftir því við stjórn

Atvinnuleysistryggingasjóðs, að sjóðurinn beri kostnað vegna þessa á haustönn 2011. Í yfirlýsingu stjórnvalda kom fram, að mikilvægt sé að nemendum verði auðveldað að fá metna til eininga áfanga úr framhaldsfræðslu og raunfærni. Leitað verði samstarfs við háskóla um sama markmið. Endurskoðuð verði lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Í sömu yfirlýsingu var gert ráð fyrir að stofna þróunarsjóð til að efla starfstengt nám á framhalds- og háskólastigi og koma á styttri námsleiðum. Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins tryggja sameiginlega fjármögnun þróunarsjóðsins. Samstarf fyrirtækja og skóla um starfstengt nám, verði aukið, segir í sömu yfirlýsingu. Vinnustaðanámssjóði, sem er ætlað að að mæta kostnaði vegna starfsnáms á vinnustað, verða tryggt fjármagn á fjárlögum 2012 (ASÍ, 2011; ASÍ, 2012).

Í yfirlýsingu með kjarasamningum í desember 2013 kemur fram að áfram verði unnið að umbótum í menntamálum í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, með áherslu á þá sem hafi minnstu menntunina (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2013).

### **5.3.8 Almennatryggingar**

Í yfirlýsingu við gerð kjarasamninga árið 2000 segir að greiðslur almennatrygginga hækki í samræmi við hækkun launa. Einnig kom fram að ráðgerðar væru breytingar á reglum um fæðingarorlof, stefnt verði að lengingu þess, jöfnun réttinda foreldra til þátttöku og reglur verði samræmdar (ASÍ, 2000). Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar árið 2006 segir að greiðslur til aldraðra og öryrkja verði ákveðnar til samræmis við samkomulag aðila vinnumarkaðarins og hækkun atvinnuleysisbóta (ASÍ 2006). Árin 2008 og 2009 kom fram í yfirlýsingu að bætur almennatrygginga hækki í samræmi við gildandi lög. Nefnd félags- og tryggingamálaráðherra verði falið að gera tillögur um róttækar breytingar á almennatryggingakerfinu til að einfalda það og skoða leiðir til að setja lágmarksviðmið í framfærslu (ASÍ, 2008). Við gerð kjarasamninga árið 2011 kom fram yfirlýsing þess efnis að lífeyrisþegum og atvinnuleitendum yrðu tryggðar sambærilegar kjarabætur og launafólki á lægstu launatöxtum (ASÍ, 2012).

### **5.3.9 Annað**

Í Stöðugleikasáttmálanum árið 2009 segir að stefnt skuli að því að endurskipulagningu bankanna verði lokið fyrir 1. nóvember 2009 og að áfram verði unnið að breytingum á lögum um greiðsluáðlögun skulda heimilanna (ASÍ, 2009).

## 6 Umræða og lokaorð

Markmiðið með rannsókninni var að leita svara við rannsóknarspurningunni: Hver hefur þróun samráðs við kjarasamningagerð á almennum vinnumarkaði verið síðustu 50 ár?

Niðurstöður benda til að skipta megi rannsóknartímabilinu í þrennt. Á árunum 1964 - 1976 verður samráð til og aðilar eru að þreifa fyrir sér. Áherslan er á fáa en mikilvæga málaflokka sem skipta heildina miklu máli eins og húsnæðis- og lífeyrismál. Á tímabilinu 1977 - 1996 festir samráðið sig í sessi og á þessum árum er lagður grunnur að þjóðarsátt, en tímabilið einkennist meðal annars af því að ítrekað er gripið inn í kjarasamningagerðina og jafnframt lengdist gildistími samninga. Á árunum 1997 - 2013 má líta á að hefð sé komið á samráðið, gildistími samninga lengdist almennt en um leið markast tímabilið af efnahagshruninu árið 2008, þar sem nauðsynlegt var að endurskoða margt upp á nýtt.

### 6.1 Samskipti aðila á vinnumarkaði

Við greiningu á yfirlýsingum stjórnvalda kemur fram að ríkisstjórnir hafa endurtekið kallað eftir samstarfi við aðila vinnumarkaðarins í hinum ýmsu málaflokkum. Samkvæmt þeirri skiptingu, sem Salamon (2003) setur fram á samskiptum á vinnumarkaði, falla samskipti á íslenskum vinnumarkaði helst undir svokallaða samráðssamninga. Þar eru stjórnvöld reiðubúin að veita aðilum vinnumarkaðarins hlutdeild í stefnu sinni á ýmsum sviðum. Þannig hafa ríkisstjórnir ítrekað óskað eftir samstarfi um lausn á vanda víxlhækkunar launa og verðlags og samráð hefur einnig verið haft vegna úrbóta í skattamálum og mótun langtímastefnu í atvinnuuppbyggingu í landinu, svo dæmi séu tekin.

### 6.2 Samráð á vinnumarkaði

Í kjarasamningunum sem undirritaðir voru 5. júní 1964 fór ASÍ í fyrsta sinn fram í umboði flestra aðildarfélaga sinna. Samkvæmt skilgreiningum Schmitter (1981), Lehbruch (1979) og fleiri fræðimanna á samráðshyggju, má rekja fyrsta samráðið á íslenskum vinnumarkaði til þessa og því miðast upphaf rannsóknartímabilsins við Júnísamkomulagið árið 1964. Þá hafði ASÍ boðið ríkisstjórninni samvinnu sem stöðva átti

verðbólgu og dýrtíð. Markmiðið var að ná samningum til lengri tíma og þar skyldi meðal annars reynt að semja um styttri vinnudag, lengingu orlofs, vinnuvernd og húsnæðismál. Í viðræðum ríkisstjórnarinnar, ASÍ og VSÍ náðist meðal annars samkomulag um að komið yrði á verðtryggingu kaupgjalds með lagasetningu auk þess sem samkomulag náðist um vinnutíma (ASÍ, 1964). Aðferðafræðin eins og hún birtist í Júnísamkomulaginu var vel þekkt á Norðurlöndunum en samkomulagið fól í sér félagslegar umbætur í stað beinna launahækkana (Guðmundur Magnússon, 2004). Eitt af skilyrðum ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninganna árið 1964 var að samningarnir giltu aðeins til eins árs og að ekki yrði samið um hækkun grunnlauna. Í þessum kjarasamningum urðu til svokallaðir félagsmálapakkar (Kjartan Emil Sigurðsson, 2002).

### **6.3 Kjarasamningagerð og hlutverk stjórnvalda**

Á síðustu fimm áratugum hefur komist á þríhliða samstarf verkalýðshreyfingarinnar, samtaka atvinnurekenda og stjórnvalda við gerð kjarasamninga, þar sem stéttarfélag og/eða atvinnurekendur gera kröfur á stjórnvöld og er þeim kröfum oft mætt með yfirlýsingum sem fylgja kjarasamningum.

Eftirfarandi tilvitnun er lýsandi fyrir viðhorf verkalýðshreyfingarinnar um nauðsyn þess að koma sameiginlega fram og um mikilvægi aðkomu stjórnvalda að kjarasamningagerðinni:

Í hinu flókna þjóðfélagi samtímans er nánast óhugsandi að greiða úr meiriháttar kaupdeilum nema til komi bein eða óbein þátttaka ríkisvaldsins. Slíkar samningaviðræður við ríkisvaldið geta einstök félög eða sambönd vart annast heldur er nauðsynlegt og eðlilegt að þær séu á höndum heildarsamtakanna (VR, 1989, bls. 11).

Crouch bendir á að þar sem stjórnvöld taki sér stöðu milli hefðbundinna viðsemjenda verði þau um leið hluti af samningaferlinu; þau verði beinn samningsaðili (Crouch, 1982). Þá má einnig benda á sérstaka stöðu stjórnvalda, sem geta komið að samningagerðinni og auðveldað lausn mála með loforðum í formi yfirlýsinga en jafnframt hafa þau vald til þess að ógilda samningana og var því valdi oft beitt á árunum fyrir þjóðarsátt.

Þegar samkomulag hefur náðst milli stéttarfélaga og vinnuveitenda, koma stjórnvöld oftast en ekki með yfirlýsingar um það hvað þau leggja til samninganna. Á árunum 1964 -

2013 voru í langflestum tilfellum lagðar fram yfirlýsingar við kjarasamningagerðina og í seinni tíð einnig við endurskoðun þeirra. Aðilar vinnumarkaðarins gera ráð fyrir því að stjórnvöld komi að kjarasamningum, sem merkja má á því að þegar kjarasamningaferlið fer í gang koma fram spurningar um það hvaða spil ríkisstjórnin hafi á hendi.

Umdeilt er hvort stjórnvöld eigi að koma að kjarasamningum og telja sumir að að kjarasamningar eigi eingöngu að fara fram milli stéttarféлага og vinnuveitenda án aðkomu stjórnvalda. Þrátt fyrir að þessar raddir heyrist í aðdraganda samninga, meðal annars frá stjórnámálamönnum, þá er ljóst að komin er hefð á þríhliða samstarf við samningagerðina og fátt sem gefur tilefni til að ætla að breytinga sé að vænta.

Þegar skoðaðar eru þær yfirlýsingar sem lagðar voru fram á rannsóknartímabilinu snúast þær helst um þá þætti sem aðeins nást með samtakamætti og í samvinnu við stjórnvöld. Þetta eru mál sem snúa að sköttum, lífeyrismálum, húsnæðismálum, menntamálum, atvinnumálum og almannatryggingum. Þetta er í samræmi við kenningar Crouch (1982) um það, að stjórnvöld geti boðið ýmislegt sem ekki næst með hefðbundnum samningum. Margt af því sem náðst hefur fram og við teljum sjálfsagt í dag eru því í reynd þættir sem náðst hafa með þríhliða samstarfi aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Bean (1994) bendir á þátttöku stéttarféлага í baráttu fyrir réttindum félagsmanna sinna og um leið þátttöku í þróun nútíma velferðarríkja. Íslensk stéttarfélög hafa verið ötul í baráttu sinni fyrir réttindum félagsmanna, sérstaklega þeirra sem búa við bágustu kjörin og þeirra sem eru án atvinnu.

#### **6.4 Tímabilið 1964 - 1976**

Á árunum 1964 - 1976 var mikil áhersla lögð á að ná fram sameiginlegum málefnum sem þóttu mikilvæg og aðkallandi fyrir heildina. Þar ber helst að nefna húsnæðis- og lífeyrismál, tryggingu kaupmáttar og vinnuverndarmál, málefni sem aðeins var hægt að ná með samstilltu átaki og í samvinnu við stjórnvöld.

Í lok sjötta áratugarins sömdu einstök félög og hópar hver fyrir sig. Síðar áttuðu menn sig á því að kjarasamningaviðræður væru auðveldari ef félög með svipaða samningsstöðu færu sameiginlega fram. Fyrsta eiginlega samflotið sem ASÍ leiddi var við kjarasamningana árið 1964. Miðstýring við kjarasamningagerðina jókst síðan á áttunda áratugnum en samhliða voru iðulega gerðir fjölmargir sérsamningar félaga og

sérsambanda. Samflotin urðu því meginregla, en þó með undantekningum (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013).

Í yfirlýsingu sem gefin var út við gerð kjarasamninga árið 1965 voru ákvæði um húsnæðismál sem auðvelda áttu efnalítlum fjölskyldum að eignast húsnæði. Rekja má uppbyggingu Breiðholtshverfisins til þessarar yfirlýsingar (Guðmundur Magnússon, 2004). Til þess að fjármagna byggingaframkvæmdir í Breiðholtinu skyldi lagður 1% launaskattur á launagreiðslur og hverskonar atvinnutekjur, aðrar en í landbúnaði og yrðu greiðslur af húsnæðislánum verðtryggðar (Kjartan Emil Sigurðsson, 2002). Eftir Júnísamkomulagið 1964 hækkuðu lán til húsnæðiskaupa og gátu einstaklingar í verkalyðsfélögum fengið 80% kaupverðs að láni til 33ja ára og voru þau afborgunarlaus fyrstu þrjú árin. Framkvæmdir við byggingu íbúða í Breiðholti voru aðallega á einni hendi og átti það að draga úr byggingarkostnaði. Lögð var áhersla á að íbúðirnar væru vandaðar, hagkvæmar og án íburðar en um hverja íbúð voru að jafnaði fjórar til sex umsóknir. Af þeim íbúðum sem byggðar voru átti Reykjavíkurborg að fá 50 íbúðir á ári til ráðstöfunar. Árið 1967 var flutt inn í fyrstu íbúðirnar í Breiðholtinu sem byggðar voru á vegum framkvæmdanefndarinnar. Framkvæmdum í Breiðholti lauk árið 1980 en þá var búið að byggja 1251 íbúð. Talið er að um 2000 einstaklingar hafi með þessari uppbyggingu komist úr heilsuspillandi húsnæði (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b).

Kjarasamningarnir árið 1964 og 1965 urðu síðar fyrirmynd að umfangsmiklum umbótum í húsnæðismálum sem náðust í kjarasamningum árið 1974 og 1986 (Kjartan Emil Sigurðsson, 2002).

## **6.5 Tímabilið 1977 - 1996**

Árið 1977 var samið beint við stjórnvöld meðal annars um skattamál, húsnæðismál, verðlagsmál, dagvistunarmál og vinnuverndarmál (VR, 1978). Í Sólstöðusamningunum náðist samkomulag um að sett yrðu lög um vinnuvernd og er það án efa eitt af því þýðingarmesta sem komið hefur fram með yfirlýsingum við kjarasamningagerð.

Á árunum 1977 - 1980 var mikil harka á vinnumarkaði og fór ASÍ að mestu fram fyrir heildina. Samflotin héldu áfram og reynt var að koma á stöðugleika í efnahagslífinu. Þegar lög voru sett á kjarasamninga, eins og ítrekað var gert á níunda áratugnum, kallaði það á að byrja þurfti upp á nýtt. Niðurstaðan varð sú, að áherslan var lögð á það sem

hagkvæmast var fyrir heildina og var því hagsmunum einstakra hópa vikið til hliðar (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013).

Almennt eru fræðimenn sammála um það að samráð aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda hafi náð hámarki við Þjóðarsáttarsamningana árið 1990 (Guðmundur Magnússon, 2004; Árni H. Kristjánsson, 2009; Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). Fyrir Þjóðarsáttarsamningana var efnahagsástandið erfitt, gjaldþrotum einstaklinga og fyrirtækja fjölgaði um allt land og atvinnuleysi var orðið áhyggjuefni (Árni H. Kristjánsson, 2009). Vörur, þjónusta og lánin hækkuðu sem aldrei fyrr og fólk var búið að fá nóg af ástandinu og tilbúið að reyna nýjar leiðir. Brýnt var að koma böndum á verðbólguna og tryggja með því kaupmátt launa. Árið 1986 var víðtækt samráð reynt við gerð kjarasamninga og oft talað um fyrri Þjóðarsátt. Kjarasamningarnir fólu í sér hóflegar launahækkningar og laun þeirra lægst launuðu hækkuðu mest. Þetta voru svipaðar áherslur og síðar sáust í Þjóðarsáttarsamningunum árið 1990 (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). Allt benti til þess að hægt væri að gera skynsamlega kjarasamninga þar sem ytri skilyrði voru hagstæð. Með samningunum 1986 var í fyrsta sinn reynt að samstillja laun og verðlag og ákveðið var að taka upp staðgreiðslu tekjuskatts. Fljótlega eftir samningana 1986 komu í ljós hættumerki, með vaxandi launaskriði og í framhaldi af því varð mikil einkaneysla og þensla. Eftir kjarasamningana í byrjun árs 1988, var gripið til umfangsmikla efnahagsaðgerða sem fólu meðal annars í sér 6% gengisfellingu og öðrum ráðstöfunum til að bæta starfsskilyrði útflutningsgreina og sporna við viðskiptahalla. Síðar sama ár var gengið aftur fellt og í framhaldi af því setti ríkisstjórnin bráðabirgðalög um aðgerðir í efnahagsmálum. Þar er helst að nefna að samningsréttur stéttarfélaganna var afnuminn í tæpt ár. Samstaða var ekki fyrir hendi meðal stéttarfélaganna og ljóst að aðkomu ríkisins væri þörf (Árni H. Kristjánsson, 2009). Árið 1990 gerðu aðilar vinnumarkaðarins samning sem kallaður hefur verið Þjóðarsáttarsamningur. Að samningnum stóðu flest samtök á vinnumarkaði, ríkisstjórnin, bankar og bændasamtökin (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). Samningnum var ætlað að ná verðbólgunni niður til frambúðar og samið var um litlar launahækkningar. Verðbólga hjaðnaði hratt og var samningurinn framlengdur nokkrum sinnum (Katrín Ólafsdóttir, 2008). Við gerð kjarasamninganna lofaði ríkisstjórnin aðhaldi í verðlagsmálum, gengislækkunir skyldu stöðvaðar og verði á búvöru skyldi haldið óbreyttu og bankarnir lofuðu vaxtalækkunum (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). Með samningunum var bundinn endir á víxlhækkningar

launa og verðlags og böndum var komið á verðbólguna (Árni H. Kristjánsson, 2009). Mikilvægt var að almennur stuðningur var við að láta reyna á þjóðarsáttina (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013b). Fyrir tíma þjóðarsáttarsamningana lögðu stéttarfélögin áherslu á beina launahækkun en í þjóðarsáttarsamningunum og eftir þá varð meiri áhersla á kaupmáttaraukningu. Eftir þjóðarsáttarsamningana lengdist kjarasamningstíminn almennt (Katrín Ólafsdóttir, 2008).

## **6.6 Tímabilið 1997 - 2013**

Á ofanverðum tíunda áratugnum jókst sveigjanleiki við kjarasamningagerðina og sáu einstök sambönd eða bandalag einstakra félaga oftast um samningagerðina eða hluta hennar. Eftir sem áður lagði ASÍ línurnar um þau mál sem voru sameiginleg fyrir heildina en útfærslu á sérmálunum voru oftast í höndum smærri eininga (Sumarliði R. Ísleifsson, 2013). Þrátt fyrir það að ASÍ fari með samningsumboðið hefur það ekki sama vald og hliðstæð aðildarfélög á Norðurlöndunum eins og fram kemur í kaflanum um Norræna samningslíkanið.

Yfirlýsingar á þessu tímabili eru mjög ítarlegar sérstaklega hvað varðar atvinnumálin. Við efnahagshrunið 2008 var nýlukið við að gera kjarasamninga til þriggja ára. Samhliða endurskoðun þeirra kjarasamninga árið 2009 var gerður svokallaður Stöðugleikasáttmáli þar sem yfirlýsing stjórnvalda var sett fram í þríhliða sáttmála með aðilum vinnumarkaðarins. Þetta fyrirkomulag var ekki reynt aftur og var horfið til fyrra forms við kjarasamningagerðina árið 2011.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 21. desember 2013 segir að ríkisstjórnin telji jákvætt að aðilar vinnumarkaðarins skuli standa saman að stefnumörkun í kjaramálum sem miði að stöðugu verðlagi. Jafnframt kemur fram að til að greiða fyrir gerð kjarasamninga sé ríkisstjórnin reiðubúin að veita skuldbindandi fyrirheit (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2013).



## 6.7 Meginatriði yfirlýsinganna

Tafla 5: Yfirlýsingar ríkisstjórna við gerð kjarasamninga 1964 – 2013

Ár	Atvinnumál	Skattamál	Lífeyrismál	Verðlags- og efnahagsmál	Húsnæðismál	Menntamál	Almanna-tryggingar	Annað
1964					✓			
1965					✓			
1968	✓				✓			
1969			✓					
1974					✓			
1975		✓		✓			✓	
1976	✓				✓			✓
1977	✓	✓	✓	✓	✓		✓	✓
1980	✓	✓	✓		✓		✓	✓
1982	✓	✓		✓				✓
1984	✓	✓	✓					
1986		✓	✓	✓	✓			
1989	✓		✓	✓	✓	✓		
1990	✓	✓	✓	✓	✓		✓	
1992	✓	✓		✓	✓	✓	✓	✓
1993	✓	✓		✓				
1995	✓	✓		✓	✓	✓	✓	✓
2000	✓	✓		✓			✓	
2001		✓	✓	✓		✓		
2002		✓		✓				
2004	✓	✓	✓			✓		
2005	✓		✓			✓		
2006	✓		✓			✓	✓	
2008	✓	✓		✓	✓	✓	✓	
2009	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
2011	✓	✓	✓		✓	✓		
2013		✓		✓		✓		

Í töflu 5 hafa töflur 2, 3 og 4 verið sameinaðar til þess að auðvelda yfirsýn.

Við blasir að veigamestu atriði yfirlýsinga tengjast helst atvinnumálum, skattamálum, verðlags- og efnahagsmálum, sem öll eru nátengd innbyrðis og endurspegla yfirlýsingarnar ástandið í þjóðfélaginu hverju sinni. Eins og áður hefur verið komið inn á er nauðsynlegt að skoða yfirlýsingarnar í samhengi við þá umræðu sem er í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Þannig fæst til að mynda eðlilegt samhengi við yfirlýsingar um skóladagatalið og starfstíma skóla, yfirlýsingar um heilbrigðismál og öldrunarstofnarnir og barnageðdeild Landspítala.

Athygli vekur að ítrekað koma fyrir „sömu“ yfirlýsingarnar. Endurtekið er að stutt verði við verðlagseftirlit ASÍ, beitt verði aðgerðum til að lækka vöruverð, tollar verði lækkaðir og vörur niðurgreiddar. Þá kemur endurtekið fram að skattþrepum verði breytt til að lækka tekjuskatt einstaklinga og að ráðist verði í átak vegna svartrar atvinnustarfsemi og að þannig verði komið í veg fyrir misnotkun bóta. Lækkun skatthlutfalls og hækkun skattleysismarka eru einnig atriði sem endurtekið koma fyrir í yfirlýsingum með kjarasamningum. Þá er reglulega ályktað um hækkun persónuafsláttar og um lækkun skatta í lægstu skattþrepum. Almennt má segja að áherslur í þeim yfirlýsingum sem fram komu á rannsóknartímabilinu gangi út á að þeir hækki mest sem lægst hafi launin. Flestar yfirlýsingar sem ríkisstjórnir senda frá sér eru þannig fram settar að þær gagnist sem mest heildinni en þó með undantekningum. Ein sérhæfðasta yfirlýsingin kom fram árið 1980, þar sem fram kom að fjármálaráðherra muni athuga sérstaklega hvort útgjöld hljómlistarmanna við hljóðfærakaup verði frádráttarbær til skatts, á sama hátt og kostnaður vegna kaupa iðnaðarmanna á handverkfærum.

Í ljósi þess að sömu málaflokkarnir koma ítrekað fram í yfirlýsingum stjórnvalda má oftast greina jákvæða þróun í málaflokkunum. Í sumum tilvikum breytast áherslur innan málaflokksins. Í kringum aldamótin síðustu var lögð áhersla á aðbúnað starfsmanna og öryggi þeirra. Á góðæristímum virðast atvinnumálin vera í góðum farvegi og því til dæmis eru engar yfirlýsingar í atvinnumálum árin 2001 – 2004. Á þensluárunum 2005 – 2006 snúast yfirlýsingar aðallega um aðbúnað erlends vinnuafis, starfsmannaleigur og hækkun atvinnuleysisbóta til samræmis við aðra launaþróun. Á þessum árum hafði orðið veruleg aukning á fjölda erlendra starfsmanna og kallaði það á aðgerðir til að

mæta þörfum þessa hóps, helst var kallað eftir íslenskukennslu og að tryggt væri að erlendir starfsmenn nytu þeirra réttinda sem samningar kvæðu á um.

Eitt vandamálið sem við hefur verið að etja og enn er jafn óleyst og var fyrir hálfri öld, er húsnæðisskorturinn. Í yfirlýsingum frá 1964 og 1965 var verið að bregðast við þeirri neyð sem var á húsnæðismarkaði, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Árið 1986 taldi verkalyðshreyfingin að eitt brýnasta úrlausnarefni samninganna væri að leysa vanda húsbýggjenda og lýsti ríkisstjórnin sig reiðubúna að skoða hugmyndir aðila vinnumarkaðarins. Árið 1989 var talað um að gera átak í byggingu félagslegra íbúða. Athygli vekur að á árunum 2000 - 2006 komu engar yfirlýsingar um húsnæðismál og endurspeglar það hversu auðvelt var að fá lán til húsnæðiskaupa og hversu mikið var byggt á tímabilinu. Árið 2008 komu aftur fram yfirlýsingar sem tengdust húsnæðismálum þá með áherslu á húsaleigu- og vaxtabætur auk annarra aðgerða sem áttu að auðvelda einstaklingum að eignast eða leigja húsnæði. Á liðnum árum hefur aftur skapast aðkallandi vandi í húsnæðismálum. Stór hópur fólks hefur ekki efni á að festa kaup á húsnæði og nánast er ógerlegt að fá leigt á viðráðanlegu verði. Því er brýnt að brugðist verði við þeim skorti sem blasir við í húsnæðismálum og þá sérstaklega í málefnum leigjenda. Við gerð kjarasamninga í desember 2013 hefði því mátt vænta yfirlýsinga er tengdust húsnæðismálum en sú varð ekki raunin. Í fylgiskjali með kjarasamningnum 2013 er hinsvegar yfirlit yfir þau efnisatriði sem ASÍ og SA telja mestu skipta í aðkomu ríkisstjórnarinnar og þar eru talin upp atriði er varða húsnæðismál. Óskað var eftir því að ný löggjöf verði sett um húsnæðislánakerfið og farin verði svonefnd „dönsk leið“, tekið verði upp félagslegt húsnæðislánakerfi og nýtt kerfi húsnæðisbóta. Leiða má að því líkum að yfirlýsing er varðar húsnæðismál hafi ekki fylgt kjarasamningum árið 2013, þar sem húsnæðismál voru í öðrum farvegi hjá ríkisstjórninni, til dæmis með tillögum um skuldaniðurfellingu.

Menntamálin koma fyrst fram í yfirlýsingum árið 1989 og hefur verkalyðshreyfingin frá þeim tíma lagt mikla áherslu gildi menntunar. Yfirlýsingar með kjarasamningum hafa meðal annars falið í sér loforð um endurskoðun og uppbyggingu starfsmenntunar, samræmt starfsmenntunarkerfi og áhersla hefur verið á fullorðinsfræðslu. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Eiríkur Hilmarsson (2009) benda á að menntunarstig á íslenskum vinnumarkaði sé lágt. Í ljósi þess ætti ekki að koma á óvart sú áhersla sem ASÍ

hefur lagt á menntunarmálin, meðal annars sem leið til að draga úr atvinnuleysi. Með því að leggja meiri áherslu á hvers kyns menntun er verið að gera einstaklinga hæfari til að takast á við ný verkefni í síbreytilegu vinnuumhverfi. Áhersla hefur verið lögð á að efla starfs- og endurmenntun félagsmanna í verkalýðsfélögum og í yfirlýsingu sem gefin var árið 2008 kom fram sú framtíðarsýn að árið 2020 verði aðeins um 10% starfsmanna án viðurkenndrar starfs- og framhaldsskólamenntunar. Þar kemur einnig fram að í undirbúningi sé löggjöf sem tryggji öllum tækifæri til menntunar að loknu grunnskólanámi. Breytingar á atvinnuháttum vegna aukinnar tölvunotkunar í nær öllum störfum kallar sérstaklega á endurmenntun þeirra sem eru eldri og hafa minni menntun. Á síðustu árum hefur áherslan verið á símenntun og fullorðinsfræðslu, átak hefur verið gert í málefnum ungra atvinnuleitenda og einnig hefur áhersla verið lögð á sveigjanleika innan menntakerfisins. Við gerð kjarasamninga í desember 2013 fóru aðilar vinnumarkaðarins fram með kröfur á stjórnvöld í menntamálum. Þar var lögð aukin áhersla á verk- og tæknimenntun og að áfram verði stefnt að því að lækka hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi. Í yfirlýsingu með kjarasamningum kom fram að áfram verði unnið að umbótum í menntamálum með áherslu á þá sem hafi minnstu menntunina.

Lífeyrismálin hafa verið til umfjöllunar frá árinu 1969, þegar komið var á skylduaðild að lífeyrissjóðum, en ekki hefur komist á samfellt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn, þrátt fyrir yfirlýsingar þar um.

Eftir efnahagshrunið hafa leikreglur riðlast og má skoða hvort afturför hafi orðið í einhverjum tilvikum, þar sem ákveðnum árangri hafði þegar verið náð. Líklegast sést best í þessu ástandi hversu samtengdir málaflokkarnir eru og mikilvægi þess að aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld vinni í sameiningu að því að skapa þann grunn er tryggir að samningar færi einstaklingum raunverulegar kjarabætur.

## 6.8 Að lokum

Ekki er vitað til þess að áður hafi verið teknar saman og greindar yfirlýsingar ríkisstjórna við gerð kjarasamninga yfir allt það tímabil sem rannsóknin nær yfir. Rannsóknin gagnast helst þeim sem vinna við og áhuga hafa á kjarasamningagerð. Yfirlýsingarnar geta sagt okkur heilmikið um stöðuna í íslensku samfélagi á hverjum tíma. Árið 1992 kom til dæmis fram að ekki verði gerðar einhliða breytingar á uppsetningu skóladagatala né breytingar á reglugerð skóla, en á þessum tíma voru í undirbúningi breytingar á skólalöggjöfinni og voru miklar umræður í Þjóðfélaginu um skólamál. Þá má nefna kröfur um aðgerðir í dagvistarmálum árið 1980, en á þeim tíma var mikill skortur á dagvistarúrræðum þegar konur voru í auknum mæli farnar að stunda vinnu utan heimilis til jafns við karla. Ýmsar yfirlýsingar sem gefnar voru á rannsóknartímabilinu kæmu væntanlega ekki fram í dag, svo sem sú er fylgdi kjarasamningum árið 1986 um að ekki verði lagður skattur á innfluttar kartöflur.

Það sem helst kom á óvart var það að sömu efnisþættirnir komu fyrir aftur og aftur, keimlíkar kröfur og svipaðar yfirlýsingar. Einnig kom á óvart hversu lítið heilbrigðismálin koma við sögu í ljósi þess hversu lengi niðurskurður í heilbrigðiskerfinu hefur staðið yfir. Aðeins er komið inn á kostnað vegna læknisheimsókna og ástæða þykir til að geta sérstaklega að barnageðdeild Landspítala verði áfram í eðlilegum rekstri árið 1992. Í þessari rannsókn eru yfirlýsingar ríkisstjórna við kjarasamningsgerð notaðar til þess að varpa ljósi á þróun samráðs á vinnumarkaði. Yfirlýsingarnar gefa ákveðnar vísbendingar en segja þó ekki alla söguna. Fróðlegt væri að skoða efndir þeirra yfirlýsinga sem gefnar hafa verið, en það er ekki viðfangsefni þessarar rannsóknar. Einnig væri áhugavert að skoða hvort munur sé á þeim kröfum sem gerðar eru á stjórnvöld við kjarasamningagerðina eftir því hverjir fara með völd hverju sinni. Þá mætti einnig skoða hvort munur sé á þeim áherslum sem fram koma í yfirlýsingunum út frá sama sjónarhorni.

Þegar rannsakandi var að leggja síðustu hönd á vinnu þessa verkefnis náðust kjarasamningar aðila á almennum vinnumarkaði. Þeim kjarasamningum fylgdi yfirlýsing ríkisstjórnarinnar með svipuðum áherslum og hafa verið undanfarna áratugi. Nýir kjarasamningar voru aðeins gerðir til eins árs og undirbúningur nýrra kjarasamninga á að hefjast í byrjun árs 2014, þar sem stefnt verði að samningum til lengri tíma. Nýgerðir

kjarasamningar eru svokallaðir aðfarasamningar eða „vopnahlé“ eins og forseti ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson, kys að kalla samningana. Fróðlegt verður að fylgjast með undirbúningi kjarasamninga á nýju ári og ekki síst hvernig til tekst með nýtt íslenskt kjarasamningslíkan sem boðað er og hvaða breytingar það kunni að hafa í för með sér. Fátt virðist benda til þess að sú hefð sem komin er á varðandi samráð við kjarasamningagerðina breytist á næstunni og áfram getum við átt von á að sjá og heyra í fjölmiðlum í aðdraganda kjarasamninga, að lítið þokist í samkomulagsátt og að beðið sé eftir ríkisstjórninni.

## Heimildaskrá

### Prentað mál

- Aðalbjörg Lúthersdóttir. (2009). *Miðstýrð og valddreifð kjarasamningsgerð. Fyrirtækjapáttur kjarasamnings*. Óbirt MS-ritgerð: Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild.
- ASÍ. (1964). *Skýrsla forseta um Alþýðusamband Íslands fyrir starfsárin 1961 - 1964*. Reykjavík: Björn Jónsson hf. (seinna Ísafoldarprentsmiðja).
- ASÍ. (1968). *Skýrsla forseta um Alþýðusamband Íslands fyrir starfsárin 1965 - 1968*. Reykjavík: Björn Jónsson hf. (seinna Ísafoldarprentsmiðja).
- ASÍ. (1972). *Skýrsla forseta um Alþýðusamband Íslands fyrir starfsárin 1969 - 1972*. Reykjavík: Björn Jónsson hf. (seinna Ísafoldarprentsmiðja).
- ASÍ. (2000). *Skýrsla forseta um Alþýðusamband Íslands árið 2000*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- ASÍ. (2002). *Skýrsla forseta um Alþýðusamband Íslands árið 2002*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- ASÍ. (2003). *Skýrsla forseta um Alþýðusamband Íslands árið 2003*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- ASÍ. (2004). *Skýrsla forseta um Alþýðusamband Íslands árið 2004*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- ASÍ. (2005). *Skýrsla forseta um Alþýðusamband Íslands árið 2005*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- ASÍ. (2006). *Skýrsla forseta um Alþýðusamband Íslands árið 2006*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- ASÍ. (2007). *Skýrsla forseta um Alþýðusamband Íslands árið 2007*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- ASÍ. (2008). *Skýrsla forseta um Alþýðusamband Íslands árið 2008*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- ASÍ. (2009). *Skýrsla forseta um Alþýðusamband Íslands árið 2009*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- ASÍ. (2010). *Skýrsla forseta um Alþýðusamband Íslands árið 2010*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

- ASÍ. (2011). *Skýrsla forseta um Alþýðusamband Íslands árið 2011*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- ASÍ. (2013). *Skýrsla forseta um Alþýðusamband Íslands árið 2013*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Árni H. Kristjánsson. (2009). *Þjóðarsáttin 1990. Forsagan og goðsögnin*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Hugvísindadeild.
- Bean, R. (1994). *Comparative Industrial Relations, an introduction to cross-national perspectives* (2. útgáfa). London: Routledge.
- Blyton, P. og Turnbull, P. (1998). *The Dynamics of Employee Relations* (2. útgáfa). Basingstoke: Macmillan.
- Brugiavini, A., Ebbinghaus, B., Freeman, R., Garibaldi, P., Holmlund, B., Schludi, M. og Verdier, T. (2001). What do unions do to the welfare states? Í T. Boeri, A. Brugiavini og L. Calmfors (ritstjórar), *The role of unions in the twenty-first century*. A report for the Fondazione Rodolfo De Benedetti. Oxford: University press.
- Calmfors, L., Booth, A., Burda, M., Checchi, D., Naylor, R. og Vissler, J. (2001). The future of collective bargaining in Europe. Í T. Boeri, A. Brugiavini og L. Calmfors (ritstjórar), *The role of unions in the twenty-first century* (bls. 1-155). A report for the Fondazione Rodolfo De Benedetti. Oxford: University press.
- Calmfors, L. og Driffill, J. (1988). Bargaining structure, corporatism and macroeconomic performance. *Economic Policy*, 16-61.
- Clegg, H. (1976). *Trade unionism under collective bargaining. A theory based on comparisons of six countries*. Oxford: Blackwell.
- Cooper, R.D. og Schindler, S.P. (2011). *Business research methods*. (11. útgáfa). New York: McGraw-Hill. (Fyrsta útgáfa kom út árið 1976).
- Crouch, C. (1982). *Trade unions: The logic of collective action*. London: Fontana Press.
- Egill Þórarinsson. (2012). *Húsnæðisstefna og uppbygging lítilla íbúða á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2003 - 2008*. Óbirt MS-ritgerð: Landbúnaðarháskóli Íslands, Umhverfiseild.
- Farnham, D. og Pimlott, J. (1995). *Understanding Industrial Relations*. (5. útgáfa). London: Cassel.
- Friðrik Friðriksson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson. (2010). Lög á verkföll á Íslandi 1985 - 2010. Um forsendur lagasetningar. *Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit*, 6(2), 151-183. Sótt 5. júlí 2013 af <http://skemman.is/stream/get/1946/9129/24021/1/a.2010.6.2.2.pdf>.
- Guðmundur Magnússon. (2004). *Frá kreppu til þjóðarsáttar; Saga Vinnuveitendasambands Íslands 1934 til 1999*. Reykjavík: Samtök atvinnulífsins.



- Gunnar Helgi Kristinsson. (2006). *Íslenska stjórnkerfið*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson. (2008). Vinnulöggjöfin (lög nr. 80/1938) í 70 ár. *Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit* 4(2), 181-204. Sótt 29. júní 2013 af <http://skemman.is/stream/get/1946/8980/23950/1/a.2008.4.2.4.pdf>.
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson. (2009). Samskipti á vinnumarkaði - stéttarfélag. Sótt 6. júlí 2013 af [http://ibr.hi.is/sites/ibr.hi.is/files/samskipti-a-vinumarkadi\\_gylfi-dalman.pdf](http://ibr.hi.is/sites/ibr.hi.is/files/samskipti-a-vinumarkadi_gylfi-dalman.pdf).
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Eiríkur Hilmarsson. (2009). *Gátt: Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 18-24. Sótt 15. september 2013 af [http://www.frae.is/files/G%C3%A1tt%202009\\_GDA%20og%20EH\\_018-024\\_1519669410.pdf](http://www.frae.is/files/G%C3%A1tt%202009_GDA%20og%20EH_018-024_1519669410.pdf).
- Haukur Sigurðsson. (2008). *Með seiglunni hefst það. Saga Benedikts Davíðssonar*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Ingibjörg Eðvaldsdóttir. (2009). *Þróun kjarasamninga VR og VS/SA 1977 - 2008*. Óbirt MS-ritgerð: Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild.
- Katrín Ólafsdóttir. (2008). *Er íslenskur vinnumarkaður sveigjanlegur?* Þýðing á fyrsta kafla doktorsritgerðar höfundar við Cornell University. Sótt 24. júlí 2013 af [http://www.ru.is/publications/SoB/Er-islenskur-vinumarkadur-sveigjanlegur\\_2008.pdf](http://www.ru.is/publications/SoB/Er-islenskur-vinumarkadur-sveigjanlegur_2008.pdf).
- Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum. (2013). Sótt 27. júní 2013 af [http://www.sa.is/files/Kjarasamningar%20og%20vinnu%20markadur%20og%20vinnu%20markadur%20Norurlondum%20High\\_1073648983.pdf](http://www.sa.is/files/Kjarasamningar%20og%20vinnumarkadur%20og%20vinnu%20markadur%20Norurlondum%20High_1073648983.pdf).
- Kjartan Emil Sigurðsson. (2002). Upphaf „félagsmálapakka“. Húsnæðismál og kjarasamningar árin 1964 og 1965. *Saga*. 40(1), 117-149. Sótt 7. nóvember 2013 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=338254&pageId=5324135&lang=is&q=Upphaf%20f%20E9lagism%20E1lapakka](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=338254&pageId=5324135&lang=is&q=Upphaf%20f%20E9lagism%20E1lapakka).
- Lára V. Júlíusdóttir. (1995). *Stéttarfélag og vinnudeilur*. Reykjavík: Alþýðusamband Íslands.
- Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum* nr. 46/1980 með áorðnum breytingum. Tóku gildi 1. janúar 1981.
- Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda* nr. 55/1980.
- Lög um stéttarfélag og vinnudeilur* nr. 80/1938 með áorðnum breytingum 70/1954, 33/1978, 10/1983, 91/1991, 75/1996, 83/1997, 20/2001, 162/2010 og 126/2011.
- Marina, O. (2001). Corporatism goes global: International organizations, nongovernmental organization networks, and transnational business. *Global governance*, 7(3), 265-283. Sótt 1. september 2013 af <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?sid=eb77d074-cd28->

429d80cd4b4a73aae5c0%40sessionmgr4&vid=2&hid=24&bdata=JnNpdGU9ZWVhc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=buh&AN=5446090.

Poole, M. (1986). *Industrial Relations: Origins and patterns of national diversity*. London, Boston: Routledge og Kegan Paul.

Rose, E. (2004). *Employment Relations*. (2. útgáfa). Harlow: Prentice Hall.

Salamon, M. (2000). *Industrial Relations. Theory and practice*. (4.útgáfa). Harlow : Prentice Hall.

Salamon, M. (2003). Collective bargaining. Í G. Hollinshead, P. Nicholls og S. Tailby (ritstjórar), *Employee relations* (bls. 343-369), (2. útgáfa). Harlow: Prentice Hall.

Sigríður Þrúður Stefánsdóttir. (2004). *Þróun sí- og endurmenntunar í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði á Íslandi 1990 - 2004*. Óbirt MS-ritgerð: Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild.

Stefanía Óskarsdóttir. (2007). Meirihluti og margræði. Ríkisstjórnarmyndanir 1939 - 1959. *Stjórnsmál og stjórnsýsla veftímarit*, 3(1), 43-62. Sótt 25. ágúst 2013 af <http://skemman.is/stream/get/1946/8908/23740/1/a.2007.3.1.2.pdf>.

Stemler, S. (2001). An overview of content analysis. Practical assessment, research og evaluation. 7(17). Sótt 29. október 2013 af <http://pareonline.net/getvn.asp?v=7&n=17>.

Sumarliði R. Ísleifsson. (2013a). *Í samtök: Saga Alþýðusambands Íslands* (1. bindi). Reykjavík: Forlagið.

Sumarliði R. Ísleifsson. (2013b). *Til velferðar: Saga Alþýðusambands Íslands* (2. bindi). Reykjavík: Forlagið.

VR. (1972). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1971 - 1972*. Reykjavík: VR.

VR. (1973). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1972 - 1973*. Reykjavík: VR.

VR. (1974). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1973 - 1974*. Reykjavík: VR.

VR. (1975). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1974 - 1975*. Reykjavík: VR.

VR. (1976). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1975 - 1976*. Reykjavík: VR.

VR. (1977). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1976 - 1977*. Reykjavík: VR.

VR. (1978). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1977 - 1978*. Reykjavík: VR.

VR. (1979). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1978 - 1979*. Reykjavík: VR.

VR. (1980). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1979 - 1980*. Reykjavík: VR.

VR. (1981). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1980 - 1981*. Reykjavík: VR.

VR. (1982). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1981 - 1982*. Reykjavík: VR.

VR. (1983). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1982 - 1983*. Reykjavík: VR.

VR. (1984). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1983 - 1984*. Reykjavík: VR.

VR. (1985). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1984 - 1985*. Reykjavík: VR.

VR. (1986). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1985 - 1986*. Reykjavík: VR.

VR. (1987). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1986 - 1987*. Reykjavík: VR.

VR. (1989). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1988 - 1989*. Reykjavík: VR.

VR. (1990). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1989 - 1990*. Reykjavík: VR.

VR. (1991). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1990 - 1991*. Reykjavík: VR.

VR. (1993). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1992 - 1993*. Reykjavík: VR.

VR. (1994). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1993 - 1994*. Reykjavík: VR.

VR. (1995). *Skýrsla stjórnar V.R. fyrir starfsárið 1994 - 1995*. Reykjavík: VR.

VR. (1996). *Skýrsla stjórnar VR fyrir starfsárið 1995 - 1996*. Reykjavík: VR.

VR. (1997). *Skýrsla stjórnar VR fyrir starfsárið 1996 - 1997*. Reykjavík: VR.

Þórdís Ingólfssdóttir. (2008). *Kjarapróun hjúkrunarfræðinga og samskipti á vinnumarkaði*. Óbirt MS-ritgerð: Háskóli Íslands, Viðskiptafræðideild.

### **Vefsíður**

ASÍ-a. (e.d.). Saga verkalýðshreyfingarinnar. Sótt 5. september 2013 af [http://asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-72/114\\_read-171/](http://asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-72/114_read-171/).

ASÍ-b. (e.d.). Lög Alþýðusambands Íslands. Sótt 8. september 2013 af [http://asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-58/152\\_read-634/](http://asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-58/152_read-634/).

ASÍ-c. (e.d.). Friðarskylda. Sótt 4. október 2013 af [http://asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-218/289\\_read-524/](http://asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-218/289_read-524/).

ASÍ-d. (e.d.). Kjarasamningar. Sótt 11. september 2013 af [http://asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-202/273\\_read-515/](http://asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-202/273_read-515/).

ASÍ-e. (e.d.). Aðild að kjarasamningi. Sótt 10. september 2013 af [http://asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-211/282\\_read-516/](http://asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-211/282_read-516/).

ASÍ-f. (e.d.). Efni kjarasamninga. Sótt 25. ágúst 2013 af [http://asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-212/283\\_read-517/](http://asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-212/283_read-517/).

- ASÍ-g. (e.d.). Alþýðusamband Íslands. Sótt 24. júlí af [http://asi.is/PortalData/1/Resources/um\\_asi/ASÍhvader\\_okt2007.pdf](http://asi.is/PortalData/1/Resources/um_asi/ASÍhvader_okt2007.pdf).
- ASÍ-h. (e.d.). Aðalkjarasamningur. Sótt 11. september 2013 af [http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-27/28\\_read-59/](http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-27/28_read-59/).
- ASÍ-i. (e.d.). Fyrirtækjasamningur. Sótt 12. september 2013 af [http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-312//tabid-27/34\\_read-85/](http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-312//tabid-27/34_read-85/).
- ASÍ-j. (e.d.). Stéttarfélag-skilgreining og skipulag. Sótt 12. september 2013 af [http://asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-201/272\\_read-509/](http://asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-201/272_read-509/).
- ASÍ-k. (e.d.). Miðlunartillaga. Sótt 1. desember 2013 af [http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-220/291\\_read-527/](http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-220/291_read-527/).
- ASÍ-l. (21. desember 2013). Búið að undirrita kjarasamninga. Sótt 22. desember 2013 af [http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-2/19\\_read-3986](http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-2/19_read-3986).
- ASÍ-m. (e.d.). Kjarasamningur. Sótt 22. desember 2013 af [http://www.asi.is/Portaldata/1/Resources/kjarasamningar/Kjarasamningur\\_21.12\\_2013.pdf](http://www.asi.is/Portaldata/1/Resources/kjarasamningar/Kjarasamningur_21.12_2013.pdf).
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (21. desember 2013). Ákvarðanir ríkisstjórnar í tengslum við niðurstöðu kjaraviðræðna. Sótt 22. desember 2013 af <http://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/nr/17501>.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Sótt 16. september 2013 af <http://hagstofa.is/Hagtolur/Laun,-tekjur-og-vinumarkadur>.
- Ríkissáttasemjari (e.d.). Sótt 12. september 2013 af <http://rikissattasemjari.is/page/ordskyringar>.
- SA-a. (e.d.). Þetta eru Samtök atvinnulífsins. Sótt 5. október 2013 af <http://www.sa.is/um-sa/almennt/>.
- SA-b. (e.d.). Samstarf við stjórnvöld. Sótt 5. október 2013 af <http://www.sa.is/um-sa/almennt/hvernig-starfa-sa/>.
- SA-c. (e.d.). Sjö aðildarfélag SA. Sótt 7. nóvember 2013 af <http://www.sa.is/page.asp?id=528>.
- Seðlabanki Íslands. (e.d.). Sveigjanleiki og stofnanaumhverfi vinnumarkaðar. Sótt 21. september 2013 af <http://sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=89ce967e-0041-11e2-958d-001ec9ed9436>.
- Starfsendurhæfingarsjóður. (e.d.). Hlutverk og stefna. Sótt 28. janúar 2013 af [http://virk.is/page/hlutverk\\_og\\_stefna](http://virk.is/page/hlutverk_og_stefna).

Vísir netútgáfa (10. júní 2010). (ASÍ segir sig frá stöðugleikasáttmálanum). Sótt 1. desember 2013 af <http://www.visir.is/section/MEDIA99&fileid=VTV06AEF60F-E3E4-48B8-A995-548CEAA5E1F2>.

Þjóðskrá Íslands-a. (e.d.). Aðilar vinnumarkaðarins. Sótt 24. júlí 2013 af <http://www.island.is/atvinnulif/vinumarkadur/adilar-vinumarkadar/>.

Þjóðskrá Íslands-b. (e.d.). Vinnumarkaður. Sótt 24. júlí 2013 af <http://www.island.is/atvinnulif/vinumarkadur/>.

Þjóðskrá Ísland-c. (e.d.). Stéttarfélög. Sótt 19. ágúst 2013 af <http://www.island.is/atvinnulif/launafolk/stettarfelog>.

Þjóðskrá Ísland-d. (e.d.). Stéttarfélög. Sótt 17. september 2013 af <http://www.island.is/atvinnulif/vinumarkadur/kjarasamningar>.